

Stefán Ólafsson

Búseta á Íslandi

Byggðastofnun
Nóvember 1997

Rannsókn á orsökum búferlaflutninga

Formáli

I. hluti: UM BÚSETU OG BÚFERLAFLUTNINGA

Inngangur: Um rannsóknina

Kafli I: Rannsóknir á búferlaflutningum

I.1. Búferlaflutningar í fortíð, nútíð og framtíð

I.2. Kenningar um aðráttarafl stærðarinnar

I.3. Kenningar um val einstaklinga

I.4. Reyntslukenningar um einkenni fólks sem flytur

I.5. Fyrra rannsóknir á búferlaflutningum á Íslandi

2. Búseta og búferlaflutningar á Íslandi

II. hluti: Hugarfar og búferlaflutningar

III. hluti: Niðurstöður

Viðauki I:

EFNISYFIRLIT

Formáli

Seinni hluta árs 1996 var gerður samningur milli Byggðastofnunar og Stefáns Ólafssonar um að sá síðarnefndi hannaði og stýrði rannsókn á orsökum búferlaflutninga á Íslandi. Markmiðið var að beita fræðilegum vinnubrögðum og afla nýrra gagna til að varpa sem skýrustu ljósi á viðfangsefnið. Að hálfu Byggðastofnunar var lögð á það áhersla að framkvæmd kannana sem verkefninu kynnu að tengjast væri boðin út á vegum Ríkiskaupa.

Undirbúningur hófst strax með könnun fyrirbyggjandi efnis, kenninga og rannsókna á fræðasviðinu og með athugun á fyrra rannsóknum á byggðapróun hér á landi. Þá voru einnig athuguð tiltæk opinber gögn um búferlaflutninga, fólksfjöldaþróun, atvinnulíf, atvinnuþróun og byggðamál almennt. Umsjónarmaður verkefnisins hafði starfað að skýrslugerð um atvinnulíf og byggðamál hjá Framkvæmdastofnun ríkisins með námi sínu á árunum 1974-1978 og naut nú þeirrar reynslu sem þá var aflað.

Ákveðið var að freista þess að þróa nýja aðkomu að viðfangsefninu þar sem gengið væri út frá sjónarhóli íbúanna sjálfra í einstökum landshlutum, í stað þess að beina einkum sjónum að atvinnulífi eða hinu opinbera. Forsenda þessarar aðkomu að efninu er sú, að búferlaflutningar eru afleiðing af ákvarðanatöku einstaklinga og fjölskyldna, þar sem til grundvallar liggur mat á búsetuskilyrðum og aðstæðum á upprunastað og hugsanlegum áfangastað. Fólkið vegur og metur kosti og galla, með hliðsjón af markmiðum sínum og getu, þegar ákvarðanir um búsetu eru teknar. Hugarfar eða ríkjandi lífsskoðun og gildismat skiptir því miklu máli fyrir ákvarðanatökuna og útkomuna. Því var talið nauðsynlegt að kanna hug almennings til búsetuskilyrða í öllum byggðarlögum landsins og tengja þær upplýsingar við gögn um þróun búferlaflutninga, fólksfjölda og atvinnulífs.

Boðin var út framkvæmd tveggja kannana, Landshlutakönnun búsetuskilyrða annars vegar og hins vegar Könnun meðal brottfluttra, þ.e. meðal fólks sem flutt hafði milli landshluta á tímabilinu 1992 til ársloka 1996. Úrtak fyrra könnunarinnar var 1800 manns en þeirrar seinni 1000 manns. Kannanirnar voru framkvæmdar vorið 1997.

Tekið var kvótaúrtak úr hverju kjördæmi á landsbyggðinni, 200 manns á aldrinum 18-75 ára. Höfuðborgarsvæðið var meðhöndlað sem ein heilld, frá Kjós til Hafnarfjarðar og tekið tvöfalt úrtak þaðan. Hagvangur h.f. átti lágsta tilboð í söfnun gagnanna og annaðist þann þátt, en starfslið Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands lagði hönd á plóginn við frágang gagnanna og tölvuvinnslu.

Höfundur þakkar Sigurði Guðmundssyni á Byggðastofnun fyrir yfirllestur handrits og gagnlegar ábendingar. Guðmundi Malmquist forstjóra og öðru starfsfólki og stjórn Byggðastofnunar eru þökkuð holl ráð og gott samstarf, og Hagvangi h.f. sömuleiðis. Kristni Jóni Arnarsyni félagsfræðingi er þökkuð aðstoð við undirbúning rannsóknarinnar og sérstaklega þakkar höfundur Karli Sigurðssyni og Steinunni Gestsdóttur sérfræðingum á Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir aðstoð við úrvinnslu kannanagagnanna. Karl Sigurðsson las einnig yfir lokahandrit bókarinnar og veitti gagnlegar ábendingar. Láru Sturludóttur er loks þakkaður prófarkalestur handrits.

Ályktanir eða skoðanir sem fram kunna að koma í ritinu ber ekki að túlka sem sjónarmið Byggðastofnunar. Allir annmarkar eru á ábyrgð höfundar.

I. HLUTI: UM BÚSETU OG BÚFERLAFLUTNINGA

Inngangur: Um rannsóknina

Kafla I: Rannsóknir á búferlaflutningum

Kenningar um orsakir búferlaflutninga og reynsla annarra þjóða

I.1. Búferlaflutningar í fortíð, nútíð og framtíð


Flutningur fólks úr sveit í borg og sívaxandi þéttbýlismyndun hvers konar er eitt af megineinkennum þeirra þjóðfélagsbreytinga sem fylgt hafa tilurð iðnríkisins og innreið nútímalegra þjóðfélagsáhrifa almennt, hvar sem er í heiminum. Samanburðarrannsóknir á þjóðfélags-breytingum er tengst hafa iðnvæðingu og nútímavæðingu sýna umtalsverða reglu á þeim ferlum sem þróuninni til nútímahátta fylgja. Þar fara saman breytingar á atvinnuháttum og tækni, fólksfjölda, búsetumynstrum, stéttaskiptingu, stjórnámálum, lífskjörum, lífsháttum, menningu og hugarfari. [1](#)

Nýir atvinnuhættir iðnríkisins kölluðu á breytta skipan vinnu og vinnustaða, aukna stærð vinnustaða og verksmiðjuframleiðslu, sem í sinn þurfti aukinn fjölda og aukna samþjöppun vinnuafis um leið og aukin afköst í framleiðslu hvers konar kölluðu á stærri markaðssvæði. Þetta hefur alls staðar kallað fram þéttbýlismyndun, þó með

misjöfnum hraða hafi verið. Þannig hefur tilurð stórborga alls staðar fylgt iðnvæðingunni, sem og aukinn fjöldi minni þéttbýlisstaða hvers konar. Samhliða vexti iðnaðar og aukinni tækninotkun hefur hlutverk landbúnaðar sem vettvangs fyrir lífsviðurværi almennings minnkað og því hefur íbúum í sveitum fækkað, enda færri bændur þess megnugir að fullnægja þörfum þjóðanna fyrir landbúnaðarafurðir.

Ein frægasta kenningin um tengsl félagslegra þátta og iðnvæðingar er "kenningin um breytingaskeið fólksfjöldans" (the demographic transition theory)². Sú kenning er til orðin sem lýsing á nær algildri reynslu nútímaþjóðanna sem þróast hafa frá landbúnaðarþjóðfélagi til iðnríkis og síðan til þjónustupjóðfélags (upplýsingaþjóðfélags). Alls staðar hefur þessu þróunarmynstri fylgt mjög aukin fólksfjölgun á fyrsta stigi iðnvæðingarinnar, einkum vegna þess að dauðsföllum fækkaði hlutfallslega og ævilengd jókst í kjölfar bættra lífskjara og framþróunar heilbrigðisþjónustu, sem aukin hagsæld gerði mögulega. Þetta varð án þess að tíðni fæðinga ykist að neinu marki. Síðar þegar iðnríkið var komið vel á veg dró úr fólksfjölguninni, en þá vegna minnkandi tíðni fæðinga. Fólk í hagsældarríkjunum kaus í auknum mæli að eiga færri börn. Síðan hefur á allra síðustu áratugum borið á því í nokkrum iðnríkjum að jafnvel hefur dregið til fólksfækkunar vegna breyttrar aldurssamsetningar fólksfjöldans (hlutfallslegrar fækkunar fólks á barneignaraldri) samhliða lágri tíðni fæðinga hjá yngra hjónafólki sem gjarnan hefur tengst aukinni atvinnuþátttöku giftra kvenna. Þetta síðastnefnda atriði virðist þó ekki líklegt til að verða að reglu, því tíðni fæðinga hefur almennt ekki haldið áfram að lækka með reglubundnum hætti. Þessi almenna þróun hefur sýnt sig að vera nokkuð algild meðal þróaðra þjóða, þó mjög misjafnt sé milli landa hvernig tímasetningum einstakra breytinga hefur verið háttáð.

Hvað búferlaflutninga innan þjóðríkja snertir þá hefur W. Zelinsky sett fram samsvarandi kenningu um tengsl meginmynstra búferlaflutninga við þróun þjóðfélaga frá landbúnaðarþjóðfélagi til iðnríkis og síðar til upplýsingaþjóðfélags (þjónustupjóðfélags)³. Þessi kenning, eða tilgáta, er sýnd á mynd I.1.



Mynd I.1: Módel Zelinskys af almennri þróun búferlaflutninga frá landbúnaðarþjóðfélagi til upplýsingaþjóðfélags. [4](#)

Samkvæmt þessu voru búferlaflutningar í landbúnaðarþjóðfélaginu mestir milli sveita, en þó var þá þegar nokkuð farið að bera á flutningum til þéttbýlisstaða og borga. Með tilkomu iðnvæðingar verður flutningur úr sveit í borg hins vegar ríkjandi einkenni

búferlaflutningamynstranna, sem skyggir á alla aðra þætti búferlaflutninga. Þegar þéttbýlismyndun er komin vel á veg tekur við sívaxandi flutningur milli þéttbýlisstaða (frá minni stöðum til stærri staða, og einnig milli minni staða innbyrðis). Í nútímanum er þessi þáttur flutninga oft orðinn umtalsvert meiri að umfangi en flutningur úr sveit eða dreifbýli í bæ og borg.

Síðan er sérstaklega athyglisvert við þessa kenningu Zelinskys að skoða þær vísbendingar sem fram koma um þróun búferlaflutninga í þjónustupjódfélagi eða upplýsingapjódfélagi nútímans og næstu framtíðar. Þar virðist reynsla síðustu tveggja til þriggja áratuga í þróuðustu ríkjunum benda til þess að úr flutningum frá dreifbýli til borga dragi og í staðinn komi síaukinn flutningur frá stærri borgum til smærra þéttbýlis og sveita sem eru innan seilingar við borgirnar (counter-urbanization).

Þessi nýja stefna í búferlaflutningum, frá þéttbýli til dreifbýlis eða frá stærra þéttbýli til smærra þéttbýlis (samhliða áframhaldandi miklum flutningum almennt milli þéttbýlisstaða innbyrðis), virðist hafa byrjað í löndum eins og Bretlandi, Bandaríkjunum og Niðurlöndum á sjöunda áratugnum, en síðan breiðst út hægt og sígandi um allan hinn vestræna þróaða heim.⁵ Þessarar þróunar hefur einnig gætt að nokkru leyti í Svíþjóð, Danmörku og Noregi frá og með áttunda áratugnum.⁶ Þarna er um að ræða flóttu frá stærstu borgunum sem virðist einkum orsakast af **versnandi lífsskilyrðum í stórborgunum** (vaxandi umferðarþunga, vaxandi tíðni glæpa, hnignun híbýla samhliða hækkandi kostnaði við húsnæði, takmarkandi skilyrðum til barnaupveldis o.fl. sl.), **nýsköpun atvinnulífs utan stórborgarsvæðanna** (einkum í millistóru þéttbýli sem staðsett er tiltölulega nálægt stórborgarsvæðum eða í almennum þjóðbrautum alþjóðlega viðskiptalífsins), og loks af **hugarfarsbreytingum almennings** (einkum vaxandi kröfum fjölskyldufólks um barnvænna umhverfi, auk almennrar umhverfishyggu og breyttra lífsgilda). ⁷

Þessir þættir umbreytinga í mynstri búferlaflutninga sem fram koma í módeli Zelinskys hér að ofan, eru því raunverulegir í þeim skilningi að þeirra hefur séð merki í mörgum nágrannalandanna á síðustu tveimur til þremur áratugum, einkum þar sem ágallar eldri stórborga hafa verið að ágerast. Þó er rétt að benda á það að slíkar breytingar gerast ekki á einfaldan eða einsleitán hátt, því alltaf er fyrir hendi einhver tilhneiging til gagnvirkra áhrifa, til dæmis verður einnig endurnýjun og nýsköpun í sumum stórborgum sem skapar ný skilyrði fyrir fólk úr þeim þjóðfélagshópum (efnaðara fjölskyldufólk) sem helst væri líklegt til að flytja út fyrir borgarmörkin og ferðast langt til að stunda vinnu í borginni.⁸ Flutningamynstrin innan þróuðu landanna verða því líklega fjölþættari en áður hefur verið um leið og úr einstefnunni frá sveit í borg dregur.

Athyglisvert er að kanna hvort slíkir þróunarstraumar þéttbýlu nútímaþjóðfélaganna eigi sér samsvörun á Íslandi nútímans. Eins og fram kemur síðar í riti þessu eru enn sem komið er lítil merki þess, enda virðast ríkjandi einkenni búferlaflutninga innan Íslands vera mjög í anda þess sem einkenndi vestrænu iðnríkin á tímabilinu fyrir 1970. Það kemur fram í því að flutningur frá dreifbýli landsbyggðarinnar (sveitum og smærra þéttbýli) til stærsta þéttbýlissvæðisins (höfuðborgarsvæðisins) yfirskyggir alla aðra þætti búferlaflutninga, utan flutninga innan sama sveitarfélags sem betur væru kallaðir húsnæðisskipti en búferlaflutningar. Hins vegar er það athyglisverð spurning hvort skilyrði séu hér á landi til þess að slíkir straumar frá höfuðborgarsvæði til sveita og smærra þéttbýlis innan seilingar við höfuðborgarsvæðið, eða annars staðar á

landsbyggðinni, verði til á næstu árum. Svar við þeirri spurningu verður ljósara í lok ritsins.

Hjá flestum þjóðum hefur miklum búferlaflutningum innanlands fylgt umrót og tilkostnaður. Auk þess hafa stjórnvöld og íbúar svæða sem tapa fólki, gjarnan haft áhyggjur af þeirri þróun og ýmis meðul því verið tilreidd til að halda aftur af brottflutningi, ýmist í formi sértækrar byggðastefnu eða almennrar atvinnu- og þjónustustefnu. Sænski þjóðfélagsfræðingurinn Gunnar Myrdal setti fram fræga kenningu sem kölluð hefur verið "kenningin um miðsvæðið og jaðarinn" (center-periphery theory)⁹. Sú kenning gerir ráð fyrir því að misjöfn samkeppnistaða svæða magnist upp með búferlaflutningum og stuðli að misvægi í þjóðarbúskap innanlands. Það er hugsað þannig að þau svæði sem blómstra í atvinnu- og viðskiptalegu tilliti dragi að sér vöru, fé, þekkingu og fólk. Aukinni fólksfjölgun fylgja svo snjóboltaáhrif áframhaldandi vaxtar og aukinna tækifæra. Þar með er kominn af stað sjálfvirkur ferill búferlaflutninga til slíkra svæða sem teljast miðsvæði (centers), og venjulega eru eða verða fljótlega stórborgir. Hugsun Myrdals er sú, að þau svæði sem tapa fólki til miðsvæðisins (eins eða fleiri slíkra) tapi öðru fremur yngra fólki sem og þeim hluta íbúanna sem eru betur menntaðir og metnaðarfyllri. Eftir sitji á jaðarsvæðunum sá hluti íbúanna sem hefur minni hæfni og minni framleiðni, en miðsvæðin njóti hins vegar innflytjendanna að sama skapi og magni þeir því áfram upp mun sem ef til vill var upphaflega milli viðkomandi svæða. Þannig hugsar Gunnar Myrdal sér að mannaúður miðsvæðisins eða miðsvæðanna batni vegna búferlaflutninga og að auður jaðarsvæðanna rýrni að sama skapi.

Ýmis dæmi eru um að þetta hafi átt við um svæðislega þróun á gullöld iðnríkisins, en hins vegar hefur ekki verið sýnt að þetta eigi sjálfkrafa við á öllum svæðum, til dæmis innan Norðurlandanna. Á hinn bóginn bendir kenning Zelinskys, sem að framan var greint frá, til þess að í nútímanum og á næstu áratugum geti slík þróun verið að snúast við. Hvað sem þessu líður, og við munum hafa meira að segja um þessa kenningu síðar í ritinu, þá má segja að óttinn við slíka framvindu eins og Gunnar Myrdal lýsir er oftast en ekki undirrótin að miklum áhyggjum manna vegna búferlaflutninga milli svæða innanlands, og að sama skapi hvati til sérstakra stjórnvaldsaðgerða til að stemma stigu við brottflutningi frá einstökum svæðum.

Módel Zelinskys lýsir almennum mynstrum búferlaflutninga á megin þróunarskeiðum vestrænna þjóðfélaga á síðustu tveimur öldum. En hvaða kenningar hafa menn sett fram til að skýra nánar orsakir búferlaflutninga milli landshluta innan þjóðríkja? Hér á eftir verða helstu slíkar kenningar kynntar. Í seinni hluta bókarinnar verða niðurstöður rannsókna okkar á búferlaflutningum milli landshluta á Íslandi settar í samhengi við þessar kenningar. Það er vænleg leið til að afla skilnings á búferlaflutningum. Slíkur skilningur er nauðsynlegur til að móta skynsamlega stefnu landsmanna í búsetumálum, bæði á vettvangi landsstjórnarinnar og á vettvangi einstakra byggðarlaga.

I.2. Kenningar um aðdráttarafl stærðarinnar

Elsta kenningin um búferlaflutninga er líklega sú sem að hluta er byggð á þyngdarlögmáli eðlisfræðingsins Newtons (Classical gravity model). Í þessu kenningasjónarhorni er mest lagt upp úr annars vegar áhrifum stærðar byggðakjarna og hins vegar áhrifum fjarlægðar milli staða á búferlaflutningu. Hugsunin er sú, að

smáir staðir tapi fólki til stærri staða og að fjarlægð ráði því hvaða stærri staðir orki á þá minni (líkingin við eðlisfræðina er þá sú að stærri massi dragi að sér minni massa sem er innan áhrifasviðs aðdráttaraflsins). Fyrsta formlega útfærsla slíkrar kenningar er líklega frá E. Ravenstein sem árið 1885 birti greiningu á búferlaflutningum sem byggð var á gögnum breskra manntala á 19. öldinni.

Niðurstaða Ravensteins var sú, að flestir þeir sem flytja búferlum fari tiltölulega stuttar vegalengdir og stefni í öllu falli til stærstu miðstöðva iðnaðar og verslunar sem innan seilingar eru. Þannig sé það alls staðar í landinu, að íbúar dreifbýlis sem er í nálægð við blómstrandi þéttbýli flykkist þangað. Tómið sem þeir skilja eftir sig fyllist svo með aðflutningi fólks frá enn dreifbýlli eða fjarlægari stöðum. Þannig hafi vöxtur nýrrar borgar keðjuverkandi áhrif út á ystu nes landsins, þó svo að stærðargráða flutninganna sé háð vegalengd. Þá benti Ravenstein á það að sérhverjum stórum straumi búferlaflutninga fylgdi straumur í gagnstæða átt, þó minni væri. Þeir sem flytja mestu vegalengdirnar fara oftast að eigin vali til stærstu miðstöðva iðnaðar og verslunar, sagði Ravenstein.¹⁰ Margt af niðurstöðum Ravensteins hefur fengið staðfestingu í seinni tíma rannsóknum.

G. Zipf setti fram kenningu árið 1949 sem er bein eftirlíking af þyngdarlögmáli Newtons. Hugsun hans var sú að flæði vara, upplýsinga og fólks lyti því sem hann kallaði "reglan um minnstu áreynslu". Flutningur milli tveggja byggðarlaga væri í beinu sambandi við stærð þeirra og í öfugu sambandi við fjarlægðina milli þeirra. Þannig gæfi fólksfjöldi á brottflutningsstað beina vísbendingu um vilja íbúa til að flytja brott (smærri staðir tengjast meiri brottflutningsvilja) og stærð mögulegra áfangastaða gæfi á hinn bóginn vísbendingu um mögulegt aðdráttarafl þeirra. Lengri vegalengd dregur hins vegar úr líkum á flutningi vegna aukins kostnaðar, meiri erfiðleika á að viðhalda tengslum við fólk á gamla staðnum, auk þess sem fjarlægari staðir eru meira framandi og þar með meira ógnvekjandi. Fjöldi rannsókna hefur sýnt fram á mikilvægi þess aðdráttarafls sem stærri borgir hafa, en hins vegar er samband vegalengdar og búferlaflutninga yfirleitt fjölbreytilegra en kenning Zipfs gerir ráð fyrir. Þannig getur aðdráttarafl stórborga oft yfirrunnið áhrif vegalengda.

Bandarískur félagssálfræðingur að nafni Stouffer setti árið 1940 fram kenningu með öðrum forsendum um áhrif vegalengdarinnar, með því að benda á að tækifæri á stöðum milli brottflutningsstaðar og fjarlægs draumastaðar hefðu sjálfstæð áhrif. Í framsetningu Stouffers hljóðar tilgátan þannig, að fjöldi fólks sem flytur tiltekna vegalengd (frá núverandi bústað til hugsanlegs áfangastaðar) er í beinu hlutfalli við fjölda tækifæra á viðkomandi stöðum, en í öfugu hlutfalli við fjölda tækifæra sem bjóðast á stöðum sem eru á milli viðkomandi staða. Dæmi um tækifæri sem Stouffer nefndi voru húsnæðisaðstæður, atvinna og umhverfi. Í seinni grein bætti Stouffer við áhrifum af samkeppni frá öðrum innflytjendum á einstökum svæðum. Með þessari kenningu hafa menn skýrt stóran hluta af búferlaflutningum milli borga í Bandaríkjunum, þannig að hún hefur mikið skýringargildi þar. ¹¹

Algengt er t.d. meðal hagfræðinga að tengja búferlaflutninga við virkni vinnumarkaða, og leita skýringa á búferlaflutningsmynstrum með tilvísunum í atvinnustig (atvinnuleysi-atvinnutækifæri) og tekjur. Við munum skoða áhrif slíkra vinnumarkaðsaðstæðna á búferlaflutninga á Íslandi síðar í ritinu, auk athugana á áhrifum annarra umhverfis-aðstæðna. ¹²

I.3. Kenningar um val einstaklinga

Kenningar um aðráttarafl stærri staða ganga flestar út frá því að flutningar séu þvingaðir að einhverju leyti, þ.e. að í umhverfisaðstæðunum sé að finna orsök þess að tilteknir einstaklingar flytja búferlum frá einum stað til annars. Mismunandi aðstæður í byggðarlögum leiða til þess að fólk flytur frá einum stað til annars. Betri tækifæri og betri lífskjör eru þá oftast forsendur sem að baki liggja, þ.e. að fólk geri upp á milli byggðarlaganna með tilliti til atvinnu og efnahagslegra kjara. Þó er algengt að rannsakendur sem vinna með umhverfisskýringarþætti sýni ekki hvernig fólk tekur ákvarðanir um búferlaflutninga, heldur lesi slíkar skýringar inn í niðurstöður sínar. Þetta er augljóslega takmarkandi aðkoma að leitinni að orsökum búferlaflutninga og því hafa ýmsir rannsakendur reynt að fara nær fólkinu sjálfu sem flytur búferlum eða fólki sem býr á stöðum sem hafa orðið fyrir miklum brottflutningi fólks og spyrja um markmið fólks og mikilvægi einstakra skýringarþátta (decision-making theories). Þannig er sjónum í meiri mæli beint að hegðun og hugarfari einstaklinga, í stað rannsókna á gögnum um umhverfisaðstæður (atvinnu og tekjur á vinnumarkaði, húsnæðisaðstæður, samgöngur o.fl.).

Ein athyglisverðasta kenningin af þessum toga er kenning E. Lees um mat fólks á aðstæðum á núverandi stað og væntanlegum áfangastað.¹³ Þessi kenning er í reynd útfærsla á grunnhugmyndum aðráttaraflskenna ("push-pull" áhrifa stærðar og vegalengda), en kostur hennar er sá að Lee beinir sjónum að hugarfari og mati einstaklinganna sjálfra. Þannig verður helsta rannsóknarefnið hvernig fólkið sjálft metur aðstæðurnar og hvernig það tengir mat sitt við markmið og væntingar sínar. Hugsun Lees er sú, að fólk meti umfang kosta, galla og hlutlausra þátta, annars vegar á upprunastað sínum (núverandi byggðarlagi) og hins vegar á væntanlegum áfangastað. Þetta felur í sér eins konar kostnaðar-og-ábatagreiningu (cost-benefit analysis), þar sem ekki er einungis fjallað um efnahagslega þætti heldur allar tegundir atriða sem skipta máli í lífi fólks (félagslegir þættir, efnahagslegir þættir, umhverfislegir þættir, sálrænir þættir o.fl.). Einnig dregur Lee athyglina að hindrunum sem máli skipta, líkt og Stouffer dró athyglina að áhrifum annarra staða milli byrjunar- og endastöðvar. Þannig er ekki lengur byggt á gefnum forsendum um hvað skipti fólk máli heldur verða óskir og væntingar fólks sjálfstætt rannsóknarefni sem síðan er tengt við reynslu svæðanna af búferlaflutningum.

Í rannsókn þeirri á orsökum búferlaflutninga á Íslandi sem frá verður greint í öðrum og þriðja hluta ritsins er bæði byggt á aðferðum í anda aðráttaraflskenna og kenninga um val einstaklinga. Þannig er reynt að nýta kosti beggja megin sjónarhornanna í rannsóknnum á orsökum búferlaflutninga. Þessu til viðbótar verður reynt að varpa frekara ljósi á viðfangsefnið með því að greina þjóðfélagshópaeinkenni þess fólks sem hefur flutt búferlum milli byggðarlaga á tilteknu árabili, sem og þess fólks sem hyggur á búferlaflutninga, fólks sem hefur hugleitt að flyta og fólks sem segist langa að flytja í annað byggðarlag. Rannsóknir á búferlaflutningum hafa ítrekað leitt í ljós tengsl milli nokkurra félagslegra einkenna og tíðni búferlaflutninga, og verður nú greint frá helstu þáttunum sem þar koma við sögu. Í lokakafla ritsins verður reynt að draga saman niðurstöður úr ólíkum áttum, frá ólíkum rannsóknaraðferðum, og renna þar með fleiri stöðum undir heildarniðurstöður verkefnisins.

I.4. Reynslukenningar um einkenni fólks sem flytur

Rannsóknir á búferlaflutningum í fjölda landa hafa leitt í ljós, að líkindi á því að fólk flytji búferlum eru ekki aðeins háð umhverfisaðstæðum (tækifærum í umhverfinu, nálægð við þéttbýli sem að öðru jöfnu býður upp á fleiri tækifæri en dreifbýlli svæði, eða mati fólks á umhverfisaðstæðum). Komið hefur í ljós að munur er milli þjóðfélagsþópa þannig, að fleiri flytja í sumum hópum en öðrum. Félagsleg einkenni skipta því miklu máli um það hvaða hlutar fólksfjöldans flytja búferlum. Umtalsverð regla hefur reynst gilda um nokkur slík atriði. Hér á eftir verður þeim helstu lýst sem fram hafa komið í rannsóknum á búferlaflutningum víða í heiminum.

I.4.1. Áhrif aldurs

Nær algilt er meðal þróaðra þjóða að tíðni búferlaflutninga er nátengd aldri. Það kemur þannig fram að tíðnin er mest meðal ungra uppkominna einstaklinga, einkum á aldursbilinu 20-35 ára. Hluti þessa fólks er með ung börn á framfæri sínu því flutningatíðni barna á aldrinum 0-9 ára er almennt hærri en hjá þeim sem eru 10-20 ára. Frá þrítugsaldri er tíðnin yfirleitt lækkandi fram að fimmtugu, er meiri stöðugleiki tekur við. Sums staðar er lítill aukning flutningatíðni meðal eftirlaunafólks umfram það sem er hjá fólki á aldrinum 50-65 ára, en þetta er þó mismunandi milli landa.

Slík hefur reglan á þessu reynst vera að lýðfræðingurinn A. Rogers hefur sett fram stærðfræðilegt líkan er lýsir mynstrinu og fellur ágætlega að reynslu margra þjóða.¹⁴ Þó eru auðvitað alltaf einhver smávægileg frávik.

Í Noregi hefur til dæmis sýnt sig að ungar konur flytja í umtalsvert meiri mæli af landsbyggðinni en ungir karlar. Þetta tengist aukinni menntun kvenna og aukinni atvinnuþátttöku þeirra, sem og auknum kröfum um fjölbreytileika atvinnutækifæra og nútímalegan lífsstíl. Sumir hafa jafnvel sett fram þá tilgátu að ungar konur hneigist frekar að lífsháttum borgarlífsins en ungir karlar, en það hefur ekki enn verið sannað með rannsóknum. Hættan er hins vegar sú að þegar ungar konur flyta í umtalsverðum mæli brott úr byggðarlagi þá stuðli það einnig að auknum brottflutningi karla í kjölfarið.¹⁵

I.4.2. Áhrif menntunar og starfsstéttar

Í þjóðfélögum sem eru á fyrri hluta iðnvæðingarferilsins, eins og til dæmis var í Bretlandi 19. aldarinnar, bar mest á því að fólk úr lægri stéttum þjóðfélagsins flytti búferlum milli landshluta. Þetta var sá hluti íbúanna sem minnsta menntun hafði og bjó að auki oft við lök kjör á upprunastað sínum. Flutningur til iðnaðarborganna eða annarra vaxtarstaða í leit að betri kjörum réð ferðinni.¹⁶ Nú á dögum sýna rannsóknir í hinum þróuðu þjóðfélögum oftast að það er sá hluti þjóðanna sem mesta menntun hefur sem er hreyfanlegastur. Þetta er oft fólk sem hefur menntun á háskólastigi eða sérhæfða tæknimenntun er leitar starfa í nútímalegri greinum atvinnulífsins og er reiðubúið að flytja langar vegalengdir til að fá slík störf. Oftar en ekki hefur þetta fólk tekjur sem eru yfir meðaltali þjóða sinna. Dreifing atvinnutækifæra og staðsetning menntastofnana skiptir auðvitað miklu máli í þessu sambandi.

Þetta einkenni á búferlaflutningum, þ.e. mikil tíðni slíkra flutninga meðal þróaðra þjóða, hefur t.d. verið sérstaklega áberandi í Bandaríkjunum.¹⁷ En þess hefur einnig gætt í ríkum mæli á Norðurlöndum á síðustu áratugum, að Danmörku undanskilinni.¹⁸ Í Danmörku virðist tíðni búferlaflutninga vera hæst meðal ungra og lítið menntaðra á

vinnumarkaði. Sú rannsókn sem þar er byggt á leggur að jöfnu búferlaflutninga og starfsskipti, þannig að líklega er hún ekki sambærileg við rannsóknir í hinum norrænu löndunum. Ungt ófaglært fólk skiptir víða títt um starf, en ekki er eins algengt að það flytji búferlum um langan veg. [19](#)

Ekki eru allar stéttir menntamanna jafn flytjanlegar milli landshluta. Þannig virðast læknar, lögfræðingar og arkitektar til dæmis ekki vera jafn hreyfanlegir og ýmsir hópar tækni- og viðskiptamenntaðra einstaklinga og opinberra starfsmanna. [20](#)

I.4.3. Áhrif hjúskaparstöðu og húsnæðis

Margar rannsóknir benda til þess að þeir sem búa í eigin húsnæði flytji síður en leigjendur eða þeir sem búa í húsnæði er vinnuveitendur láta þeim í té. Menntaðra fólk og þeir sem hafa hærri tekjur eru oft síður bundnir af þeim hömlum sem húsnæðisaðstæður geta sett búferlaflutningum, því sá hluti fólks ræður betur við kostnaðinn sem getur fylgt búferlaflutningum. [21](#)

Þessir þættir, hjúskaparstaða og húsnæðisaðstæður, eru auðvitað nátengdir aldri. Flestir sem flytja búferlum eru á aldrinum 20-35 ára og eru að hefja búskap og eiga því sjaldnar húsnæði, jafnvel þó farnir séu að eignast börn. Þetta er einnig fólkið sem reiðubúið er að leggja land undir fót til að afla sér menntunar. Þegar út á þá braut er komið, þ.e. að sækja framhaldsnám fjarri upprunabyggð, þá eru flest skilyrði til mikils hreyfanleika þegar orðin fyrir hendi hjá ungu fólki.

I.4.4. Áhrif hugarfars og nútímahátta

Loks er að nefna sérstaklega mikilvægi hugarfars fyrir búferlaflutninga. Innan þjóðfélagsfræðinnar er klassískur skóli, sem öðru fremur rekur ættir til þýska þjóðfélagsfræðingsins Max Webers, sem sýnt hefur mikilvægi hugarfars fyrir hegðun einstaklinga sem og mikilvægi andlegrar menningar fyrir þróun efnahagslífs einstakra þjóðfélaga. [22](#) Ríkjandi óskir og langanir stýra hegðun einstaklinga í umtalsverðum mæli, þó ytri aðstæður skilyrði útkomurnar auðvitað einnig að einhverju leyti. Kenning Everetts Lee um orsakir búferlaflutninga, sem að framan var kynnt, gengur meðal annars út frá mikilvægi hugarfarsþátta fyrir mat einstaklinga á kostum og göllum uppruna- og áfangastaða.

Thomas Sowell hefur í nýlegri bók um búferlaflutninga milli landa sýnt hvernig hugarfar virðist hafa haft mikið um það að segja, hvaða þjóðarbrot hafa lagst í búferlaflutninga milli landa, sem og hvernig þeim hefur vegnað á áfangastað. Í umfjöllun um Kínverja sem settust að í Malasíu, Hong Kong, Indónesíu og Bandaríkjunum, um Gyðinga sem fóru víða um hinn vestræna heim, Indverja sem settust að í Afríku, Ítali sem fluttu til Bandaríkjanna og fleiri þjóðarbrot, sýnir Sowell glögglega hvernig hugarfar sem ríkjandi var meðal slíkra þjóðarbrot virðist hafa skipt miklu máli, bæði sem orsök þess að viðkomandi tóku sig upp og sem andleg auðlind er skapaði þeim styrk í lífsbaráttunni. [23](#) Þeir sem eru metnaðarfullri, framagjarnari og reiðubúnari til að taka áhættu eru að öðru jöfnu líklegri til að taka sig upp og flytja um langan veg til að freista þess að öðlast það líf sem hugurinn stendur til. [24](#)

Stór hluti af aðráttarafl borganna í iðnríkinu hefur auðvitað falist í því að þar hefur fólki boðist að lifa "nú tímalegu lífi" í ríkari mæli en hægt hefur verið á minni þéttbýlisstöðum eða í dreifbýli. Slíkt aðráttarafl virkar auðvitað ekki nema fólk óski sér slíkra lífshátta, þ.e. hafi hugarfarið sem þangað stefnir. Þannig hafa flutningar úr dreifbýli í stærra þéttbýli óhjákvæmilega tengst innreið nútímalegra þjóðfélagshátta. Módel Zelinskys, sem kynnt var í byrjun þessa rits, gengur sömuleiðis út frá því, að hugarfar eða lífsstílsóskir ráði því að sífellt fleiri í upplýsingaþjóðfélaginu kjósa að flytja frá stærstu borgunum til smærri þéttbýlisstaða í nágrenni stórborganna. Þar er gert ráð fyrir því að hugarfarsbreyting sé að ganga yfir, sem feli í sér jákvæðara mat á lífsháttum sem tengjast smærra þéttbýli fyrir sívaxandi hóp fólks.

Þessir hugarfarsþættir eru þannig forsendur margra skýringarkenninga sem búferlaflutningum tengjast og slíkar skýringar liggja til grundvallar rannsókn okkar á mati íbúa hinna ýmsu byggðarlaga á Íslandi á búsetuskilyrðum sínum, sem greint verður frá í öðrum og þriðja hluta bókarinnar.

I.5. Fyrri rannsóknir á búferlaflutningum á Íslandi

I.5.1. Rannsókn Sigurðar Guðmundssonar

Sigurður Guðmundsson skipulagsfræðingur gerði fyrstu heildstæðu fræðilegu rannsóknina á orsökum búferlaflutninga sem gerð hefur verið hér á landi og birtist hún í BES-ritgerð hans árið 1973.²⁵ Sigurður greindi einkenni og umfang búferlaflutninga úr fyrirliggjandi opinberum talnagögnum og gerði auk þess sína eigin könnun á aðstæðum og viðhorfum meðal fólks, 15 ára og eldra, sem hafði flutt búferlum á árunum 1969-1971.

Með greiningu á flutningatölum þjóðskrárinnar sýndi Sigurður meginmynstur búferlaflutninganna á sjöunda áratugnum og félagsleg einkenni þeirra sem fluttu. Þar kom meðal annars fram að Reykjaneskjördæmi og Reykjavík hefðu dregið til sín stærstan hluta brottfluttra af landsbyggðinni, en Vestfirðir og Norðurland vestra tapað mestu, þá Vesturland og síðan Austfirðir. Sú staðreynd að gögnin um flutninga milli landshluta voru flokkuð alfarið á grundvelli kjördæma faldi þó að hluta mikilvægi þess aðráttarafls sem höfuðborgarsvæðið hafði, því umtalsverður hluti Reykjanesskjördæmis, sem naut mests aðflutnings, voru vaxtarsvæðin á höfuðborgarsvæðinu er tilheyrðu Reykjaneskjördæmi. Niðurstöður Sigurðar sýndu engu að síður yfirburðastöðu Faxaflóasvæðisins.

Könnun Sigurðar meðal brottfluttra sýndi einkenni og viðhorf þeirra, bæði til aðstæðna fyrir flutninginn og eftir flutninginn og gefur hún mikilvæga innsýn í aðstæður og ástæður brottflutnings á þeim tíma. Til dæmis kom fram að um 53% brottfluttra sögðu atvinnuáðstæður á fyrri búsetustað hafa verið góðar en 63% sögðu það sama um aðstæður á nýja staðnum. Um 42% sögðu menntunaraðstæður góðar á fyrri stað en 69% á nýja staðnum. Þá sögðu 37% félagslíf hafa verið gott á fyrri stað en 47% á seinni staðnum. Loks virtist ljóst að umrætt fólk naut skemmtunar og afþreyingar í meiri mæli á nýja staðnum.

Flokkun brottfluttra í þjóðfélagshópa var ekki hægt að bera saman við flokkun þjóðarinnar í heild á þessum tíma vegna skorts á gögnum, þannig að erfitt var að draga afgerandi ályktanir um þjóðfélagshópaeinkenni brottfluttra. Hins vegar komu

fram sérstaklega athyglisverðar niðurstöður um húsnæðisaðstæður fyrir og eftir flutning, sem sjá má í töflu I.1 hér að neðan.

Tafla I.1

Húsnæðisaðstæður fólks sem flutti búferlum 1969-71, fyrir og eftir flutning

	Fyrir	Eftir
Búa í eigin húsnæði	27%	49%
Leiguhúsnæði	27%	36%
Búa hjá foreldrum/ættingjum	43%	15%
Annað	3%	0%
Alls	100%	100%

Heimild: Sigurður Guðmundsson, Internal Migration in Iceland (1973), bls. 138 og 153.

Búferlaflutningar milli landshluta tengjast flutningi úr foreldrahúsum og stofnun heimilis í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði í umtalsverðum mæli, samkvæmt þessum gögnum.

Annað sérstaklega athyglisvert sem fram kom í rannsókn Sigurðar er starfsstétt fyrir og eftir flutning, sem sýnt er í töflu I.2.

Af þessari töflu má ráða að nokkur hluti brottfluttra fer til annarra starfa en þeir áður stunduðu, þó ekkert verði fullyrt um kjör eða gæði starfanna af þessum gögnum. Þó er athyglisvert að fleiri starfa við stjórnun og sérfræðistörf eftir flutning en fyrir, og hið sama á við um þjónustu- og afþreyingarstörf. Hins vegar starfa færri við almenn verkamanna- og iðnaðarmannastörf eftir flutning, og hið sama á við um afgreiðslustörf. Gögnin gefa þó vísbendingu um það, að sumir hafi flutt til "betri" starfa, þ.e. ef hliðsjón er höfð af fagstigi og ábyrgð.

Tafla I.2

Starfsstéttaskipting fólks sem flutti búferlum 1969-71, fyrir og eftir flutning

	Fyrir	Eftir
Stjórnendur og sérfræðingar	16%	23%
Skrifstofufólk	10%	8%
Afgreiðslufólk, sölumenn	5%	1%
Starfsfólk í þjónustu og afþreyingu	6%	10%
Sjómenn	1%	3%
Verkafólk og iðnaðarmenn	61%	55%
Alls	100%	100%

Heimild: Sigurður Guðmundsson, Internal Migration in Iceland (1973), bls. 133 og 147.

Sigurður fjallar ítarlega um erlendar kenningar um búferlaflutninga og setur síðan sjálfur fram þrjár tegundir skýringa. Fyrsti flokkurinn er aðstæðubundnar skýringar, sem eru í anda flestra erlendra kenninga á þeim tíma og þar sem forsendan var yfirleitt sú að fólk flytti í leit að betri störfum, menntun og öðrum lífskjörum. Annar flokkur er sá sem hann kallaði óhjákvæmilegur flutningur, sem tengist einkum hjúskap og stofnun heimilis, skilnaði, veikindum eða skyldum atriðum. Þriðji flokkurinn er það sem hann kallaði skrifræðislegir flutningar og má einkum rekja til þess að námsmenn séu skráðir á skólastað þó þeir ætli ekki og í reynd setjist ekki þar að til frambúðar, auk þess sem alltaf sé eitthvað um villur í flutninga- og búsetuskráningu hins opinbera. Þá nefnir Sigurður einnig í þessu sambandi að vegna forgangsréttar meðlima svæðisbundinna verkalýðsfélaga freistist menn stundum til að falska búsetu sína til að fá vinnu utan varanlegs búsetustaðar síns og ýki það búferlaflutningatölnurnar.

Meginniðurstaða Sigurðar af rannsókninni var sú að flesta flutninga megi rekja til annars flokksins, þ.e. óhjákvæmilegra flutninga vegna stofnunar heimilis meðal ungs fólks, og styðja upplýsingarnar í töflu I.1. hér að framan það. Þó svo að flutningur úr foreldrahúsum tengist búferlaflutningum augljóslega, sem er rökrétt í ljósi þess að flestir brottfluttra á landinu voru og eru á aldrinum 20-35 ára, þá er ekki þar með skýrt hvers vegna suðvestur-hluti landsins sagnar til sín ungt fólk í þeim mæli sem verið hefur, og að auki misjafnlega frá ólíkum landshlutum. Það er jú alltaf valkostur í stöðunni að hefja búsetu á upprunastaðnum eða í álitlegum héruðum nálægt uppruna annars eða beggja aðilanna sem eru að stofna fjölskyldu.

I.5.2. Rannsókn Gylfa Arnbjörnssonar

Gylfi Arnbjörnsson gerði mjög viðamiklar rannsóknir á svæðisbundinni þróun iðnaðar og búsetu, einkum á tímabilinu 1972 til 1986.²⁶ Gylfi sýndi að ólíkt því sem margir telja, þá hefur fjölgun starfa í iðnaði á eftirstrífðsárunum verið örari á svæðum utan stærsta þéttbýlisins en á Höfuðborgarsvæðinu og Akureyrarsvæðinu. Þá er bæði átt við fiskiðnað og annan iðnað. Í rannsókn Gylfa kemur fram að vöxturinn í fiskiðnaði, sem var sérstaklega ör á tímabilinu frá 1972 til 1980, hafi þá verið nátengdur miklu átaki stjórnvalda í nafni byggðastefnu, sem sérstaklega beindist að uppbyggingu fiskiðnaðar og fiskveiða á landsbyggðinni (skuttogara- og hraðfrystihúsaáætlanir Framkvæmdastofnunar ríkisins, forvera Byggðastofnunar). Á þessu tímabili dró svo mjög úr langvarandi fólksflutningum frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðis, að flutningsjöfnuður landsbyggðarinnar náði því að vera í eða yfir jöfnuði á þessum árum. Upp úr 1980 var þessu átaksverkefni í sjávarútvegi á landsbyggðinni lokið og ekkert samsvarandi samband var milli byggðaaðgerða stjórnvalda og fjölgunar starfa í fiskiðnaði frá 1980 til 1985, þó svo að aukning starfa í fiskiðnaði hafi staðið allt fram til 1987.

Þegar Gylfi lítur á annan iðnað en fiskiðnað frá þessu sjónarhorni kemur í ljós að mjög lítið samhengi var milli lánveitinga Byggðasjóðs til annars iðnaðar og aukningar á mannafla við þá grein. Hvað skýrir þá þennan, að mörgu leyti óvænta, vöxt annars iðnaðar á jaðarsvæðum utan stærstu þéttbýliskjarnanna (höfuðborgarsvæði og Akureyrarsvæði)? Gylfi sýnir að störfín í iðnaði sem vaxið hafa á landsbyggðarsvæðunum eru frekar fábrotin og fela í sér lágt hæfnistig starfsfólks, þau eru með öðrum orðum að stærstum hluta fyrir ófaglært fólk. Möguleg skýring á því að þessi svæði draga að sér slíkan iðnað gæti verið sú, samkvæmt gögnum Gylfa, að

kaup og húsnæðiskostnaður fyrir iðnað eru lægri á þessum svæðum en á stærstu þéttbýlissvæðunum. [27](#)

Tilfærsla iðnaðarstarfa frá miðjussvæðunum til jaðarsvæðanna á þessu tímabili sem Gylfi rannsakar nær til flestra iðngreina, en þó eru nokkrar greinar meira áberandi en aðrar, svo sem textíl- og fataiðnaður, járnvöruíðnaður og trjávöruíðnaður. Þá sér Gylfi ákveðin merki aukinnar einhæfni í þróun iðnaðar á landsbyggðinni, einkum á Vestfjörðum og Austfjörðum, en einnig á Norðurlandi. Þar eð iðnaður á jaðarsvæðunum nýtir starfskrafta ófaglærðs fólks í meiri mæli en iðnaður á miðjussvæðunum má segja að tilfærsla iðnaðarstarfa frá miðjussvæðum til jaðarsvæða nái ekki að vinna upp aðra þætti í óhagstæðri þróun atvinnulífs á landsbyggðinni, segir Gylfi. "Þessi skoðun styrkist enn frekar þegar litið er á þróun annarra atvinnugreina. Á jaðarsvæðunum hefur þróun iðnaðar ekki getað bætt upp hlutfallslega óhagstæða þróun bæði í frumvinnslu- og þjónustugreinum. Á miðjussvæðunum hefur fjölgun þjónustustarfa hins vegar gert meira en bæta upp óhagstæða þróun iðnaðar." [28](#)

Enn ein af mörgum athyglisverðum niðurstöðum sem Gylfi fær af rannsókn sinni er sú, að nýsköpun í atvinnulífi virðist hafa verið minnst í sjávarútvegsbæjunum, þar sem langstærstur hluti starfa eru fyrir ófaglærða launþega, mjög fáir hafa þar reynslu af sjálfstæðum stjórnunarstörfum og eitt eða einungis örfá iðnaðarfyrirtæki starfa í bæjarfélaginu. Jarðvegur fyrir frumkvæði og nýsköpun verður því ófullnægjandi á viðkomandi stöðum. Þannig verður mikil hætta á því, að slík bæjarfélög festist í einhæfu atvinnulífi og stöðnun, sem gerir þau lítt hæf til að halda í ungt fólk eða draga að nýja íbúa.

I.5.3. Rannsókn Hjalta Jóhannessonar

Hjalti Jóhannesson landfræðingur gerði athyglisverða rannsókn á búferlaflutningum innanlands á tímabilinu 1983 til 1987 sem hluta af MA námi sínu við York háskólann í Ontario.[29](#) Hjalti gerir ágæta grein fyrir kenningum um búferlaflutninga og lýsir einkennum þeirra á tímabilinu. Yfirburðastaða höfuðborgarsvæðisins sem áfangastaðar fyrir fólk í flutningum kemur glögglega fram í rannsókn þessari. Það sem er sérstaklega athyglisvert við ritgerð Hjalta er að hann beitir kenningum lýðfræðinnar kerfisbundið á viðfangsefnið, sérstaklega kenningum um aðdráttarafli stærri staða og mikilvægi vegalengda, auk þess að prófa tilgátur um áhrif atvinnuþróunar (fjölbreytni atvinnulífs) á búferlaflutninga.

Í sem stystu máli má segja að niðurstöður Hjalta séu þær, að vegalengd skipti almennt litlu máli fyrir strauma og stefnur í búferlaflutningum innanlands, en að stærð þéttbýlisstaða hafi mikið að gera með val fólks á áfangastað. Þá finnur Hjalti marktækt samband milli einhæfni atvinnulífs og brottflutnings, og á hinn bóginn er samband milli aðflutnings og fjölbreytni atvinnulífsins (sem fylgir stærð þéttbýlis). Staðir sem hafa meira umfang þjónustustarfa halda einnig betur í íbúa sína. Samkvæmt þessum niðurstöðum Hjalta standa einhæfir sjávarútvegsstaðir almennt höllum fæti í samkeppninni um fólk.

Hið klassíska aðdráttarafli líkan á því aðeins við að hluta til um búferlaflutninga innan Íslands, samkvæmt rannsókn Hjalta, þ.e. það á við um aðdráttarafli stærra þéttbýlis, en hins vegar skiptir vegalengd milli uppruna- og áfangastaðar litlu máli hér á landi.

I.5.4. Rannsókn Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði allviðamikla könnun á búsetuóskum fólks í einstökum landshlutum, í tengslum við könnun á húsnæðisaðstæðum sem unnin var fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins árið 1988.³⁰ Í könnun þessari kom meðal annars fram að fólk sem býr í stærra þéttbýli er almennt ánægðara með búsetu sína en þeir sem búa á smærri þéttbýlisstöðum sem byggja atvinnulíf sitt öðru fremur á sjávarútvegi. Sérstaklega athyglisvert var í hve miklum mæli íbúar þéttbýlisstaða með færri en 1000 íbúa sögðust óánægðir með búsetustað sinn og létu uppi óskir um að flytja til annars byggðarlags, einkum stærra byggðarlags. Meðal íbúa á Norðurlandi vestra, Vestfjörðum og Austurlandi var hæst hlutfall fólks sem sagðist helst vilja búa annars staðar en á núverandi stað. Þeir sem höfðu flutt af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins nefndu flestir félagslega þjónustu (ófullnægjandi menntaskilyrði), atvinnumál og kjör sem helstu ástæðu brottflutnings (betra eða áhugaverðara starf bauðst), en hinir sem flutt höfðu frá höfuðborgarsvæði til landsbyggðar nefndu oftast að þeim hefði boðist betra starf eða að auðveldara væri að koma sér upp húsnæði á landsbyggðinni.

I.5.5. Rannsókn Gylfa Magnússonar

Gylfi Magnússon hagfræðingur skrifaði nýlega doktorsritgerð um búferlaflutninga innan Íslands og milli Íslands og annarra landa.³¹ Gylfi gefur sér þá forsendu, sem algengt er að gera í hagfræðilegum rannsóknum, að ákvarðanir einstaklinga um búferlaflutninga ráðist af því markmiði þeirra að hámarka ævitekjur sínar og önnur skyld kjaraatriði (utility). Forsendan er þá sú, að val búsetustaðar miðist við að fullnægja þessu markmiði. Slík ákvarðanatataka fer fram að staðaldri og er auðvitað líklegri til að leiða til búferlaflutnings þegar kjaraaðstæður á upprunastað versna í samanburði við aðra mögulega búsetustaði. Kostnaður við flutning er helsta hindrun þess að til flutnings komi. Síðan byggir Gylfi ýmis stærðfræðileg líkön til að meta áhrif stjórnvaldsáðgerða á búferlaflutningsstraumana.

Niðurstöður Gylfa benda til þess að svæðabundinn munur á tekjum og atvinnu hafi lítil tengsl við búferlaflutninga, enda sé lítil munur á tekjum og atvinnustigi milli landshluta á Íslandi. Athyglisverð tilgáta Gylfa í þessu sambandi er sú, að búferlaflutningar hafi í reynd dregið úr þrýstingi til lækkunar launa í hnignandi atvinnugreinum á landsbyggðinni fyrr á árum. Þá kemst Gylfi að þeirri niðurstöðu að nettó búferlaflutningar hafi ráðist af breytingum á samsetningu atvinnulífsins, og nefnir hann í því sambandi öran samdrátt í landbúnaði og hægari samdrátt í sjávarútvegi, sem hann telur að hafi rýrt samkeppnishæfni landsbyggðar í keppninni um íbúa, samanborið við höfuðborgarsvæðið. Þá nefnir hann einnig meiri fjölbreytni tækifæra til afþreyingariðju og menningarneyslu á höfuðborgarsvæðinu sem þátt er sömu áhrif hafi.

Loks bendir Gylfi á það, að íbúar landsbyggðarinnar hafi haft umtalsverðan kostnað af búferlaflutningum á löngum tíma (þeir sem flytja leggja í kostnað og fá ef til vill ekki raunverð fyrir eignir sem þeir skilja eftir; hinir sem áfram búa á landsbyggðinni verða einnig fyrir kostnaði, t.d. með því að markaðsverð eigna þeirra lækkar). Stærðfræðileg líkön Gylfa benda til þess að beita megi sköttum og niðurgreiðslum til þess að skipta kostnaðinum af búferlaflutningum á annan veg, en hins vegar er óljóst hvernig slíkar aðgerðir geta haft áhrif á búferlaflutningsstraumana.

Þrátt fyrir umtalsverðar tilraunir til að sporna við brottflutningi af landsbyggðinni með byggðastefnuaðgerðum stjórnvalda á undanförunum áratugum hefur flutningur íbúa frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins sjaldan eða aldrei verið jafn mikill og á undanförunum árum. Því er hins vegar enn ósvarað, hvort brottflutningurinn af landsbyggðinni hefði ekki verið jafnvel meiri en raun varð á ef ekki hefði notið byggðastefnuaðgerðanna.

Fleiri rannsóknir hafa verið gerðar er tengjast búsetu og búferlaflutningum, en þetta eru þær helstu sem snerta beint viðfangsefni okkar í riti þessu.

Í næsta kafla verður sýnt yfirlit um búsetuþróun og búferlaflutninga á Íslandi, og tengsl búferlaflutninga við ýmis þjóðfélagsleg umhverfisatriði, svo sem atvinnu- og kjarabætti. Að því loknu munum við í öðrum hluta ritsins gera grein fyrir viðamiklum nýjum könnunum á sjónarmiðum almennings í landinu varðandi markmið með búsetuvali og mat á búsetuskilyrðum í einstökum landshlutum. Þá verða niðurstöður úr huglægu mati almennings tengdar við raunverulega búferlaflutningsreynslu einstakra landshluta, sem og við upplýsingar um búferlaflutningaáform íbúa hinna einstöku landshluta. Þannig verður hægt að beita öllum þeim helstu sjónarmiðum sem byggt hefur verið á í kenningum og rannsóknum á búferlaflutningum erlendis, sem kynnt hafa verið í þessum kafla.

Kafla II

Búseta og búferlaflutningar á Íslandi

Heildaryfirlit þróunarinnar


II.1. Búsetuþróun

Líkt og í öðrum þjóðfélögum þar sem nútíminn hefur hafið innreið sína hefur fólksflutningur úr sveit í bæ, og úr minna þéttbýli í stærra þéttbýli, verið ríkjandi einkenni á búsetuþróun í landinu alla þessa öld. Innreið nútímans hófst frekar seint hér á landi samanborið við nágrannalöndin, en eftir að umbreytingarnar hófust gengu þær mjög hratt fyrir sig, einkum á eftirstríðsárunum. Að ýmsu leyti hafa Íslendingar þó verið á eftir nágrannaþjóðunum í að innleiða sum nýmæli nútímaþjóðfélagsins.[32](#) Þess vegna er ekki ólíklegt að Íslendingar geti að nokkru leyti verið á eftir nágrannaþjóðunum í þeim umskiptaferlum á sviði búferlaflutninga sem Zelinsky lýsti í módeli sínu sem kynnt var í byrjun fyrsta kafla, hér að framan. Ef svo er má ætla að flutningur fólks í stærra þéttbýli sé enn mjög umfangsmikill á Íslandi, sem og fækkun íbúa í sveitunum, samanborið við það sem tíðkast í nágrannalöndunum. Þá má heldur ekki horfa framhjá því hver sérstaða Íslands er hvað fámenni þjóðarinnar snertir.

Í þessari umfjöllun er sjónum beint að búferlaflutningi og fólksfjöldaþróun innanlands, en flutningur til og frá útlöndum skiptir einnig máli og hefur á tímabilum verið mikill. Höfuðborgarsvæðið sem einkum tekur við brottfluttu fólki af landsbyggðinni hefur jafnframt verið sá landshluti sem mestu hefur tapað af fólki til útlanda. Þrátt fyrir það hefur fjölgun íbúa á Höfuðborgarsvæðinu verið mikil á allri öldinni, sem og á síðustu árum.

Á mynd II.1. er sýnt hvernig háttað hefur verið fólksfjöldaþróun í einstökum landshlutum á þessari öld, allt fram til 1996. Afgerandi sérstaða höfuðborgarsvæðisins kemur hér berlega í ljós. Almennt má segja að samanborið við fjölgun mannfjöldans á höfuðborgarsvæðinu hafi breytingar annars staðar á landinu verið frekar litlar. [33](#)


Mynd II.1: Langtímaþróun fólksfjölda í einstökum landshlutum 1901-96



Í byrjun aldarinnar voru álíka margir íbúar á höfuðborgarsvæðinu og á Vesturlandi. Á Suðurlandi, Norðurlandi eystra og Vestfjörðum voru þá fleiri íbúar, en lítillga færri á Norðurlandi vestra og mun færri á Suðurnesjum. Fjölgunin á höfuðborgarsvæðinu var hins vegar nærri sextánföld frá 1901 til 1996, og hefur hún verið viðvarandi alla öldina. Næstmest var fjölgunin á Suðurnesjum, þar sem mannfjöldinn sexfaldaðist, að mestu leyti eftir stríð. Síðan kom Norðurland eystra, þar sem íbúafjöldinn rúmlega tvöfaldaðist og hefur vöxturinn verið nokkuð stöðugur alla öldina. Í öðrum landshlutum voru breytingarnar minni að vöxtum. Á Suðurlandi og Vesturlandi jókst mannfjöldinn aðeins um 50%, einkum eftir 1950, á Austurlandi um 24% (aðallega eftir 1960) og á Norðurlandi vestra um 19%. Á Vestfjörðum fækkaði hins vegar um nærri 20%, og gætti þess sérstaklega eftir seinni heimsstyrjöldina.

Fækkun í dreifbýli, í sveitum og í þorpum með færri en 200 íbúa, hefur verið allsráðandi í öllum landshlutum, eins og sjá má á mynd II.2.


Mynd II.2: Langtímaþróun fólksfjölda í dreifbýli í einstökum landshlutum, 1901-1990



Suðurland var mesta dreifbýlissvæðið, eða landbúnaðarsvæðið, um aldamótin, en á Faxaflóasvæðinu var minnst um dreifbýli. Á síðarnefnda svæðinu fækkaði að auki mest í dreifbýli fram til 1990 og á Suðurlandi fækkaði minnst, þannig að það er enn mesta dreifbýlissvæði landsins (þ.e. með flesta íbúa í dreifbýli). Fækkunin í dreifbýli var næstmest á Vestfjörðum, þannig að árið 1990 voru íbúar í dreifbýli þar aðeins um 14% af þeim fjölda sem var árið 1901, samanborið við 12% á Faxaflóasvæðinu. Á Austurlandi fækkaði einnig frekar ört í dreifbýli, því þar var árið 1990 um 26% þess fjölda sem verið hafði í byrjun aldarinnar. Annars staðar fækkaði minna, en þó má segja að í öllum landshlutunum sjö hafi íbúum í dreifbýli fækkað um meira en helming.

Almennt hefur búferlaflutningur af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins verið flestum í huga þegar fjallað hefur verið um búsetuþróun hér á landi á síðustu áratugum. Í ljósi þess er sérstaklega athyglisvert það sem fram kemur á mynd II.3, en hún sýnir að íbúum í þéttbýli (með 200 íbúa eða fleiri) hefur fjölgað í öllum landshlutunum á öldinni. Fjölgunin á höfuðborgarsvæðinu var auðvitað langmest, eða um tuttuguföld.³⁴ Næstmest var fjölgunin á Norðurlandi eystra og Suðurlandi, eða um tólföld.

Mynd II.3: Langtímaþróun fólksfjölda í þéttbýli utan höfuðborgarsvæðis, 1901-1990




Á eftir Norðurlandi eystra og Suðurlandi var mest fjölgun í þéttbýli á Norðurlandi vestra, en þar höfðu frekar fáir búið í þéttbýli í byrjun aldarinnar. Frá 1950 til 1970 var hins vegar engin fjölgun íbúa í þéttbýli á Norðurlandi vestra, en þá jókst mannfjöldinn á ný. Á Vestfjörðum var svipað þróunarferli, nema hvað stöðnunin hófst um 1940 og stóð sömuleiðis til 1970. Þessi ferli endurspeglar að hluta þau umskipti sem urðu í búsetuþróun á landsbyggðinni á milli 1970 og 1980, enda gætti einnig kröftugrar aukningar í öðrum landshlutum eftir 1970. Þó verður ekki framhjá því horft að þéttbýlisþróunin á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra hefur verið veikari en í öðrum landshlutum.

Þegar mynd II.3 er borin saman við mynd II.1 kemur berlega í ljós, að þrátt fyrir almennt frekar litla fólksfjölgun á landsbyggðinni í heild á öldinni var umtalsverð fjölgun í þéttbýli þar. Fækkunin í dreifbýlinu á landsbyggðinni virðist því hafa tengst fjölgun í þéttbýli þar.

Loks má á mynd II.4 sjá nánar hvernig fólksfjölgunin í þéttbýlinu á landsbyggðinni hefur verið.


Hér er athyglisverðast að íbúum í þéttbýli með 200 til 1000 íbúa fækkaði á heildina litið, um leið og kröftuglega fjölgaði á höfuðborgar-svæðinu og í öðru stærra þéttbýli (auk þess sem smærra þéttbýli stækkaði auðvitað). Það má því segja að samþjöppun byggðarinnar hafi einkennt búsetuþróun í öllum landshlutum, með fækkun í sveitum og minna þéttbýli en fjölgun í stærra þéttbýli.

Mynd II.4: Fólksfjöldaþróun eftir þéttbýlisstigi 1901-90



Á mynd II.5 er svo sýndur árlegur hraði fólksfjöldaþróunarinnar frá 1970 til 1996, í einstökum landshlutum.

Mynd II.5: Árlegar breytingar fólksfjölda eftir landshlutum, 1970-96.



Þar er athyglisvert að sjá muninn á ferlinu á áttunda áratugnum og svo á síðari árum. Á milli 1970 og 1980 fjölgaði íbúum í öllum landshlutum, minnst þó á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Mest var fjölgunin á Suðurnesjum á þeim tíma. Á níunda áratugnum skipti hins vegar um og þá fækkaði að jafnaði um 0,6% á Vestfjörðum á ári og um 0,2% á ári á Vesturlandi og Norðurlandi vestra.


Sérstaklega athyglisvert er hins vegar að enn örar hefur fækkað eftir 1990 en var almennt milli 1980 og 1990. Á Vestfjörðum varð árleg fækkun nærri þrefalt meiri eftir 1990 en áratuginn á undan, og sömu sögu er að segja af Vesturlandi og Norðurlandi vestra. Þá hafa Austfirðir einnig búið við umtalsverða fækkun íbúa frá 1990, eða um 0,7% á ári.

Þannig er ljóst að fækkun í þeim landshlutum sem höllustum fæti hafa staðið hefur aukist umtalsvert á allra síðustu árum, og sömu sögu er að segja af búferlaflutningum í heild frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðisins. Árið 1996 tapaði landsbyggðin fleiri íbúum til höfuðborgarsvæðisins en nokkru sinni fyrr frá 1960. [35](#)

II.2. Búferlaflutningapróun

Á mynd II.6 má sjá yfirlit um heildarflutninga til og frá höfuðborgarsvæðinu á tímabilinu frá 1961 til nútímans. Á sjöunda áratugnum var nokkur stöðugleiki í umfangi flutninganna í báðar áttir, þannig að nálægt 500 fleiri fluttu til höfuðborgarsvæðisins en frá því á hverju ári. Á áttunda áratugnum jókst búferlaflutningur frá höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar, án þess að teljandi breyting yrði á aðflutningi til höfuðborgarinnar.

Mynd II.6: Heildarflutningar til og frá Höfuðborgarsvæðinu 1961-96



Eftir 1980 raskaðist fyrra jafnvægi hins vegar stórlega með auknum flutningi til höfuðborgarsvæðisins, og má segja að stígandinn í þeim straumi hafi verið sívaxandi allt til síðasta ársins sem gögnin ná til, þ.e. 1996. Meiri sveiflur hafa hins vegar verið í straumnum frá höfuðborginni til landsbyggðarinnar, og þá þannig að nokkur aukning hefur orðið á seinni hluta tímabilsins.

Nettóstraumurinn til höfuðborgarsvæðisins hefur þannig aukist umtalsvert eftir 1980. Aukinn flutningur til landsbyggðar frá og með 1992, eftir að atvinnuleysi jókst verulega, aftraði því að heildartap landsbyggðarinnar varð þrátt fyrir allt ekki meira.

Þegar litið er til lengri tíma er ljóst að aðdráttarafli höfuðborgarsvæðisins hefur verið gífurlegt í íslensku samfélagi. Athyglisverða vísbendingu um það má sjá í töflu II.1.

Þar er sýnt samband á milli fæðingarstaðar og núverandi búsetu meðal þeirra sem lifandi voru árið 1992.

Taflan sýnir að um 7% Íslendinga sem fæddir voru í Reykjavík eða á Reykjanesi (Faxaflóasvæðinu) bjuggu erlendis á árinu 1992, rúm 78% bjuggu á sama svæði og tæp 15% bjuggu annars staðar á landinu. Af þessum tæpu 15% voru 4,8% á Suðurlandi, 2,6% á Vesturlandi, 2,3% á Austurlandi, 2,1% á Norðurlandi eystra, 1,8% á Vestfjörðum og loks 1,3% á Norðurlandi vestra. Tap annarra landshluta til útlanda er almennt á bilinu 3-4% fæddra.

**Tafla II.1 Mannfjöldi svæðanna og afdrif hans
Fæðingarstaður og núverandi lögheimili**

Núverandi lögheimili (m.v. 1992):

Fæðingarstaður:	Alls %	Erlendis %	Á sama svæði %	Annars st. á landinu %	Höfuðborgarsvæði %	SN %	VL %	VF %	NV %	NE %	AL %	SL %
Rvík og Rnes	100	7,0	78,2	14,9	--	--	2,6	1,8	1,3	2,1	2,3	4,8
Vesturland	100	3,9	47,3	48,7	36,5	3,0	--	1,8	1,5	2,0	1,3	2,6
Vestfirðir	100	4,4	32,3	63,3	46,3	3,6	4,4	--	1,8	3,3	1,2	2,8
Norðurland vestra	100	3,3	43,8	53,0	33,9	3,5	2,6	1,3	--	7,0	1,6	3,0
Norðurland eystra	100	3,7	62,9	33,4	22,3	2,4	1,2	1,0	2,2	--	2,6	1,7
Austurland	100	3,7	50,5	45,8	31,8	2,6	1,6	0,9	1,0	4,5	--	3,4
Suðurland	100	3,6	49,9	46,4	38,4	2,9	1,4	0,5	0,6	1,4	1,2	--

Heimild: Reiknað úr Hagföðindum, apríl 1993, bls. 184-5.

Ef lesið er niður þriðja dálkinn, er sýnir hlutfall fæddra sem búa enn á sama svæði stendur Norðurland eystra (Akureyri) út úr ásamt Faxaflóasvæðinu með hátt í tvo þriðju. Austurland, Suðurland og Vesturland hafa hins vegar enn í byggðarlaginu um helming þeirra sem þar fæddust, og Norðurland vestra hefur enn tæp 44%. Á Vestfjörðum búa hins vegar enn í landshlutanum aðeins um 32% þeirra sem þar fæddust. Hins vegar má sjá í fimmta dálki að um 46% núlifandi Íslendinga sem fæddir eru á Vestfjörðum búa árið 1992 á Höfuðborgarsvæðinu.

Hið sama á við um 38% fæddra Sunnlendinga, 36,5% Vestlendinga, 34% fæddra á Norðurlandi vestra, 32% Austlendinga og aðeins um 22% þeirra sem fæddir eru á Norðurlandi eystra. Hvað flæði milli landsbyggðarkjördæmanna snertir virðist ljóst að það hefur mjög lítið hlutverk í búferlaflutningunum. Þar eru þó markverðust þau merki sem sjá má um aðdráttarafl Akureyrarsvæðisins, einkum á þá sem fæddir voru á Norðurlandi vestra (7% búa á Norðurlandi eystra) og Austurlandi.

Á heildina litið sýnir tafla II.1 langtímaafleiðingar búferlaflutningastraumanna í landinu á þessari öld. Meginniðurstaðan er sú, að tilfærsla íbúa milli landssvæða er mikil og ofurvægi suðvestur hornsins, þ.e. höfuðborgarsvæðisins og Reykjaness samanlagt, er sérstaklega áberandi. Aðdráttarafli Norðurlands eystra er einnig afgerandi gagnvart þeim sem þar eru fæddir.

Í töflu II.2 er til samanburðar sýnt yfirlit um búferlaflutningaflæðið milli landshluta 1992-95. Það sýnir stefnur og strauma í flutningunum meðal þeirra sem fluttu búferlum á þessum þremur árum.

Tafla II.2
Búferlaflutningar milli landshluta 1992-95
Flæðigreining

Brottfll.staður:	Aðflutningsstaður:								
	HB %	SN %	VL %	VF %	NV %	NE %	AL %	SL %	Alls %
HB	67,3	4,2	4,4	3,8	3,0	5,8	4,3	7,3	100
SN	41,4	38,6	2,7	3,2	2,2	4,1	2,9	5,0	100
VL	56,9	4,2	21,0	3,9	3,4	3,5	2,9	4,3	100
VF	54,2	5,9	6,3	16,8	3,5	6,2	2,4	4,7	100
NV	43,4	3,8	5,0	3,4	27,4	10,3	2,5	4,2	100
NE	41,1	2,7	2,1	2,2	4,6	39,1	4,5	3,7	100
AL	45,8	3,3	3,3	1,6	2,4	9,6	29,5	4,6	100
SL	54,5	4,2	2,1	1,7	2,2	3,8	3,1	28,4	100

Heimildir: Hagtíðindi 1993-6.

Taflan sýnir til dæmis að um 67% íbúa höfuðborgarsvæðisins sem fluttu búferlum á tímabilinu fluttu innan svæðisins. Um 7,3% þeirra fluttu til Suðurlands, 5,8 til Norðurlands eystra og um 4,4% fluttu á Vesturland. Undirstrikuðu tölurnar á skálinunni í töflunni sýna þannig umfang flutninga innan svæðanna, hvers um sig. Fyrir utan Höfuðborgarsvæðið er mest um slíka flutninga á Norðurlandi eystra og Suðurnesjum.

Þegar lesið er niður fyrsta dálkinn má sjá hve stór hluti íbúa svæðanna á landsbyggðinni, sem flytja búferlum, flytja til höfuðborgarinnar. Ef sleppt væri þeim í töflunni sem flytja búferlum innan síns svæðis (tölurnar á skálinunni) þá kæmi í ljós að yfirleitt flytja til Höfuðborgarsvæðisins um 60-70% þeirra landsbyggðarmanna sem á annað borð flytja milli landsvæða. Hlutfallslega mest dregur höfuðborgarsvæðið til sín frá Suðurlandi, Vesturlandi og Vestfjörðum. Ofurvægi Höfuðborgarsvæðisins í búferlaflutningunum innanlands er enn megineinkenni flæðisins, og hefur það í reynd verið að aukast á seinustu árum.

Að mestu leyti sjáum við þó svipuð mynstur hér og í töflu II.1, þannig að ætla má að stefnurnar í búferlaflutningunum séu enn svipaðar og verið hefur um áratugaskeið, þó umfang flutninganna hafi vissulega aukist. En margt er athyglisvert í töflunni.

Af þeim sem flytja frá Vestfjörðum og fara ekki á Höfuðborgarsvæðið, flytja til dæmis flestir til Vesturlands og Norðurlands eystra, og síðan til Suðurnesja og Suðurlands. Af þeim sem flytja frá Norðurlandi vestra, og ekki fara á Höfuðborgarsvæðið, fara áberandi margir til Norðurlands eystra, líklega á Akureyrarsvæðið. Álitlegur hópur fer einnig á Vesturland.

Á heildina litið er það þó straumurinn frá landsbyggð til Höfuðborgarsvæðisins sem er ríkjandi í öllum landshlutum. Aðdráttarafl Akureyrarsvæðisins er einnig umtalsvert. Þar fyrir utan gætir lítillaga aðdráttarafls milli nærliggjandi byggðarlaga (Norðurlands vestra og eystra; höfuðborgar, Suðurlands og Suðurnesja) og á Vestfjörðum gætir flutninga milli byggðarlaga innan landshlutans minna en er í öðrum landshlutum. Brottflytningur er þar því meira ríkjandi meðal þeirra sem á annað borð eru að flytja búferlum. Á Vesturlandi er einnig frekar lítið um flutninga innan landshlutans (kjördæmisins).

II.3. Samanburður við Norðurlöndin

Misjöfn þróun byggðarlaga og brottflytningur íbúa frá jaðarbyggðum til miðlægarí staða hafa alls staðar á Norðurlöndum verið talin til viðvarandi vandamála, jafnt fyrir íbúa viðkomandi svæða sem fyrir stjórnvöld. Í skýrslu OECD um slík vandamál frá 1989 eru nokkrar ástæður nefndar fyrir því að þetta sé jafn viðamikili vandamál í þessum löndum og raun ber vitni um. [36](#)

Í fyrsta lagi eru nyrstu héruð Norðurlandanna frekar strjálbýl fyrir, samanborið við flest jaðarsvæði í Evrópu, og náttúru- og veðurfarskilyrði eru íbúum þar oft erfið. Fámenni í slíkum byggðarlögum takmarkar þann fjölbreytileika sem hægt er að bjóða upp á í verslun og þjónustu ýmiss konar. Aðrir kostir sem ekki bjóðast í þéttbýli koma þó auðvitað á móti. Í öðru lagi einkennist atvinnulíf þessara svæða í miklum mæli af frumvinnslugreinum (t.d. landbúnaði, sjávarútvegi, skógarhöggi og námavinnslu), sem vegna framþróunar hafa oft mátt þola langvarandi samdrátt í atvinnutækifærum, ýmist vegna aukinnar tæknivæðingar og framleiðniaukningar (sem á t.d. við um landbúnað og sjávarútveg), eða einfaldlega vegna minnkandi umsvifa (t.d. í námavinnslu). Í þriðja lagi er algengt að bæjarfélög á þessum svæðum séu byggð í kringum einn aðalatvinnuveitanda eða einn aðalatvinnuveg. Atvinnulíf er því einhæft, og þegar samdráttur einkennir viðkomandi atvinnuveg verða atvinnutækifæri mjög takmörkuð, oft með viðvarandi atvinnuleysi. Í fjórða lagi er að finna stór borgarsvæði í þessum löndum sem orka sem segull á íbúa jaðarsvæðanna. Af þessum sökum hefur búsetuþróun á jaðarsvæðunum átt erfitt uppdráttar og brottflytningur íbúa frá þeim verið mikill. Áhrif þessara skilyrða eru þó mjög mismunandi frá einu byggðarlagi til annars í hverju landanna. Danmörk býr hins vegar ekki við þessi skilyrði í sama mæli og hinar þjóðirnar á Norðurlöndum.

Segja má að þessi framangreindu einkenni á rótum byggðavanda séu í miklum mæli fyrir hendi á Íslandi, líkt og á hinum Norðurlöndunum. Fram til um 1970 var búferlaflutningur frá jaðarsvæðum til miðsvæða almennt mikill og vaxandi í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Á milli 1960 og 1970 var fólksfjölgunin oftast örust í stærstu

borgunum í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, og á mörgum jaðarsvæðum fækkaði umtalsvert. Upp úr 1970 breytti hins vegar afgerandi um í þessum efnum og landsbyggðarsvæðin hættu að tapa fólki til höfuðborgarsvæðanna og annarra stærri staða.³⁷ Helsta skýringin á því virðist vera sú, að verulega aukin umsvif hins opinbera á sviði velferðarþjónustu ásamt með lífsskjaratryggingum almannatrygginga hafi jafnað lífsskjör milli byggðarlaga umtalsvert og fjölgað álitlegum atvinnutækifærum í hinum strjálmi byggðum. Frá um 1985-88 virtist sem þróunin væri að snúast við og stórborgirnar og annað stærra þéttbýli væru aftur að sækja í sig veðrið.³⁸ Hins vegar dró aftur talsvert úr búferlaflutningunum frá jaðarsvæðunum í lok níunda áratugarins og í byrjun þess tíunda. Þannig að þegar á heildina er litið virðist sem tímamót hafi orðið í þróun búferlaflutninga eftir 1970, þannig að minna hafi tapast frá jaðarsvæðum til stærstu borganna. Þetta á sérstaklega við um Noreg og Svíþjóð. Í Danmörk hafði fyrr byrjað að draga úr vexti Kaupmannahafnarsvæðisins og má því ef til vill segja að Danmörk hafi fyrr sýnt merki þeirra umskipta í búferlaflutningsmynstrum sem Zelinsky sýnir í módeli sínu (counter-urbanization) og frá var greint í byrjun þessa rits.

Almennt voru Finnar seinir að hefja búferlaflutninga frá landsbyggð til borganna. Ein ástæða þess er sú að strax eftir seinni heimsstyrjöldina áttu þeir sem þátt tóku í stríðinu kost á því að eignast ræktarland á hagstæðum kjörum, að launum fyrir fórnir sínar í þágu ættjarðarinnar. Þetta gerði það að verkum að margir fluttu búferlum frá borgum til landsbyggðarinnar, sem og frá landamæraheruðunum við Rússland. Því fjölgaði íbúum í dreifbýli á landsbyggðinni á milli 1940 og 1960, sem var einsdæmi meðal norrænu þjóðanna.³⁹ Hins vegar varð þróun mjög misjöfn í landshlutunum í Finnlandi, þannig að lífsskjör voru almennt betri í suður og vestur hlutum landsins en í norður og austur héruðunum. Fábreytt atvinnulíf og atvinnuleysi voru mikilvægar ástæður hinna lakari lífsskjara í norður og austur héruðunum. Undir lok sjöunda áratugarins urðu stórar breytingar á búferlaflutningum í Finnlandi, þannig að gífurlegur straumur fólks var frá norður og austur héruðunum til suður og vestur héraðanna, einkum til stærri þéttbýlisstaða, jafnvel svo að til landauðnar þótti horfa á sumum svæðanna.

Einnig gætti mikilla búferlaflutninga frá Finnlandi til Svíþjóðar á þessum tíma, sem og á næsta áratug. Á áttunda áratugnum voru þannig miklir búferlaflutningar innan Finnlands jafnt sem til útlanda (einkum Svíþjóðar). Í Finnlandi er talað um álandflóttann miklað þegar fjallað er um búferlaflutninga á sjöunda og áttunda áratugnum. Á milli 1983 og 1989 snérist þróunin hins vegar að umtalsverðum hluta við og var þá talað um áhina nýju búferlaflutningað, sem voru minni að umfangi. Á níunda áratugnum var í reynd meiri búferlaflutningur frá borgunum til landsbyggðarinnar en frá landsbyggð til borganna. Jafnvel eftir að atvinnuleysi jókst gífurlega á tíunda áratugnum voru búferlaflutningar enn minni að umfangi en á fyrri áratugum, og réðu takmarkaðri atvinnutækifæri miklu þar um.⁴⁰ Það má því segja, með skírskotun til módelis Zelinskys, að Finnland hafi á seinustu tveimur áratugum sýnt merki þess að vera að komast á stig þjónustubjóðfélagsins (post-industrialism) hvað einkenni búferlaflutninga snertir. Þó er það enn svo að höfuðborgarsvæðið og þéttbýli í nálægð við aðrar stórar borgir hefur mest aðdráttarafl og jaðarsvæðin tapa enn íbúum þegar á heildina er litið. Hins vegar er fjölbreytileiki flutningsmynstranna meiri en áður, sem bendir til þess að ýmis svæði utan stærstu borganna hafi öðlast þokkalegt aðdráttarafl.

Ungt og vel menntað fólk er sérstaklega áberandi í búferlaflutningunum milli landshluta í Finnlandi. [41](#)

Í Noregi jókst flutningur fólks milli landshluta og sveitarfélaga (kommuner) milli 1950 og 1970. Eftir 1970 voru uppi skýr merki um minnkandi búferlaflutninga milli héraða, sem m.a. er skýrt með mikilli uppbyggingu opinberrar þjónustu á landsbyggðinni, með öflugri byggðastefnu hins opinbera. Eftir 1980 gætti aftur aukinnar miðleitni í búferlaflutningunum, þ.e. fólk flutti í auknum mæli aftur frá dreifbýli og smærra þéttbýli til stærri staða. Þannig var til dæmis stærstur hluti þeirrar fólksfjölgunar sem varð í landinu á árunum 1985 og 1986 bundinn við fimm stærstu þéttbýlisstaðina. Í öðrum landshlutum fækkaði eða stóð í stað. [42](#)

Á árunum milli 1985 og 1988 varð á heildina litið mikil miðleitni í búferlaflutningunum innan Noregs, en síðan dró aftur úr henni, þannig að útkoman varð ekki jafn slæm fyrir landsbyggðarhéruðin og á horfði um tíma. [43](#) Helstu skýringar sem fram eru settar um minnkandi búferlaflutninga innan Noregs á síðustu árum eru að fólk sé nú lengur í námi en áður. Námsmenn eru almennt ekki skráðir brottfluttir meðan á námi stendur (þarna gætir því áhrifa talningarskekkju) og lenging náms felur í sér síðbúnari flutning úr foreldrahúsum. Þá er talið að aukin atvinnuþátttaka kvenna, og þar með aukin tíðni tveggja fyrirvinna á heimilum, dragi úr búferlaflutningum, því erfiðara sé að finna fullnægjandi atvinnu á nýjum stað fyrir tvo en fyrir einn. Hins vegar vinnur aukin menntun og aukið atvinnuleysi gegn þessum fyrrgreindu áhrifum, því slíkir þættir stuðla að öðru jöfnu að búferlaflutningum.

Rannsóknir á orsökum búferlaflutninga í Noregi benda til þess að orsakirnar séu mismunandi eftir svæðum, þannig að ekki séu sömu skýringar á öllum tegundum flutninga. [44](#) Til dæmis benda niðurstöðurnar til þess að fjölskylduáðstæður og mat á lífsgæðum skipti meira máli hjá þeim sem flytja stuttar vegalengdir, en atvinnumarkaðs- og menntunaraðstæður skipti meira máli hjá þeim sem flytja lengri vegalengdir.

Á öllum svæðum er flutningatíðni hærri meðal þeirra sem hafa meiri menntun, bæði hvað snertir brottflutning og aðflutning. Menntastig brottfluttra einna sér er því ekki bein vísbending um heildartap menntafólks (atgervisflóttu) á jaðarsvæðunum. Þá benda tölur til þess, að til lengri tíma búi um helmingur landsmanna í Noregi í öðru byggðarlagi en þeir ólust upp í, og gildir það um 55% kvenna en 45% karla. [45](#)

Á heildina litið hefur Oslóarsvæðið haft mesta aðdráttaraflíð gagnvart þeim sem flytja búferlum innan Noregs. Þó var fólksfjölgun þar minni á níunda áratugnum en á þeim sjöunda, þannig að heldur hefur dregið úr tilfærslu fólksfjöldans innanlands á síðustu árum. [46](#)

Í Svíþjóð voru, líkt og í Finnlandi og Noregi, miklir búferlaflutningar innanlands frá 1951 til um 1970, sem beindust einkum að Stokkhólmsvæðinu og öðrum stærri þéttbýlisstöðum (t.d. Gautaborgarsvæðinu og Malmö). Á árunum milli 1970 og 1980 snérist ferillinn við og borgirnar töpuðu fólki vegna brottflutnings. Meginástæða þess er talin vera stóraukin opinber þjónusta sænska velferðarríkisins, sem flutti fjölda þjónustustarfa út á landsbyggðina, og gerði það að verkum að hlutfall opinberrar þjónustu af heildarmannafla er síðan svipað í helstu landshlutunum. [47](#) Eftir 1980 snéri

aftur til þess mynsturs sem ríkti fyrir 1970, en með mun minna umfangi heildarflutninga frá dreifðari byggðarlögum til stærstu borganna en var á sjötta og sjöunda áratugnum.

Þó menntað fólk flytji frekar en aðrir í Svíþjóð, líkt og annars staðar, þá er menntunarsamsetning svæðanna nokkuð jöfn, einkum vegna hins mikla umfangs opinberu þjónustunnar á landsbyggðinni. Ungir og vel menntaðir einstaklingar eru áberandi í hópum aðfluttra til stórborganna, en samt er það svo að uppbygging þjónustukjarna á jaðarsvæðum hefur einnig fært meira menntuðu fólki atvinnutækifæri á landsbyggðinni. Menntamenn eru því líka tiltölulega áberandi í hópum þeirra sem flytja frá borgunum til smærri þéttbýlisstaða innan seilingar við stórborgirnar, sem og til þjónustumiðstöðva í einstökum landsbyggðarhéruðum. [48](#)

Í Svíþjóð hefur í meiri mæli en í Noregi og Finnlandi verið bent á merki umbreytinga á búferlaflutningsmynstrunum samhliða þróun þjóðfélagsins frá iðnríki til þjónustuþjóðfélags eða upplýsingaþjóðfélags. Í þessu sambandi er bent á minnkandi umfang búferlaflutninga, minni áhrif svæðabundins atvinnuleysis á flutninga, og aukningu tveggja-fyrirvinna-heimila, en sú aukning virðist almennt frekar skapa hindranir gegn búferlaflutningum. Þá gætir í þessu sambandi umtalsverðra áhrifa af aukinni staðsetningu fyrirtækja utan stærstu borganna, t.d. í hátæknigreinum og upplýsingaiðnaði, auk þess sem fólk með meðaltekjur og þar fyrir ofan kýs oft frekar að ala upp börn í dreifbýli eða minna þéttbýli innan seilingar við stærstu borgirnar. Þannig má segja að áhrifa þeirra umskipta sem lýst er í módeli Zelinskys og umfjöllun um öndverð áhrif stórborgarþróunarinnar (counter-urbanization) hafi gætt í umtalsverðum mæli í Svíþjóð á síðustu árum. [49](#) Hið sama virðist eiga við um Danmörku. [50](#)

Í ljósi framangreindrar umfjöllunar um búsetu- og búferlaflutningareynslu frændþjóðanna á Norðurlöndum er fróðlegt að freista þess að spyrja hvernig háttáð sé umfangi búferlaflutninga frá dreifbýli til þéttbýlis þar í samanburði við Ísland?

Í töflu II.3. er sýnd vísbending um þetta. Þar eð nyrstu svæði þessara landa eru oftast þau svæði sem mestu tapa af fólki með brottflutningi er samanburðinum beint að nyrstu svæðunum í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, þ.e. Nord-Kalottensvæðinu. Sýnt er umfang aðfluttra umfram brottflutta samanlagt á tímabilinu frá 1960 til 1990, sem hlutfall af íbúafjölda svæðanna í byrjun tímabilsins. Taflan sýnir því hve stór hluti af íbúum sem voru á hverju svæðanna árið 1960 hefur tapast í heild á tímabilinu. Bæði eru sýndar tölur um heildartap eða heildaraukningu íbúa vegna búferlaflutninga og hlutfallstölur, en þær síðarnefndu eru bestu vísbendingarnar um áhrif búferlaflutninga á einstökum landsvæðum.

Tafla II.3
Aðfluttir umfram brottflutta 1960-1990
sem hlutfall af íbúafjölda landshlutans árið 1960:
Einstakir landshlutar á Íslandi og á Nord-Kalottensvæðinu

	Aðfluttir-brottfluttir: nettófjöldi 1961-1990	Hlutfall A-B 1961-90 af fólksfjölda 1960
Reykjavík og Reykjanes	+15539	+16

Vesturland	-3853	-33
Vestfirðir	-5429	-53
Norðurland vestra	-3668	-37
Norðurland eystra	-3406	-17
Austurland	-2400	-24
Suðurland	-3880	-24
Landsbyggðin samtals ⁵¹	-22636	-29
Nyrstu héruð hinna norrænu þjóðanna:		
Lappland (Finnlandi)	-58330	-29
Finnmark (Noregi)	-19680	-27
Troms (Noregi)	-12680	-10
Nordland (Noregi)	-38990	-16
Norrboten (Svíþjóð)	-36560	-14
Nord-Kalottensvæðið alls	-166240	-18

Heimildir: Hagtíðindi (ýmis ár) og Norræna tölfræðihandbókin 1996.

Reykjavík og Reykjanessvæðin eru sýnd samanlögð í töflunni, enda eru það þau svæði á Íslandi sem helst hafa aukið íbúafjölda sinn vegna meiri aðflutnings en brottflutnings. Nemur sú aukning um 15.500 manns á þessum þrjátíu árum sem samanburðurinn nær til, eða um 16% af íbúafjölda þessara svæða árið 1960. Allir aðrir landshlutar hafa tapað fólki vegna búferlaflutninga þegar á heildina er litið á tímabilinu, frá 2400 manns á Austfjörðum til um 5400 manna á Vestfjörðum.

Hlutfallslega er tapið mest á Vestfjörðum, en þaðan hafa tapast um 53% af þeim íbúafjölda sem þar var árið 1960. Síðan kemur Norðurland vestra með um 37% tap á tímabilinu og Vesturland með 33%. Austurland og Suðurland hafa tapað um 24%, en minnst er tapið á Norðurlandi eystra, eða um 17%. Á heildina litið hefur landsbyggðin tapað á tímabilinu frá 1960 til 1990 sem nemur um 29% af íbúafjölda landsbyggðarinnar eins og hann var árið 1960.

Þegar litið er til nyrstu héraða hinna norrænu þjóðanna á Nord-Kalottensvæðinu virðist sem heildarröskun búsetu á jaðarsvæðum vegna búferlaflutninga sé umtalsvert meiri á Íslandi en í þessum löndum.

Í Lapplandi í Finnlandi hefur fækkað um 29% vegna brottflutnings á tímabilinu og í nyrstu héruðum Noregs (Finnmark) hefur tapið verið álíka mikið, eða um 27%. Á Nordland, sem er landshlutinn er tekur við sunnan Finnmark í Noregi, var tapið um 16%, og þar næst kom Norrbotten í Svíþjóð með um 14% tap íbúa. Troms í Noregi, sem nýtur þjónustumiðstöðvarinnar í Tromsö að góðu, þar sem meðal annars er rekinn háskóli, tapaði um 10% íbúa á tímabilinu í heild.

Það virðist því ljóst, að þau svæði á Íslandi sem mestu hafa tapað af fólki vegna búferlaflutninga hafa tapað hlutfallslega meiru en nyrstu héruð Noregs, Svíþjóðar og Finnlands, svo um munar. Þannig er heildartap landsbyggðarinnar á Íslandi um 29% en heildartap Nord-Kalottensvæðisins var um 18%. Tap Vestfjarða, um 53%, er því mjög mikið í þessu samhengi, og hið sama má í reynd segja um Norðurland vestra og Vesturland, og ef til vill einnig um Austurland og Suðurland.

Í framhaldi af þessu er fróðlegt að kanna umfang þéttbýlis og dreifbýlis á Íslandi og hinum Norðurlöndunum. Það gefur mikilvægar vísbendingar um einkenni búsetunnar í þessum löndum.

Tafla II.4 sýnir hve stór hluti hverrar þjóðar býr annars vegar í tiltekinni stærð þéttbýlis (þorp, bæir eða borgir með 200 íbúa eða fleiri) og hins vegar í dreifbýli (staðir með færri en 200 íbúa og sveitir). Þá er í neðri hluta töflunnar sýnt vægi höfuðborgarsvæðisins í hverju landanna og einnig hlutfall íbúa sem starfa við landbúnað, en þeir búa að stærstum hluta í sveitum.

Af þessum gögnum má sjá að mun minni hluti íslensku þjóðarinnar býr í dreifbýli, með minna en 200 íbúa, en tíðkast meðal frændþjóðanna á Norðurlöndum, eða um 8,5% á móti 15-26%. Hlutfall þjóðarinnar sem býr í smærri þorpum (með 200-500 íbúa) er rétt í meðallagi, og hið sama á við um smærri bæi sem eru með 500-1.000 íbúa. Hluttur bæja með 1.000-2.000 íbúum er frekar stór hér á landi, en hluttur 2.000-10.000 manna bæja er hins vegar lítil, samanborið við hin löndin. Þá eru engir þéttbýlisstaðir hér á landi sem eru á bilinu 20.000 til 50.000, en í hinum löndunum eru þeir nálægt 12%.

Tafla II.4 Þéttbýlisstig á Norðurlöndum

Þéttbýlisstig:	Ísland	Danmörk	Finnland	Noregur	Svíþjóð
Dreifbýli (0-199 íbúar)	8,5	15,1	20,3	26,4	16,9
200-499	2,8	3,5	2,1	2,4	2,6
500-999	3,2	4,5	2,5	3,7	3,5
1.000-1.999	8,3	5,5	3,9	4,8	4,5
2.000-9.999	9,4	15,6	15,2	15,5	17,4
10.000-19.999	9,4	5,9	4,6	5,8	9,1
20.000-49.999	0,0	12,5	12,9	11,0	12,5
50.000 eða fleiri íbúar	58,4	37,3	38,5	30,5	33,4
Alls	100%	100%	100%	100%	100%
Fjöldi	266.783	5.162.126	4.998.478	4.384.410	8.585.907
% þjóðanna er býr á höfuðborgarsvæðinu:	58,4	26,0	17,2	17,9	17,6
% þjóðanna er starfar í landbúnaði:	4,5	2,5	3,3	2,5	1,6


Þegar hins vegar er litið á stærstu borgirnar, þ.e. þær sem hafa 50.000 eða fleiri íbúa þá er hlutfall Íslands langhæst, eða um 58% á móti 30-37% í hinum löndunum. Það er því ljóst að mun stærri hluti íslensku þjóðarinnar býr í þéttbýli en tíðkast meðal grannþjóðanna. Þá er einnig þess að gæta að í hverju hinna landanna eru nokkrar stórar borgir en hér er aðeins ein sem nálgast það að rísa undir nafni í þeim efnum. Samkvæmt framansögðu hafa Íslendingar orðið fyrir afgerandi meiri búseturöskun á síðastliðnum 30-40 árum en grannþjóðirnar. Íslendingar eru vissulega fámenn þjóð sem býr í stóru landi, en þrátt fyrir það eru þeir einnig meiri þéttbýlismenn en frændurnir á Norðurlöndum, þ.e. stærri hluti Íslendinga býr í þéttbýli af millistærð og yfir. Búseta hér á landi er meira samþjöppuð en almennt er á hinum Norðurlöndunum. Þjóðfélagsgerð og lífshættir þéttbýlis ættu samkvæmt þessu að vera meira afgerandi í lífi íslensku þjóðarinnar en tíðkast í lífi frændþjóðanna á Norðurlöndum. Vægi höfuðborgarsvæðisins er einnig hlutfallslega mun meira hér á landi en er í hinum löndunum.

II.4. Niðurstaða

Að lokum er hér sýnt yfirlit um heildareinkenni búferlaflutninga á Íslandi, til samanburðar við mólél Zelinskys sem kynnt var í byrjun fyrsta kafla. Það er ágætlega til þess fallið að draga saman niðurstöður af þessari lýsingu á einkennum þróunar búsetu og búferlaflutninga á Íslandi, með samanburði við reynslu grannþjóðanna á Norðurlöndum. Allar tölur á myndinni eru hlutfall af hverju þúsundi íbúa.

Myndin sýnir að flutningar innan landsvæðanna eru mestir að umfangi, eins og við er að búast, bæði samkvæmt älogmáli Ravensteins og módeli Zelinskys, og jafnframt að þeir hafa verið að aukast á síðustu þremur áratugum. Flutningur frá landsbyggð til höfuðborgarsvæðis er umtalsvert meiri en flutningurinn í gagnstæða átt. Það sem hvað merkilegast er á myndinni er auðvitað sú aukning á flutningum til höfuðborgarsvæðisins sem enn gengur yfir og sem enn hefur vaxið á allra síðustu árum, eins og betur kemur fram á mynd II.6. Þetta bendir eindregið til þess að Ísland sé talsvert á eftir nágrannaþjóðunum í innleiðslu þeirra nútímahátta atvinnulífs sem tengjast þjónustu- og upplýsingaþjóðfélaginu, og sem Zelinsky tengir beint við breytt mynstur búferlaflutninga.

Mynd II.7: Heildareinkenni búferlaflutninga á Íslandi 1961-90



Þannig gætir ekki á Íslandi þeirra breytinga sem víðast urðu í hinum norrænu löndunum á síðustu tveimur áratugum, þ.e. að úr búferlaflutningum dragi almennt. Þá

gætir þess heldur ekki hér á landi að straumur fólks frá höfuðborgarsvæðinu til smærri þéttbýlisstaða sem eru innan seilingar við höfuðborgarsvæðið (á Vesturlandi, Suðurnesjum eða Suðurlandi) hafi aukist að umtalsverðu marki. Að þessu leyti virðist upplýsingaþjófslagið vera skemur á veg komið hér á landi en í nágrannalöndunum.

Búferlaflutningamynstrin á Íslandi eru enn að mestu leyti á þann veg sem algengast var á fyrri skeiðum iðnríkisins í nágrannalöndunum, þ.e. að stærstu staðirnir dragi flesta íbúa til sín. Talsverð sérstaða skapast að auki hér á landi vegna ofurvægis eina stóra þéttbýlissvæðisins, Höfuðborgarsvæðisins, sem hýsir nú mun stærri hluta þjóðarinnar en höfuðborgir nágrannalandanna á Norðurlöndum gera.

Þess vegna er nauðsynlegt að spyrja nánar um ástæður þessara miklu búferlaflutninga hér á landi, sem jafnframt hafa verið að aukast á allra síðustu árum. Ný gögn um orsakir búferlaflutninga hér á landi, sem sérstaklega var aflað vorið 1997, og sem kynnt verða í næstu köflum þessa rits, eru vel til þess fallin að varpa nánara ljósi á einkenni og orsakir búferlaflutninganna á Íslandi. Þau eru einnig vel til þess fallin að svara því, hvort hinir óvenju miklu búferlaflutningar sem hér hafa verið séu séríslenskt fyrirbæri er tengist landkostum eða hugarfari þjóðarinnar, eða hvort þeir í einhverjum mæli endurspegli síðbúna þróun umskiptanna frá atvinnu- og þjóðlífi sem einkennir iðnríkið til þess sem einkennir upplýsingaþjófslagið. Ef hið síðarnefnda reynist vera þýðingarmikill þáttur orsakanna, þá er von til þess að þróunin geti snúist við að umtalsverðu leyti á næstu áratugum. Ef fyrri skýringin á hins vegar að mestu leyti við má búast við að áframhald verði á helstu einkennum búferlaflutninganna sem ríkt hafa innanlands á síðustu tveimur áratugum.

Kafli III: Framfarir á Íslandi

III.1. Framfarir, stöðnun eða hnignun á landinu öllu

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir nýjum gögnum um mat íbúa einstakra landshluta á þróun búsetuskilyrða í heimabyggð sinni á síðastliðnum fimm árum. Í næsta kafla verður svo gerð grein fyrir ánægju eða óánægju íbúa með búsetuskilyrði sín nú á dögum. Upplýsingarnar koma úr könnun sem gerð var vorið 1997 í öllum landshlutum (sjá nánar um framkvæmd Landshlutakönnunar búsetuskilyrða í Viðauka I aftan við meginefni bókarinnar).

Tekið var úrtak úr hverjum landshluta, minnst 200 manns úr hverjum landshluta, og var miðað við kjördæmi, utan hvað sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu voru öll flokkuð með Reykjavík og auðkennd sem Höfuðborgarsvæðið. Þaðan var tekið tvöfalt úrtak. Aðrir íbúar Reykjanesskjördæmis en þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu voru flokkaðir saman og auðkenndir sem Suðurnesjamenn. Alls var þannig leitað til 1800 manna af öllu landinu til að fá áreiðanlegar upplýsingar úr hverjum landshluta. Markmið könnunarinnar var að fá fram ríkjandi hugarfar á sviði búsetumála, mat á búsetuskilyrðum, væntingum og stefnumiðum almennings í landshlutunum, sem notað verður til að varpa ljósi á orsakir búferlaflutninga innanlands, meðal annars með því að tengja niðurstöður um hugarfar almennings við raunverulega búferlaflutningareynslu sérhvers landshluta. Það verður gert í seinni köflum bókarinnar, þ.e. í þriðja hluta verksins. Spurt verður hvort mat íbúa á einstökum

Þáttum er tengjast búsetuskilyrðum sé reglubundið öðruvísi í þeim landshlutum sem flestu fólki hafa tapað vegna búferlaflutninga en í hinum sem færri eða engu fólki hafa tapað.

Í matinu á þróun búsetuskilyrða í einstökum landshlutum var spurt um afstöðu íbúanna til 24 búsetuþátta, og var hver og einn svarandi beðinn um að segja til um hvort viðkomandi atriði í byggðarlaginu hefði breyst til hins betra eða versnað á síðastliðnum fimm árum. Einnig gátu svarendur sagt að viðkomandi þáttur búsetuskilyrðanna hefði staðið í stað. Síðan eru niðurstöður allra þessara 24 þátta lagðar saman til að fá fram heildstætt mat íbúanna á búsetuskilyrðunum. Heildarmat sem þannig er fengið, með ítarlegri greiningu og samlagningu margra efnisþátta, gefur nákvæmari og áreiðanlegri útkomu en fæst með því að spyrja fólk almennt um heildarmatið á búsetuskilyrðum þeim er það býr við.

Svarendur úr hverjum landshluta gáfu þannig upp mat sitt á sérhverjum þessara 24 efnisþátta fyrir sitt byggðarlag, þ.e. hvort viðkomandi atriði hefði batnað, staðið í stað eða versnað þar á síðastliðnum fimm árum. Síðan var tekið sérúrtak 1000 manna úr hópi þeirra sem flutt hafa búferlum milli landshluta á tímabilinu frá 1992 til loka árs 1996. Þeir voru á svipaðan hátt spurðir um mat sitt á einstökum þáttum búsetuskilyrða í núverandi heimabyggð, sem og í fyrra byggðarlagi. Þannig fékkst sjálfstætt mat á búsetuskilyrðum fyrir og eftir flutning, án þess að svarendur væru séstaklega beðnir um að bera þau skilyrði saman. Niðurstöður úr þeim þætti verða kynntar í kafla 6.

Spurt var um eftirtalda þætti í matinu á þróun búsetuskilyrðanna:

- Atvinnumál
(sérstaklega var spurt um fjögur atriði, þ.e. atvinnutækifæri, atvinnuöryggi, fjölbreytni atvinnulífsins og kjör launafólks);
- Opinber velferðarþjónusta
(dagvistunarmál, grunnskólamál, framhaldsskólamál, heilsugæslu, þjónustu við aldraða);
- Húsnæðismál
(Framboð á hentugu húsnæði, fasteignaverð, upphæð húsaleigu);
- Menningu og afþreyingu
(Menningarlíf, þ.e. leiksýningar, listsýningar, tónlistarlíf o.fl., skemmtanalíf, þ.e. dansleiki, kvikmyndasýningar, félagslíf o.þ.h., og loks möguleika á íþróttaiðkun);
- Samgöngumál
(Lagningu og viðhald vega, ruðning vega á vetrum, og flugsamgöngur);
- Verslun og þjónusta
(Vöruúrval, þjónustuúrval, verðlag);
- Umhverfi og veðurfar
(Hættu af mannavöldum, t.d. vegna umferðar eða ofbeldis, hættu vegna náttúruhamfara, og veðurfarsskilyrði).

Eins og áður er fram komið verður í þessum kafla einungis fjallað um þróun búsetuskilyrðanna á sl. fimm árum. Í töflu III.1 má sjá heildaryfirlit um mat landsmanna úr öllum byggðarlögum samanlögðum á framförum, stöðnun eða afturför í landinu á þessu tímabili. Þetta er fróðlegt að skoða með hliðsjón af almennum

þjóðfélagsaðstæðum, áður en slíkar niðurstöður verða bornar saman milli landshluta, síðar í kaflanum.

Athyglisvert er þegar litið er á niðurstöðu fyrir alla 24 þættina samanlagða, að aðeins um 5% landsmanna segja búsetuskilyrðin, eða helstu þætti lífsskjaranna, hafa versnað, en um 37% segja þau hafa batnað, eða rúmlega sjöfalt fleiri. Um 58% segja þau hins vegar hafa staðið í stað. Það er því mat þjóðarinnar sjálftrar að framfarir hafi orðið á síðastliðnum fimm árum í búsetuskilyrðum, séð frá sjónarhóli íbúa hvers byggðarlags fyrir sig. Niðurstaðan er hins vegar mjög misjöfn eftir landshlutum, eins og fram kemur hér á eftir, auk þess sem útkoman fyrir einstaka málaflokka er misjöfn, eins og fram kemur af töflunni.

Þrjú svið skera sig úr fyrir það, hve margir segja þar hafa orðið afturför á tímabilinu: atvinnumál, húsnæðismál og umhverfisaðstæður. Hvað atvinnumálin snertir er auðvitað um að ræða viðbrögð við mjög auknu atvinnuleysi frá 1992, enda segja margir að atvinnuöryggi, atvinnutækifæri og fjölbreytni í atvinnulífi hafi farið aftur á tímabilinu (sjá nánar niðurstöður fyrir einstaka þætti á myndum í viðauka við þennan kafla). Þetta er þó alls ekki einhlítt þegar útkoman er skoðuð eftir landshlutum, því í sumum landshlutum er meirihluti á því að batnað hafi á þessum sviðum. Þá er á landinu öllu enn meira afgerandi sú tilfinning að kjör launafólks hafi almennt versnað á tímabilinu.

Tafla III.1
Framfarir, stöðnun eða hnignun á Íslandi síðastliðin 5 ár?

	Batnað	Staðið í stað	Versnað
Allir 24 þættir búsetuskilyrða samanlagðir	37%	58%	5%
Atvinnumál	25 %	33%	42%
Opinber þjónusta	62%	32%	6%
Húsnæðismál	26%	47%	27%
Menning/afþreying	54%	40%	6%
Samgöngur	52%	42%	6%
Verslun/þjónusta	52%	41%	7%
Umhverfisaðstæður	6%	75%	19%

Heimild: Landshlutakönnun búsetuskilyrða, vorið 1997.

Hvað húsnæðismál varðar þá er mjög afgerandi að kvartað sé undan neikvæðri þróun húsaleigu og síðan kemur versnandi þróun fasteignaverðs. Þetta getur auðvitað komið misjafnlega út fyrir menn eftir því hvort þeir eru kaupendur eða seljendur, en sem mat á þróun húsnæðisaðstæðna stendur niðurstaðan almennt, þ.e. að undan fæti hafi hallað á þessu sviði. Mat þessara atriða er þó mjög ólíkt eftir því hvar á landinu er. Hins vegar er einn þáttur húsnæðismálanna sem flestir segja að hafi batnað, en það er framboð hentugs húsnæðis. Þannig virðist matið benda til þess, að nægilega mikið hafi verið byggt á landinu í heild en að markaðsaðstæður, jafnt á fasteignamarkaði sem leigumarkaði, hafi versnað fyrir fjöldann.

Hvað umhverfisskilyrðin varðar þá ber helst á því að kvartað sé undan aukinni hættu af völdum umferðar og ofbeldis annars vegar, og hins vegar af völdum náttúruhamfara, og er það síðarnefnda bundið við tvo landshluta, eins og fram kemur hér á eftir.

Þá er að líta nánar á þau atriði sem þjóðin telur að hafi batnað á tímabilinu. Þar stendur opinber velferðarþjónusta út úr, en landsmeðaltalið er um 62% fyrir þá sem segja þann málaflokk hafa batnað í sínu byggðarlagi. Hér er um að ræða stærstu svið opinberrar þjónustu, svo sem skóla-, heilbrigðis- og umönnunarmál. Mest afgerandi er niðurstaðan á sviði dagvistunarmála og þjónustu við aldraða, en mjög stór meirihluti svarenda úr öllum kjördæmum eða landshlutum segir þjónustu á þessum sviðum hafa batnað (sjá nánar niðurstöður fyrir einstaka þætti í viðauka við þennan kafla). Þá koma grunnskólamál, og er einnig rúmur meirihluti í öllum landshlutum sem telur þau hafa batnað á tímabilinu, ívið minni er meirihlutinn þegar spurt er um framhaldsskólamál. Loks eru það málefni heilbrigðisþjónustunnar, en þar er útkoman blendnari. Á Höfuðborgarsvæðinu er jafnvel meirihluti svarenda sem segir heilbrigðisþjónustuna hafa versnað. Á heildina litið er það þó athyglisvert að fólk í nær öllum landshlutum skuli meta það svo að flestir þættir hinnar opinberu velferðarþjónustu hafi batnað á tímabilinu.

Næst koma menningar og afþreyingarmálefni ýmiss konar, en um 54% fólks úr öllum landshlutum segir framboð eða aðstæður á þeim sviðum hafa batnað, en aðeins um 6% segja þau hafa versnað. Þetta er þó breytilegt milli landshluta. Af þeim atriðum þessa málaflokks sem spurt var um er mest afgerandi hve miklar framfarir hafa orðið á möguleikum til íþróttaiðkunar, en stór meirihluti svarenda í öllum landshlutum segir slíkar aðstæður hafa batnað. Þá er rúmur meirihluti sem segir þróun menningarlífs (leiksyningar, tónlistarlíf, listsýningar o.fl.) hafa snúið til betri vegar. Þegar spurt var um skemmtanalíf (dansleiki, félagslíf, kvikmyndasýningar o.fl.) var hins vegar mjórra á munum, þó víðast hafi þeir verið fleiri sem töldu að á þessu sviði hafi brugðið til hins betra.

Næst eru það samgöngumálin, en á því sviði virðist sem umtalsverðar framfarir hafi einnig orðið síðastliðin fimm ár. Lagning vega og viðhald þeirra telja menn í öllum landshlutum að hafi batnað, og er það umtalsverður meirihluti sem það segir. Hið sama á við um ruðning vega á veturnum, þó þar sé meirihlutinn minni en þegar spurt var um lagningu og viðhald vega. Misjafnt var hins vegar milli landshluta hvernig íbúar mátu þróun flugsamgangna, en þó var það þannig að í þeim landshlutum sem helst þurfa að byggja á flugsamgöngum voru fleiri á því að þær hefðu batnað á tímabilinu.

Loks er að nefna þróun verslunar og þjónustu, en í öllum landshlutum var stór meirihluti fólks á því að vöruúrval og þjónustuframboð hefðu batnað, og einnig var meirihluti á því að verðlag hafi batnað. Þetta síðarnefnda var þó breytilegra milli landshluta. Aukin samkeppni í verslun og þjónustu, fjölgun stórmarkaða, og aukin tengsl við viðskiptaumhverfi annarra landa (m.a. vegna aðildar Íslands að evrópska efnahagssvæðinu og endurskoðun alþjóðlega Gatt-samkomulagsins) virðist þannig hafa skilað sér almennt í bættu framboði og betra verði.

Þegar á heildina er litið má því segja, að mat þjóðarinnar á framförum á síðastliðnum fimm árum, séð frá sjónarhóli íbúa hvers byggðarlags fyrir sig, sé almennt jákvætt. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að allt fram til 1994 ríkti hér stöðnun í

efnahagsmálum, og hafði svo verið frá árinu 1988, en síðan tók efnahagslífið að eflast og kjör að batna. Tímabilið sem fólk er að svara til um er því tvískipt hvað ástand efnahagsmála snertir, með uppsveiflu á seinni hlutanum. Atvinnuleysi var þó áfram mikið, miðað við það sem verið hefur á eftirstríðsárunum. Eins og fram kemur af töflu III.1, og enn betur af töflu III.2 hér á eftir, er mat fólks á einstökum sviðum búsetuskilyrða eða lífskjara mjög mismunandi, og einnig breytilegt eftir landshlutum, þannig að jákvæð útkoma í heildina verður ekki rakin til þess eins að þjóðin hafi upplifað innreið vaxandi góðæris á seinni hluta könnunartímans. Enda hefur framvinda búsetuskilyrða verið mjög misjöfn milli landshluta, líkt og framvinda búsetunnar í landinu og þróun búferlaflutninga milli svæða.

III.2. Framfarir í einstökum landshlutum

Samanburð á mati búsetuskilyrða í einstökum landshlutum má sjá á töflu III.2. Efri hluti töflunnar sýnir hve stór hluti íbúa hvers svæðis segir viðkomandi þátt búsetuskilyrðanna hafa batnað, en neðri hlutinn sýnir hve stór hluti segir þau hafa versnað. Efsta línan í hvorum hluta töflunnar sýnir samanlagða niðurstöðu svara við öllum 24 þáttum búsetuskilyrðanna sem spurt var um.

Það er athyglisvert í efri hlutanum að á Suðurlandi er hæst hlutfall íbúa sem segja að búsetuskilyrðin almennt hafi batnað, en Norðurland eystra og Höfuðborgarsvæðið fylgja fast á eftir. Almennt má því segja, að hvað sem líður byrjunarstöðu hvers þessara landshluta í upphafi tímabilsins, þá hafi framfarir orðið mestar á þessum svæðum, þ.e.a.s. íbúar þessara svæða hafa upplifað framfarir á hinum tilgreindu sviðum í meiri mæli en íbúar annarra svæða á landinu. Lægst er hlutfallið hins vegar á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Á móti kemur að flestir íbúar þessara svæða segja búsetuskilyrðin hafa staðið í stað, því aðeins um 7% íbúanna segja þau hafa versnað, eins og sjá má í neðri hluta töflunnar.

Atvinnumálin eru, eins og þegar er fram komið, sá þáttur sem menn segja síst að hafi batnað, og í reynd er það svo, að í sérhverjum landshluta eru þeir fleiri sem segja þau hafa versnað en hinir sem segja þau hafa batnað. Þar gætir hins aukna atvinnuleysis, samdráttar og hagræðingar á síðustu árum. Ef litið er á atvinnumálin í neðri hluta töflunnar má sjá að það er á Norðurlandi vestra sem langflestir segja atvinnuskilyrðin hafa versnað, eða um 60% á móti 14% sem segja þau hafa batnað. Á Vestfjörðum segja 49% að atvinnuskilyrðin hafi versnað (á móti 20% sem segja þau hafa batnað), og á Suðurnesjum er einnig stór hluti íbúa sem segir atvinnuskilyrðin hafa versnað, eða um 47% (á móti 22% sem segja þau hafa batnað). Þá eru einnig frekar margir sem kvarta yfir atvinnumálum á Vesturlandi (44%) og á Suðurlandi (37%), en á Suðurlandi eru hins vegar einnig margir sem segja atvinnumálin hafa batnað (31%), þannig að þar er líklega mikill svæðamunur innan landshlutans (t.d. á milli landbúnaðarsvæðanna í sveitum og þéttbýlisins á Selfossi og í Hveragerði).

Ef litið er á einstaka þætti atvinnumálanna (sjá myndir í viðauka við þennan kafla), þá kvarta íbúar Norðurlands vestra áberandi mest undan þróun atvinnutækifæra, skorti á fjölbreytni atvinnulífs og atvinnuöryggi. Höfuðborgarsvæðisbúar eru hins vegar langflestir á því að fjölbreytni atvinnulífsins þar hafi batnað. Suðurland og Norðurland eystra koma þar á eftir. Á Austurlandi eru ívið fleiri sem segja fjölbreytni hafa aukist en hinir sem segja hana hafa minnkað. Þegar hins vegar er litið á svör við

spurningunni um þróun kjara launafólks eru það á bilinu 46% til 64% sem segja þau hafa versnað, og er hlutfallið lægst á Austurlandi, Suðurlandi og Norðurlandi eystra.

Tafla III.2
Framfarir og hnignun í einstökum byggðarlögum á síðustu 5 árum

% sem segja búsetuskilyrði hafa breyst til hins betra

	HB	SN	VL	VF	NV	NE	AL	SL	Meðaltal
Allir 24 þættir búsetu- skilyrða samanlagðir	44	36	38	24	27	45	36	47	38
Atvinnumál	31	22	27	20	14	31	26	31	25
Opinber þjónusta	50	58	65	57	60	70	57	77	62
Húsnæðismál	45	37	26	13	20	18	20	31	26
Menning/afþr.	73	59	47	49	48	65	42	52	54
Samgöngur	54	54	51	53	45	55	52	54	52
Verslun/þjónusta	62	47	60	51	49	49	37	62	52
Umhverfisaðst.	5	9	3	7	5	4	12	5	6

% sem segja búsetuskilyrði hafa versnað

	HB	SN	VL	VF	NV	NE	AL	SL	Meðaltal
Allir þættir búsetu- skilyrða samanlagðir	4	4	2	7	7	5	6	3	5
Atvinnumál	35	47	44	49	60	34	28	37	42
Opinber þjónusta	15	8	2	8	6	3	6	3	6
Húsnæðismál	18	20	16	40	34	36	30	21	27
Menning/afþr.	2	5	4	10	8	5	7	5	6
Samgöngur	9	6	7	4	9	4	3	5	6
Verslun/þjónusta	3	8	2	8	7	8	13	9	7
Umhverfisaðst.	33	24	16	23	15	14	5	18	19

Heimild: Landshlutakönnun búsetuskilyrða vorið 1997

Best koma atvinnumálin í heild út á Austurlandi, Höfuðborgarsvæði og Norðurlandi eystra, en þó eru ívið fleiri á hverju þessara svæða sem segja þau hafa versnað, þ.e. 2-4% fleiri. Framvindan á sviði atvinnumála snertir fólk án efa misjafnlega, til dæmis eftir því í hvaða starfsstétt eða atvinnugrein fólk starfar, því atvinnuleysi leggst með misjöfnum þunga á fólk í ólíkum þjóðfélagshópum. Á heildina litið má því segja að þróun atvinnumálanna hafi verið neikvæð á tímabilinu, í öllum landshlutum, en þó síður í stærstu þéttbýlishéruðunum (Höfuðborgarsvæði og Akureyrarsvæði) og á Austurlandi.

Annar málaflokkurinn sem miður hefur þróast, að mati íbúanna sjálfra, eru húsnæðismálin. Þar er mest einkennandi hversu misjöfn þróunin hefur verið eftir svæðum. Þannig er það einkum á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum sem meirihluti svarenda segir húsnæðismálin hafa þróast á verri veg sl. 5 ár, mest á Vestfjörðum. Áberandi mest er kvartað undan neikvæðri þróun fasteignaverðs á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum. Á Höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum þykir framboð húsnæðis hins vegar hafa batnað, og sömuleiðis, en í minni mæli þó, á Norðurlandi vestra og Suðurlandi. Það er svo á Norðurlandi eystra sem mest er kvartað undan neikvæðri þróun húsaleigu.

Á heildina litið virðist þróun húsnæðismála hafa verið hagstæðust á Höfuðborgarsvæði og Suðurnesjum. Þetta má einnig sjá skýrar í töflu III.3, þar sem sýnd er heildarafstaða til framangreindra búsetuskilyrða, þ.e. þeir sem segja skilyrðin hafa batnað (efri hluti töflu III.2) að frádregnum þeim sem segja þau hafa versnað (neðri hluti töflu III.2).

Tafla III.3
Heildarmat á þróun búsetuskilyrða landshlutanna
Þeir sem segja skilyrði hafa batnað að
frádregnum þeim er segja þau hafa versnað
Heildarafstaða: % batnað - % versnað

	HB	SN	VL	VF	NV	NE	AL	SL	Meðaltal
Allir þættir búsetuskilyrða samanlagðir	40	32	36	17	20	40	30	44	33
Atvinnumál	-4	-25	-17	-29	-46	-3	-2	-6	-17
Opinber þjónusta	35	50	63	49	54	67	51	74	56
Húsnæðismál	27	17	10	-27	-14	-18	-10	10	-1
Menning/afþr.	71	54	43	39	40	60	35	47	48
Samgöngur	45	48	44	49	36	51	49	49	46
Verslun/þjónusta	59	39	58	43	42	41	24	53	45
Umhverfisaðst.	-28	-15	-13	-16	-10	-10	7	-13	-13

Heimild: Landshlutakönnun búsetuskilyrða vorið 1997

Hvað umhverfisskilyrði varðar, þann síðasta af þeim þremur þáttum sem verst koma út, þá er markverðast að Vestfirðingar kvarta undan aukinni hættu af völdum náttúruafla, og Sunnlendingar sömuleiðis. Hins vegar kvarta íbúar Höfuðborgarsvæðisins undan vaxandi ókostum þéttbýlisins, þ.e. aukinni hættu af mannavöldum, svo sem vegna umferðar og ofbeldis.

Þá er að segja nánar frá þeim þáttum sem þykja hafa batnað hvað mest. Þar er fyrst til að taka opinberu velferðarþjónustuna. Í heild virðast hún hafa batnað mest á landsbyggðinni, sérstaklega á Suðurlandi, Norðurlandi eystra og Vesturlandi, en síst á Höfuðborgarsvæðinu. Þar gætir sérstaklega áhrifa af því mati sumra íbúa Höfuðborgarsvæðisins að heilbrigðisþjónusta hafi hrakað þar og einnig virðast þeir vera síður á því en íbúar landsbyggðarhéraðanna að þjónusta við aldraða hafi batnað

(sjá myndir í viðauka við þennan kafla). Hins vegar er stór meirihluti þeirra á því að þróun dagvistunarmála hafi verið batnandi, og á það einnig við um Sunnlendinga og Norðlendinga. Síst á það við um Vestfirðinga.

Mat á þróun grunnskólamála er svipað í öllum landshlutum, nema Norðurlandi vestra þar sem þau mál virðast hafa batnað minna. Mest er ánægja með þróun framhaldsskólamála á Norðurlandi eystra, Suðurnesjum og Suðurlandi.

En á heildina litið virðist þróun hinnar opinberu velferðarþjónstu hafa verið landsbyggðarmönnum að skapi á síðastliðnum 5 árum, jafnvel meira en við á um íbúa Höfuðborgarsvæðisins.

Það virðist einkenna samgöngumálin að þróun þeirra er metin nokkuð jafnt af íbúum allra landshluta. Helstu frávikin hvað vegagerð varðar eru þau að íbúar Höfuðborgarsvæðis kvarta ívið meira en íbúar landsbyggðarinnar. Hvað flugsamgöngur varðar er markverðast að íbúar Vesturlands kvarta mikið undan versnandi þjónustu, og á Norðurlandi vestra og Suðurlandi eru frekar fáir sem segja flugsamgöngur hafa batnað.

Um mat íbúa einstakra landshluta á menningar- og afþreyingarmálum er það markverðast sagt, að niðurstöður endurspegla umfang þéttbýlismyndunar í stærstum mæli. Þannig segja menn langmest á Höfuðborgarsvæðinu að á þessu sviði hafi orðið framfarir. Síðan koma íbúarnir á Norðurlandi eystra (Akureyrarsvæðinu) og þar á eftir Suðurnesjamenn. Færri segja framfarir hafa orðið á þessu sviði á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og á Austfjörðum. Framangreindar niðurstöður eiga sérstaklega við um þróun menningarlífs og skemmtanalífs, en hvað þróun aðstöðu til íþróttaiðkunar varðar þá er hlutfall íbúa sem segja hana hafa batnað nokkuð jafnt á landinu, eða á bilinu 70-80%.

Loks er að nefna mat fólks á verslun og þjónustu. Það er þáttur sem fólk almennt segir hafa batnað á sínu svæði, en mest er það þó sagt á Höfuðborgarsvæðinu, Vesturlandi og Suðurlandi. Á hinn bóginn skera Austfirðir sig úr í þessu efni, því þar er langlægst hlutfall íbúa sem segja verslun og þjónustu hafa batnað og jafnframt frekar hátt hlutfall íbúa sem segja hana hafa versnað. Í þessu efni stendur út úr hvað fólk á Höfuðborgarsvæði, Suðurlandi og Vesturlandi segir í miklum mæli að vöruúrval hafi batnað, og hve margir á Suðurlandi, Vesturlandi og Vestfjörðum segja verðlag hafa batnað.

III.3. Niðurstöður

Þegar allt er saman tekið um mat íbúa einstakra landshluta á þróun búsetuskilyrða sinna á síðastliðnum fimm árum, er athyglisvert að meirihluti þjóðarinnar segir markverðar framfarir hafa orðið. Þar munar mest um framfarir á sviði opinberrar velferðarþjónustu, menningar og afþreyingarþjónustu, samgangna og á sviði verslunar og almennrar þjónustu einkaaðila. Á hinn bóginn er kvartað undan versnandi þróun atvinnuskilyrða og launakjara.

Framfarir virðast hafa snert flesta á Suðurlandi, Höfuðborgarsvæði og á Norðurlandi eystra, en fæsta á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra.

Hvað einstaka málaflokka varðar, þá er afgerandi hversu óhagstæð þróun atvinnuskilyrða hefur verið á Norðurlandi vestra, Vestfjörðum og Suðurnesjum, og óhagstæð þróun húsnæðisskilyrða á Vestfjörðum, Norðurlandi öllu og Austfjörðum. Þá kvarta íbúar Höfuðborgarsvæðisins nokkuð undan vaxandi ókostum þéttbýlis, svo sem hættu af völdum umferðar og ofbeldis.

Á hinn bóginn er athyglisvert að þeir lífskjarþættir sem helst tengjast þróun til nútímalegra háttá, svo sem verslun, menningar- og afþreyingarmál, þykja í mestum mæli hafa batnað á Höfuðborgarsvæðinu, en einnig nokkuð á Norðurlandi eystra (Akureyrarsvæðinu). Suðurnes og Suðurland koma einnig nokkuð vel út úr mati íbúa á hagstæðri þróun þessara þátta.

Viðauki við kafla III:

Svör við 24 spurningum um þróun búsetuskilyrða

Hér er sýnd nánari greining svara við einstökum spurningum um þá þætti sem liggja til grundvallar heildarmati á breytingum búsetuskilyrða, sem einnig er flokkað í færri efnissvið, svo sem atvinnumál, opinbera þjónustu, húsnæðismál o.fl., og borið saman milli landshluta. Sýnt er hlutfall svarenda af hverju svæði sem segja viðkomandi efnisþátt hafa batnað á sínu svæði á sl. 5 árum og hlutfall sem segja hann hafa versnað. Vísað er í þessi gögn í texta kaflans.

Kafla IV Búsetuskilyrði í samtímanum Mat íbúa í einstökum landshlutum

IV.1. Heildarmat búsetuskilyrða í landshlutunum

Í þessum kafla verða kynntar meginniðurstöður af mati íbúa á búsetuskilyrðum í byggðarlögum sínum í samtímanum. Um er að ræða svör við spurningum um ánægju eða óánægju með einstaka þætti búsetuskilyrða, alls 24 efnisatriði, lík þeim sem kynnt voru í kafla III. Í viðauka við þennan kafla eru birt svör við þeim 24 spurningum sem liggja matinu til grundvallar.

Reynsla af rannsóknum bendir til þess að varasamt sé að spyrja fólk sem flytur búferlum almennt og beint um ástæðu flutninganna, því fólk hefur tilhneigingu til að réttlæta gerðir sínar og jafnvel fegra þær, auk þess sem fólk vill ógjarnan segja löst á fyrra byggðarlagi, þar sem það á rætur í reynslu og tengslum við ættingja og vini. Hið sama á við um mat á núverandi byggðarlagi. Fólk sem flutt hefur til nýs byggðarlags hefur lagt í umtalsverðan kostnað og fyrirhöfn vegna flutninganna og vill síður viðurkenna að óreyndu að um mistök hafi verið að ræða. Þess vegna er jafnan áreiðanlegri í rannsóknum á hugarfarslegum þáttum búferlaflutninga að spyrja ítarlegar um einstaka skýrt afmarkaða þætti lífskjara eða búsetuskilyrða, jafnvel óháð umræðu um búsetu og búferlaflutninga. Þannig fást hlutlægar svör við fjölda efnisþátta sem saman gefa heildstæða mynd af mati íbúanna á aðstæðum og skilyrðum í byggðarlagi þeirra.

Þegar fólk sem flutt hefur brott úr einhverju byggðarlagi er spurt um ástæður þess, er sömuleiðis betra að spyrja sjálfstætt um lýsingu á aðstæðum í núverandi byggðarlagi


og síðan í því fyrra, óháð flutningareynslu viðkomandi svaranda. Minni hætta er þá á því að svarendur reyni að hagræða útkomu fyrir "sitt byggðarlag" eða fyrir "sinn flutning" þegar þessari fjölþættu aðferð er beitt en þegar einungis er spurt einnar spurningar um viðfangsefnið almennt, eins og t.d. með spurningunni "Hvers vegna fluttir þú brott frá staðnum?" eða "Ert þú ánægð eða óánægð með búsetuskilyrðin í núverandi byggðarlagi þínu?".

Í þeirri könnun sem framkvæmd var vorið 1997 vegna þessa verkefnis var einkum byggt á þeirri aðferð að afla upplýsinga um mörg efnisatriði er tengjast búsetuskilyrðum, óháð spurningum um búferlaflutninga, og síðan reynt að lesa af þeim heildarmynd aðstæðnanna. Þó var einnig beitt hinni einföldu aðferð sem felst í því að spyrja einnar almennrar spurningar um efnið, og má sjá mun á niðurstöðum þriggja aðferða við að draga saman í heildarmat á búsetuskilyrðum á myndum IV.1 til IV.3.

Fyrsta súlan í hverjum landshluta sýnir svör við einni spurningu um ánægju eða óánægju með "búsetuskilyrðin í byggðarlagi þínu, þegar á heildina er litið". Önnur súlan sýnir heildarmat sem fæst með því að leggja saman svör við 24 spurningum um ýmsa þætti búsetuskilyrða, frá atvinnutækifærum, tekjuöflunarmöguleikum, dagvistunarmálum og þjónustu við aldraða til vöruframboðs í verslunum, aðstöðu til menningarlífs og umhverfisskilyrða í byggðarlaginu. Þetta er sú aðferð sem mest er á byggjandi, að mati höfundar. Þriðja súlan sýnir aðra aðkomu sem felst í því að flokka fyrst svör við þessum 24 spurningum í átta málaflokka (atvinnumál, opinbera þjónustu, húsnæðismál, menningu og afþreyingaraðstæður, samgöngur, verslun og þjónustu, veðurfar og umhverfisskilyrði). Síðan er lagt saman í heildarmat er byggir á niðurstöðum þessara átta flokka. Ástæðan fyrir því að þessari aðferð er beitt er sú, að óánægja með einstök atriði í lífskjörum eða búsetuskilyrðum er oftast bundin við fá og afmörkuð efnisatriði. Ef ekki er reynt að flokka þau efnislega er hætta á að þau hverfi í heildarmeðaltalinu. Þess vegna er einnig nauðsynlegt að greina allar upplýsingar eftir slíkum málaflokkum, eins og gert verður síðar í kaflanum. Lítum þá nánar á niðurstöður um heildarmat búsetuskilyrða með þessum þremur aðferðum sem sýndar eru á myndum IV.1-IV.3.

Mynd IV.1: Heildarmat búsetuskilyrða - ánægðir.


Hlutfall sem mælast ánægðir með búsetuskilyrði sín, með þremur aðferðum.



Á fyrstu myndinni eru vísbendingar um ánægju íbúa hvers landshluta með búsetuskilyrði sín. Almennt kemur fram mest ánægja þegar spurt er einnar almennrar spurningar um það og er munur milli landshluta jafnframt minnstur með þeirri aðferð. Íbúar Höfuðborgarsvæðisins og Vesturlands segjast almennt ánægðastir með búsetuskilyrði sín, samkvæmt þessari aðferð, þá koma íbúar Suðurnesja, Norðurlands eystra og loks Suðurlands. Minnst ánægja virðist vera með heildarmat búsetuskilyrða á Norðurlandi vestra, Austurlandi og Vestfjörðum, samkvæmt þessu. Ef við lítum hins vegar á hinar tvær aðferðirnar, þá kemur almennt fram minni ánægja með búsetuskilyrðin og meiri munur milli landshluta. Auk þess er mikið samræmi í útkomum beggja þeirra, enda eru þær aðferðafræðilega skyldar. Samkvæmt þeim aðferðum er mest ánægja á Höfuðborgarsvæðinu, þá Norðurlandi eystra, og síðan Suðurnesjum og Suðurlandi. Þar á eftir fylgja Norðurland vestra, Vesturland og Austurland, en minnst virðist ánægja með búsetuskilyrðin vera á Vestfjörðum. Á næstu mynd má sjá í hvaða mæli íbúar einstakra landshluta segjast vera óánægðir með búsetuskilyrðin, samkvæmt þessum þremur ólíku aðferðum.

Mynd IV.2: Heildarmat búsetuskilyrða - óánægðir.


Hlutfall sem mælast óánægðir með þremur ólíkum aðferðum.



Á þessari mynd (IV.2) kemur glögglega í ljós það sem sagt var um tregðu fólks til að segja löst á byggðarlagi sínu, því þegar spurt var einnar spurningar um ánægju eða óánægju með búsetuskilyrðin á heildina litið þá voru það yfirleitt aðeins frá 5 til 15% íbúa sem sögðust vera óánægðir. Mest var óánægja samkvæmt því á Norðurlandi vestra, Vestfjörðum og Austurlandi. Hins vegar kemur fram mun meiri óánægja þegar spurt er um einstök afmörkuð efnisatriði, eins og sjá má af annarri og þriðju súlu fyrir hvern landshluta (sjá einnig ítarlegu myndirnar í viðauka við þennan kafla). Samkvæmt þessum seinni aðferðum er mest óánægja á Vestfjörðum, Vesturlandi og Austurlandi, en minnst á Höfuðborgarsvæðinu, Norðurlandi eystra, Suðurlandi og Suðurnesjum.

Þá liggur næst beint við að draga þá óánægðu frá þeim ánægðu í hverju byggðarlagi og sýna þannig heildaránægju íbúa byggðarlaganna. Það er gert á mynd IV.3. Þar verður munur á niðurstöðum fyrstu og hinna tveggja aðferðanna mestur, vegna þess hve fáir segjast óánægðir þegar aðeins er spurt einnar almennrar spurningar. Hins vegar verður mynstrið mjög afgerandi samkvæmt tveimur seinni aðferðunum.

Mynd IV.3: Heildarmat búsetuskilyrða. Þrjár ólíkar aðferðir. Ánægðir að frádregnum óánægðum.



Mest virðist nettóánægja með búsetuskilyrðin samkvæmt fyrstu súlunni vera á Höfuðborgarsvæðinu og Vesturlandi, og síðan á Suðurnesjum, Norðurlandi eystra og Suðurlandi. Minnst virðist ánægjan á Norðurlandi vestra, Vestfjörðum og Austurlandi. Hins vegar sýnir seinni aðferðin meira afgerandi mun milli byggðarlaga á þann veg að ánægja sé mest á Höfuðborgarsvæði og Norðurlandi eystra (Akureyrarsvæði), og þar á eftir koma Suðurnes og Suðurland. Almennt eru mynstrin í niðurstöðunum svipuð, en mesta frávikid í niðurstöðum samkvæmt fyrri og seinni aðferðunum snertir Vesturland, sem bendir til þess að Vestlendingar beri sig vel þegar búsetuskilyrðin í landshlutanum eru rædd almennt en þeir kvarta samt mikið undan einstökum afmörkuðum þáttum búsetuskilyrðanna.

En hvaða aðferð er þá réttust, ef þeim ber ekki algerlega saman um niðurstöður? Að framan voru færð rök fyrir því að áreiðanlegri mælingaraðferð fælist í því að byggja á svörum við mörgum spurningum um einstök og afmörkuð efnisatriði sem tengjast búsetuskilyrðunum í hverju byggðarlagi. Það er sú aðferð sem byggir á samlagningu annars vegar 24 þátta og hins vegar 8 þátta búsetuskilyrða.

Frekari stuðning við þá afstöðu má fá í töflu IV.1, sem sýnir fylgni milli niðurstaðnanna og talna um fólksfjölgun eða fólksfækkun, sem endurspeгла að mestu leyti búferlaflutningareynslu landshlutanna. Almennt sýnir taflan að fylgni er milli fólksfjöldabreytinga í landshlutunum og heildarmats íbúanna á búsetuskilyrðum þar. Langmest er fylgnin þegar aðferðir tvö og þrjú eru notaðar, yfir 0,9, sem er mjög mikil fylgni, ef hliðsjón er höfð af rannsóknum á sviði félagsvísinda.

Tafla IV.1 Fylgni milli fólksfjöldabráunar og heildarmats á búsetuskilyrðum

Búsetumat skv. þremur aðferðum:

	Ein spurning %	8 þættir saman %	24 þættir saman %
Fólksfjöldabráun (r-fylgni)	0,61	0,93	0,97
Skýrður breytileiki fólksfjölda (R ²)	38%	87%	94%

Þess vegna má nota niðurstöðuna í töflunni sem frekari stuðning við þá afstöðu að mest sé byggjandi á þeirri aðferð sem felst í samlagningu 24 þátta búsetuskilyrðanna í eina heildstæða mælingu, og næstmest á samlagningu þáttanna átta. Hins vegar er það almennt svo, í slíkum félagsvísindalegum rannsóknum, að fylgni ein og sér sannar ekki að um orsakasamband sé að ræða, hún bendir aðeins til þess að um mögulegt samband sé að ræða. Það gildir hins vegar nokkuð almennt að heildarmynstur niðurstaðna, sem fengnar eru með ólíkum hætti, og sem falla í einn farveg gefa traustasta niðurstöðu. Slíkar niðurstöður verðum við í stakk búin að draga í lokaköflum bókarinnar, þegar við höfum lagt fram fjölpættar niðurstöður um búsetuskilyrðamat og reynslu fólks sem flutt hefur búferlum, og þegar slík gögn hafa verið tengd við raunverulega reynslu landshlutanna af búferlaflutningum og búsetuþróun.

Tafla IV.2 Ánægja og óánægja með einstaka þætti búsetuskilyrða Meðaltöl einstakra málaflokka

	Ánægðir	Hlutlausir	Óánægðir
Atvinnumál	36%	28%	36%
Opinber þjónusta	73%	17%	10%
Húsnæðismál	37%	34%	29%
Menning/afþreying	66%	21%	14 %
Samgöngur	55%	28 %	17%
Verslun/þjónusta	50%	32%	18%
Umhverfisaðstæður	72%	20%	9%
Veðurfar	66%	10%	24%

Heimild: Landshlutakönnun búsetuskilyrða, vorið 1997.

Næst er sýnt hvernig fólkið í landinu metur ólíka efnisþætti, í töflu IV.2.

Ef litið er á dálkinn fyrir óánægða er mest afgerandi hvað kvartað er um atvinnumálþætti (atvinnutækifæri og tekjuöflunarmöguleika), húsnæðismál (einkum húsnæðiskostnað) og um veðurfar. Mest er ánægja með opinbera þjónustu (dagvistunarþjónustu, skóla, heilbrigðisþjónustu og þjónustu við aldraða), umhverfisaðstæður, aðstöðu til menningarneyslu og afþreyingar, sem og með veðurfar. Afstaða til einstakra slíkra þátta er hins vegar mjög breytileg milli landshluta, og tengist með afgerandi hætti búferlaflutningareynslu og búsetuþróun.

IV.2. Afstaða til einstakra þátta búsetuskilyrða í landshlutunum

Tafla IV.3 sýnir vísbendingar um mun búsetuskilyrða milli byggðarlaga. Þar má sjá hvaða atriði það eru sem brenna á fólki í einstökum landshlutum sem og hvaða atriði eru talin í góðu lagi, að mati íbúanna sjálfra.

Ef litið er á atvinnumál fyrst, má sjá að stærri hluti íbúa Höfuðborgarsvæðisins eru ánægðir með atvinnumál en er í öðrum landshlutum. Næstir koma íbúar Norðurlands

eystra, þá Vestfirðingar og Austlendingar. Í öðrum landshlutum eru fleiri óánægðir en ánægðir með atvinnumálin (sjá einnig töflu IV. 4). Mest er óánægja með atvinnumálin á Norðurlandi vestra, síðan Vesturlandi og Suðurlandi. Á Norðurlandi vestra og Vesturlandi eru menn óánægðir með alla þætti atvinnumála, bæði atvinnutækifæri (magn og gæði), atvinnuöryggi (atvinnuleysi) og tekjuöflunarmöguleika. Íbúar Höfuðborgarsvæðisins eru ánægðari en aðrir með atvinnutækifæri og atvinnuöryggi, en ekki afgerandi ánægðari með tekjuöflunarmöguleika. Mest er óánægjan með tekjuöflunar-möguleika á Norðurlandi vestra, Vesturlandi, Suðurnesjum og Suðurlandi (sjá myndir í viðauka við þennan kafla).

Algengara er að fólk sé ánægt með opinbera þjónustu í landsbyggðarhéruðunum en á Faxaflóasvæðinu (Höfuðborgarsvæði og Suðurnes), að Vestfjörðum undanskildum þó. Mest er ánægjan á Norðurlandi (bæði eystra og vestra), þá Suðurlandi og loks Vesturlandi.

Mikill munur er á ánægju með húsnæðisaðstaður milli landshluta. Mest er ánægjan á Suðurnesjum, en langminnst á Vestfjörðum, þá Austurlandi og Vesturlandi. Húsnæðiskostnaður, og hitunarkostnaður sérstaklega, er stórt umkvörtunarefni, ásamt með neikvæðri þróun fasteignaverðs, eins og fram kom í síðasta kafla. Þeir sem kvarta mest undan hitunarkostnaði eru íbúar Vestfjarða, Austurlands og Vesturlands. Íbúar Höfuðborgarsvæðis og Suðurnesja hafa minnst undan þessu að kvarta.

Menningarlíf og afþreyingaraðstaða vekur mesta ánægju á Höfuðborgarsvæði, síðan á Norðurlandi eystra, og fylgir það þannig stærsta þéttbýlinu í landinu. Á Austurlandi er minnst ánægja með þessa þætti, en einnig er hún lítil á Vestfjörðum, Suðurlandi og Vesturlandi (sjá bæði töflu IV.3 og IV.4).

Tafla IV.3 Ánægja með búsetuskilyrði í einstökum landshlutum

% sem segjast vera ánægðir með búsetuskilyrði sín

	HB	SN	VL	VF	NV	NE	AL	SL	Meðaltal
Allir þættir búsetu- skilyrða samanlagðir	57	51	45	38	48	54	43	50	49
Atvinnumál	49	33	27	38	23	40	36	33	36
Opinber þjónusta	63	64	80	62	84	85	73	82	73
Húsnæðismál	51	63	21	12	38	38	17	45	37
Menning/afþr.	84	64	57	58	66	72	52	56	66
Samgöngur	59	64	50	32	54	63	49	62	55
Verslun/þjónusta	75	59	57	27	42	56	20	46	50
Umhverfisaðst.	55	65	93	60	81	86	84	63	72
Veðurfar	55	56	65	58	73	72	92	63	66

% sem segjast vera óánægðir með búsetuskilyrði sín

	HB	SN	VL	VF	NV	NE	AL	SL	Meðaltal
Allir þættir búsetu- skilyrða samanlagðir	20	25	34	33	29	26	33	24	28
Atvinnumál	22	36	48	36	58	27	34	40	36
Opinber þjónusta	15	10	7	16	4	6	13	4	10
Húsnæðismál	16	14	44	57	21	28	46	21	29
Menning/afþr.	5	15	15	19	14	9	24	15	14
Samgöngur	14	11	30	24	21	9	19	14	17
Verslun/þjónusta	4	14	18	27	20	24	35	14	18
Umhverfisaðst.	18	5	1	15	4	4	5	11	9
Veðurfar	33	38	24	27	15	18	6	26	24

Heimild: Landshlutakönnun búsetuskilyrða vorið 1997

Talsverður munur er milli landshluta á ánægju og óánægju með samgöngur. Þannig eru Vestfirðingar afgerandi óánægðastir með lagningu og viðhald vega, en aðrir sem eru frekar óánægðir með þetta eru Austlendingar og Suðurnesjamenn (sjá einnig viðauka við þennan kafla). Höfuðborgarbúar eru ásamt Vestfirðingum minnst ánægðir með ruðning vega á veturnum og Vestlendingar kvarta mest yfir flugsamgöngum. Á Vestfjörðum, Norðurlandi eystra og Austurlandi er hins vegar stór meirihluti íbúa ánægðir með flugsamgöngur.

Þegar komið er að verslun og þjónustu ber Höfuðborgarsvæðið höfuð og herðar yfir aðra landshluta, hvað ánægju íbúa með þann þátt varðar. Það gildir um verðlag, vöruúrval og þjónustuframboð. Suðurnes koma næst, og njóta líklega nálægðar við Höfuðborgarsvæðið í þessu efni. Næst koma svo þau önnur svæði sem eru innan seilingar við Höfuðborgarsvæðið, þ.e. Vesturland og Suðurland, en einnig er talsverð ánægja með þennan þátt á Norðurlandi eystra (Akureyrarsvæðið). Á Austurlandi kvarta menn mest undan versluninni, einkum verðlagi, og hið sama á við um Vestfirðinga.

Tafla IV.4 Heildarmat á búsetuskilyrðum landshlutanna

Þeir sem segjast ánægðir með búsetuskilyrði að frádregnum þeim er segjast óánægðir með þau

Heildarafstaða: % ánægðir-% óánægðir

	HB	SN	VL	VF	NV	NE	AL	SL	Meðaltal
Allir þættir búsetu- skilyrða samanlagðir	37	26	11	5	19	28	10	26	20
Atvinnumál	27	-3	-21	2	-35	13	2	-7	0

Opinber þjónusta	48	54	73	46	80	79	60	78	63
Húsnæðismál	35	49	-23	-45	17	10	-29	24	8
Menning/afþr.	79	49	42	39	52	63	28	41	52
Samgöngur	45	53	20	8	33	54	30	48	38
Verslun/þjónusta	71	45	39	0	22	32	-15	32	32
Umhverfisaðst.	37	60	92	45	77	82	79	52	63
Veðurfar	22	18	41	31	58	54	86	37	42

Heimild: Landshlutakönnun búsetuskilyrða vorið 1997

Umhverfisaðstæður höfðu til tveggja þátta, annars vegar hættu af völdum náttúruafla (þeir sem sögðu hana vera litla í byggðarlagi sínu töldust ánægðir) og hins vegar hættu af mannavöldum, þ.e. vegna umferðar og/eða ofbeldis. Minnst er ánægjan með umhverfisþætti samkvæmt þessari mælingu á Höfuðborgarsvæðinu, og gætir þar mikillar óánægju með hættu af völdum umferðar og ofbeldis, sem íbúar segja hafa farið ört vaxandi á undanförunum árum, eins og fram kom í kaflanum um framfarir og breytingar (kafla III). Vestfirðingar kvarta einnig nokkuð undan umhverfisskilyrðum, og þá sérstaklega hættu af völdum náttúruhamfara (sjá viðaukann við þennan kafla). Slíkur ótti er þó enn algengari á Suðurlandi, og gætir þar líklega mest ótta við Suðurlandsskjálfta. Mest er ánægjan með umhverfisskilyrðin á Vesturlandi, og á Norðurlandi (einkum á Akureyrarsvæðinu) og Austurlandi.

Að lokum er að fjalla um veðurfarið sem einkennir byggðarlögin. Þar eru Austfirðingar sér á báti, enda segjast mun fleiri þar vera ánægðir með veðurfarið en dæmi eru um í nokkrum öðrum landshluta. Þá eru Norðlendingar tiltölulega ánægðir með veðurfarið í sínum byggðarlögum, og síðan koma Vestlendingar og Sunnlendingar. Íbúar Faxaflóasvæðisins eru óánægðastir með veðurfarið.

IV.3. Niðurstaða

Þegar allt er saman tekið benda gögnin úr Landshlutakönnun búsetuskilyrða, sem framkvæmd var vorið 1997, til þess að heildarmat íbúa á búsetuskilyrðum sé nokkuð misjafnt milli landshluta. Almennt kemur Höfuðborgarsvæðið vel út úr slíku mati, og einnig Norðurland eystra. Minnst virðist ánægja með búsetuskilyrðin vera á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Austurlandi, en hvað Vesturland snertir þá er nokkuð mikið kvartað þar undan einstökum þáttum búsetuskilyrðanna. Suðurnes og Suðurland koma einnig nokkuð vel út úr slíku heildarmati á búsetuskilyrðum.

Mikil tengsl eru milli heildarmats á búsetuskilyrðum, sem byggir á samlagningu niðurstaðna úr 24 efnisþáttum, og raunverulegrar fólksfjöldaþróunar einstakra landshluta frá 1990 til 1996. Það kemur þannig fram að þar sem gætir meiri óánægju með einstaka þætti skilyrðanna, þar hefur að öðru jöfnu verið neikvæðari þróun fólksfjölda, þ.e. fækkað hefur vegna brottflutnings.

Almennt kvartar fólk á landinu mest um ófullnægjandi stöðu atvinnumála, og gætir þar ýmist takmarkaðra atvinnutækifæra (bæði vegna einhæfni atvinnulífsins í sumum landshlutum og vegna vaxandi atvinnuleysis á síðustu árum) eða óánægju með

tekjuöflunarmöguleika. Þá er einnig afgerandi hvað mikið er kvartað undan húsnæðismálum (húsnæðiskostnaði almennt sem og hitunarkostnaði).

Mest er óánægja með atvinnumál á Norðurlandi vestra og Vesturlandi, en mest ánægja hins vegar á Höfuðborgarsvæði og Norðurlandi eystra. Ánægja með opinbera þjónustu er minni á Höfuðborgarsvæði en almennt er á landsbyggðinni, enda hafa orðið miklar framfarir á því sviði í mörgum landsbyggðarkjördæmum á undanförunum árum (sjá kafla III). Auk íbúa Höfuðborgarsvæðisins virðast Vestfirðingar ekki jafn ánægðir með þetta svið og aðrir landsmenn.

Vestfirðingar, Austfirðingar og Vestlendingar eru óánægðastir með húsnæðismál, en Suðurnesjamenn ánægðastir.

Ánægja með menningarlíf og afþreyingaraðstöðu er mest í stærsta þéttbýlinu, á Höfuðborgarsvæði og Akureyrarsvæði, en minnst á Austurlandi og Vestfjörðum.

Á Vestfjörðum, Vesturlandi og Norðurlandi vestra er mest kvartað yfir samgönguskilyrðum.

Verslun og þjónusta virðast í langmestum mæli vera fullnægjandi á Höfuðborgarsvæðinu, og síðan á þeim landsvæðum sem eru innan seilingar við það. Á Akureyrarsvæðinu er einnig nokkuð mikil ánægja með þennan málaflokk.

Hvað umhverfisskilyrði snertir þá kvarta íbúar Höfuðborgarsvæðisins undan hinum dæmigerðu ágöllum stórþéttbýlis, sem koma m.a. fram í hættu af völdum umferðar og ofbeldis. Hins vegar er ástand húsnæðismála enn gott á Höfuðborgarsvæðinu, ólíkt því sem algengt er í stærri borgum í nágrennalöndunum. Sunnlendingar og Vestfirðingar óttast mest hættu af völdum náttúruhamfara og íbúar Faxaflóasvæðisins eru óánægðastir með veðurfarið sem einkennir byggðarlag þeirra. Austfirðingar eru hins vegar ánægðastir með veðurfarið.

Viðauki við kafla VI Svör við 24 spurningum um búsetuskilyrði í nútímanum


Hér eru sýnd svör fólks úr hverjum landshluta við spurningum um ánægju eða óánægju með einstaka þætti búsetuskilyrðanna. Þetta eru upplýsingarnar sem liggja til grundvallar heildarmati svarenda á búsetuskilyrðunum, auk þess sem það er flokkað í atvinnumál, opinbera þjónustu, húsnæðismál, menningar- og afþreyingaraðstæður, samgöngumál, verslun og þjónustu, og loks umhverfisskilyrði.

Viðauki við kafla IV Svör við 24 spurningum um búsetuskilyrði í nútímanum


Hér eru sýnd svör fólks úr hverjum landshluta við spurningum um ánægju eða óánægju með einstaka þætti búsetuskilyrðanna. Þetta eru upplýsingarnar sem liggja til grundvallar heildarmati svarenda á búsetuskilyrðunum, auk þess sem það er flokkað í atvinnumál, opinbera þjónustu, húsnæðismál, menningar- og afþreyingaraðstæður, samgöngumál, verslun og þjónustu, og loks umhverfisskilyrði.

Í flestum tilfellum er tölfræðilega marktækur munur á svörum milli landshluta. Þó er munurinn á ánægju með grunnskólamáli á mörkum þess að vera marktækur (mynd IV.5), sem bendir til þess að ánægja með grunnskólaþjónustuna sé í reynd svipuð alls staðar á landinu. Þá er munur milli landshluta á ánægju eða óánægju með ruðning vegna á vörum ekki marktækur (m.v. 95% líkindi). Í öllum öðrum tilvikum er um marktækan mun að ræða.


Mynd Viðauka IV.1: Ánægja með atvinnutækifæri í byggðarlaginu




Mynd Viðauka IV.2: Ánægja með atvinnuöryggi




Mynd Viðauka IV.3: Ánægja með tekjuöflunarmöguleika




Mynd Viðauka IV.4: Ánægja með dagvistunarþjónustu




Mynd Viðauka IV.5: Ánægja með grunnskólamál




Mynd Viðauka IV.6: Ánægja með framhaldsskólamál




Mynd Viðauka IV.7: Ánægja með heilbrigðisþjónustu




Mynd Viðauka IV.8: Ánægja með þjónustu við aldraða




Mynd Viðauka IV.9: Ánægja með húsnæðiskostnað í byggðarlaginu




Mynd Viðauka IV.10: Ánægja með hitunarkostnað




Mynd Viðauka IV.11: Ánægja með framboð á hentugu húsnæði




Mynd Viðauka IV.12: Ánægja með menningarlíf í byggðarlaginu




Mynd Viðauka IV.13: Ánægja með skemmtanalíf í byggðarlaginu




Mynd Viðauka IV.14: Ánægja með möguleika á íþróttaiðkun




Mynd Viðauka IV.15: Ánægja með hvers konar aðstöðu til afþreyingar




Mynd Viðauka IV.16: Ánægja með lagningu og viðhald vega í byggðarlaginu




Mynd Viðauka IV.17: Ánægja með ruðning vega á vetrum




Mynd Viðauka IV.18: Ánægja með flugsamgöngur




Mynd Viðauka IV.19: Ánægja með verðlag sem býðst í byggðarlaginu




Mynd Viðauka IV.20: Ánægja með vöruúrval (almennt eða fyrir daglegar nauðsynjar)




Mynd Viðauka IV.21: Ánægja með þjónustuúrval




Mynd Viðauka IV.22: Ánægja með veðurfarið sem einkennir byggðarlagið



Mynd Viðauka IV.23: Ótti við hættu af völdum náttúruhamfara



Mynd Viðauka IV.24: Ótti við hættu af mannavöldum (v. umferðar eða ofbeldis)



Tafla 1 í Viðauka við kafla IV Heildarmat búsetuskilyrða Þrjár ólíkar aðferðir

	HB	SN	VL	VF	NV	NE	AL	SL	Meðaltal
Átta þættir búsetuskilyrða samanlagðir									
Ánægðir	57	51	45	38	48	54	43	50	49
Óánægðir	20	25	34	33	29	26	33	24	27
Ánægðir-óánægðir	37	26	11	5	19	28	10	26	22
24 þættir búsetuskilyrða samanlagðir									
Ánægðir	68	61	55	51	57	63	54	61	60
Óánægðir	26	33	38	42	35	30	40	32	33
Ánægðir-óánægðir	42	28	17	9	22	33	14	29	27
Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með búsetuskilyrðin, á heildina litið:									
Ánægðir	91	86	90	82	75	86	80	85	85
Óánægðir	6	7	6	12	15	10	12	9	9
Ánægðir-óánægðir	85	79	84	70	60	76	68	76	76

Heimild: Landshlutakönnun búsetuskilyrða, vorið 1997

Kafla V

Samkeppnistaða byggðarlaga I:

Landsbyggðin gagnvart Höfuðborgarsvæðinu

Í ljósi þess að flestir sem flytja búferlum milli landshluta á Íslandi flytja frá landsbyggðarhéruðum til Höfuðborgarsvæðis er gagnlegt að bregða ljósi sérstaklega á hvern landshluta og spyrja hvernig hann stendur gagnvart Höfuðborgarsvæðinu. Það verður gert í þessum kafla með tvennum hætti. Annars vegar verður í beinu framhaldi af umfjöllun um ánægju og óánægju með einstaka þætti búsetuskilyrða í síðasta kafla, gerður samanburður á heildaránægju (ánægðir að frádregnum óánægðum, skipt eftir málaflokkum) í einstökum landshlutum og á Höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar verða lögð fram gögn úr Könnun meðal brottfluttra 1992-1996 um samanburð á ánægju með


búsetuskilyrði á núverandi búsetustað og á fyrri stað. Þau gögn er hægt að greina eftir því hvert viðkomandi fluttu, þ.e. til Höfuðborgarsvæðisins eða til annarra landshluta. Slík greining er til þess fallin að sýna að hvaða leyti einstök landsbyggðarsvæði standa höllum fæti í samanburði við Höfuðborgarsvæðið, og að hvaða leyti þau standa betur, að mati íbúanna.

V.1. Höfuðborgarsvæðið og landið allt

Á fyrstu myndinni er heildaránægja með einstaka þætti búsetuskilyrða á Höfuðborgarsvæði borin saman við meðaltal landsins alls.

Mynd V.1: Höfuðborgarsvæðið og landið allt.

(Nettóánægja íbúa í landshlutanum: % ánægðir að frádrögnum % óánægðir)



Á myndinni má sjá að Höfuðborgarsvæðið hefur mesta yfirburði á sviði menningarmála, afþreyingaraðstöðu, verslunar og þjónustu. Þetta eru þeir þættir sem einkenna nútímalega lífshætti í neyslupjóðfélagi og ljóst er að enginn staður á Íslandi getur keppt við Höfuðborgarsvæðið á jafnræðisgrundvelli á þessum sviðum, því styrkur á þessu sviði fylgir að öðru jöfnu stærðinni. Að öðru leyti stendur Höfuðborgarsvæðið mun betur en landið allt á sviði húsnæðismála og atvinnumála, og ívið betur á sviði samgöngumála.

Hins vegar er minni ánægja með umhverfisþætti á Höfuðborgarsvæðinu, og gætir þar einkum vaxandi óánægju íbúa þar með galla þéttbýlisins, sem koma meðal annars fram í umferðarþunga og hættu af völdum ofbeldis.

Á heildina litið hefur Höfuðborgarsvæðið því meira að bjóða fólki á þeim sviðum sem tengjast hinum nútímalegu lífsháttum, en að auki er staða atvinnumála og húsnæðismála sterk samanborið við aðra landshluta. Í samanburði við stærri borgir í nágrannalöndunum má ætla að Reykjavíkursvæðið standi nokkuð vel varðandi atvinnumál og húsnæðismál og þrátt fyrir vaxandi hættu af umferð og ofbeldi þá séu gallar stórborgarlífsins á Íslandi ekki enn orðnir jafn miklir og er í hinum stærri borgum nágrannalöndanna. Þessi misserin virðist spurningin þó aðeins vera hvenær en ekki hvort meira jafnræði verður milli Íslands og nágrannalöndanna að þessu leyti, þ.e. ef þróunin verður áfram sú sama og verið hefur (sbr. kafla III).

Í töflu V.1 eru sýnd sjónarmið þeirra sem fluttu til Höfuðborgarsvæðisins á tímabilinu frá árinu 1992 til ársloka 1996 varðandi búsetuskilyrði. Tölurnar sem eru í töflunni sýna hvort viðkomandi einstaklingar segi einstaka þætti búsetuskilyrða á Höfuðborgarsvæðinu að jafnaði vera betri eða verri en var í því byggðarlagi sem þeir bjuggu í áður en þeir fluttu síðast.

Tafla V.1

Samanburður fyrra byggðarlags og núverandi byggðarlags

Þeir sem fluttu til Höfuðborgarsvæðisins

	Ánægðari (+) eða óánægðari (-) með núverandi búsetuskilyrði
Atvinnumál	+0,53
Opinber þjónusta	-0,02
Húsnæðismál	+0,36
Menning/afþreying	+0,73
Samgöngur	+0,18
Verslun/þjónusta	+0,90
Veðurfar	-0,04
Umhverfisaðstæður	+0,30

Heimild: Könnun meðal brottfluttra 1992-96.


Kvarðinn í töflunni tekur gildi frá -4 til +4.

Hér má sjá að þeir sem fluttu til Höfuðborgarsvæðisins meta málin svo að verslun og þjónusta, menning og afþreyingaraðstæður, atvinnumál, húsnæðismál, umhverfisaðstæður og samgöngur séu betri á Höfuðborgarsvæðinu en á gamla staðnum. Hér er eitt misræmi við það sem fram kom á línuriti V.1, en það er varðandi matið á umhverfisaðstæðunum, sem þeim aðfluttu sýnist betra en íbúum í heild sýnist. Að þessu misræmi frátöldu eru niðurstöðurnar mjög samhljóma úr báðum þessum matsaðferðum.

V.2. Suðurnes

Næst skoðum við Suðurnes í samanburði við Höfuðborgarsvæðið. Á heildina litið er ekki mikill munur á útkomum í þessum tveimur nálægu landshlutum. Þó meta íbúar Suðurnesja atvinnumálin á mun neikvæðari hátt en íbúar Höfuðborgarsvæðisins, þ.e. þeir eru 3% stigum fleiri sem segjast vera óánægðir með atvinnumálin en hinir sem segjast vera ánægðir með þau á Suðurnesjum.

Mynd V.2: Suðurnes



Höfuðborgin veur meiri ánægju með menningar- og afþreyingaraðstöðu, sem og verslun og þjónustu. Þá standa Suðurnesjamenn betur á sviði húsnæðismála, opinberrar þjónustu, samgangna og umhverfismála.

Ef við lítum á viðhorf þeirra sem flutt hafa til Suðurnesja frá öðrum landshlutum 1992-6 þá má fá annað sjónarhorn varðandi samkeppnisstöðu Suðurnesja á sviði búsetuskilyrða. Hér þarf þó að hafa meiri fyrirvara á niðurstöðum en þurfti í töflu V.1, vegna þess hversu fáir í úrtakinu fluttu til Suðurnesja, og hið sama á við um aðra landshluta á landsbyggðinni.

Tafla V.2
Samanburður fyrra byggðarlags og núverandi byggðarlags
Þeir sem fluttu til Suðurnesja

	Ánægðari (+) eða óánægðari (-) með núverandi búsetuskilyrði
Atvinnumál	+0,08
Opinber þjónusta	-0,20
Húsnæðismál	+1,38
Menning/afþreying	-0,29
Samgöngur	+0,91
Verslun/þjónusta	+0,93
Veðurfar	-0,35
Umhverfisaðstæður	+0,13

Heimild: Könnun meðal brottfluttra 1992-96.
 Kvarðinn í töflunni tekur gildi frá -4 til +4.

Af töflu V.2 má sjá að aðfluttir á Suðurnesjum telja húsnæðismálin mun betri en var í fyrra byggðarlagi þeirra, einnig telja þeir samgöngur, verslun og þjónustu betri. Hins

vegar telja þeir veðurfar, menningar- og afþreyingaraðstöðu og opinbera þjónustu lakari.

V.3. Vesturland

Á Vesturlandi eru íbúar margir óánægðir með húsnæðismál og atvinnumál, og ber þar mikið í milli þegar saman er borið við Höfuðborgarsvæðið.

Mynd V.3: Vesturland

Annað sem fær verri dóm en á Höfuðborgarsvæðinu eru samgöngur, menning/afþreying og verslun/þjónusta. Hins vegar hefur Vesturland styrkleika umfram Höfuðborgarsvæðið á sviði opinberrar þjónustu, umhverfisskilyrða og veðurfars.

Þegar mat aðfluttra til Vesturlands er skoðað kemur hins vegar fram mun neikvæðara mat á núverandi búsetuskilyrðum samanborið við fyrri skilyrði, eins og sjá má af töflu V.3.

Tafla V.3

Samanburður fyrra byggðarlags og núverandi byggðarlags Þeir sem fluttu til Vesturlands

	Ánægðari (+) eða óánægðari (-) með núverandi búsetuskilyrði
Atvinnumál	-0,24
Opinber þjónusta	-0,12
Húsnæðismál	-0,59
Menning/afþreying	-0,58
Samgöngur	-0,25
Verslun/þjónusta	+0,02
Veðurfar	-0,06
Umhverfisaðstæður	-0,58

Heimild: Könnun meðal brottfluttra 1992-96
Kvarðinn í töflunni tekur gildi frá -4 til +4.

Þannig segja aðfluttir alla helstu þætti búsetuskilyrða heldur lakari, að verslun og þjónustu undanskilinni, sem fær svipað mat (munurinn á fyrra og núverandi byggðarlagi er nálægt 0). Þannig er talsvert misræmi milli samanburðarsjónarmiða þeirra sem fluttu til Vesturlands og mats núverandi íbúa í heild á einstökum þáttum búsetuskilyrða. Þetta getur skýrst af því hvaðan þeir aðfluttu komu, til dæmis er talsverður fjöldi sem flyst frá Höfuðborgarsvæðinu til Vesturlands. Almennt er það


reyndar svo, að fólk frá Höfuðborgarsvæðinu er alla jafna flest í hópi aðfluttra í hverjum landshluta á landsbyggðinni.

V.4. Vestfirðir

Í samanburði við mat á búsetuskilyrðum á Höfuðborgarsvæðinu koma Vestfirðir afgerandi lakar út á sviði húsnæðismála, verslunar og þjónustu, samgangna, menningar- og afþreyingaraðstöðu og atvinnumála. Það að færri séu ánægðir með atvinnumál á Vestfjörðum en á Höfuðborgarsvæðinu er athyglisvert í ljósi þess að atvinnuleysi hefur lengi verið minna á Vestfjörðum og meðaltekjur þar hærri en á Höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar eru fjölbreytni atvinnulífsins og atvinnutækifæri minni á Vestfjörðum, enda hlutur sjávarútvegs nálægt 40% af heildarfjölda starfa í landshlutanum, sem er mun hærri en í öllum öðrum landshlutum.

Vestfirðir koma hins vegar aðeins betur út úr þessu mati búsetuskilyrða en Höfuðborgarsvæðið á sviði umhverfisaðstæðna og veðurfars.

Mynd V.4: Vestfirðir



Á heildina litið virðast Vestfirðir þannig standa nokkuð höllum fæti gagnvart Höfuðborgarsvæðinu í þessu mati íbúanna sjálfra á búsetuskilyrðum. Þegar litið er á samanburð aðfluttra til Vestfjarða á skilyrðum í fyrra byggðarlaga og á Vestfjörðum í dag verður útkoman einnig Vestfjörðum í óhag, líkt og var á Vesturlandi.

Tafla V.4

Samanburður fyrra byggðarlags og núverandi byggðarlags þeir sem fluttu til Vestfjarða

	Ánægðari (+) eða óánægðari (-) með núverandi búsetuskilyrði
Atvinnumál	-0,11
Opinber þjónusta	-0,45

Húsnæðismál	-0,84
Menning/afþreying	-0,71
Samgöngur	-1,18
Verslun/þjónusta	-0,58
Veðurfar	+0,61
Umhverfisaðstæður	+0,37

Heimild: Könnun meðal brottfluttra 1992-96
Kvarðinn í töflunni tekur gildi frá -4 til +4.


Aðfluttir á Vestfjörðum kvarta sérstaklega undan verri samgöngum, húsnæðisaðstæðum, menningar- og afþreyingaraðstöðu, og verslun og þjónustu en þeir áttu að venjast í fyrra byggðarlagi sínu.

Hins vegar kemur það ef til vill á óvart að þeir aðfluttu telja veðurfar markvert betra á Vestfjörðum en á fyrri stað sínum, og hið sama á einnig við um umhverfisskilyrði, þó í minni mæli sé. Þetta er þrátt fyrir það að nýlegar náttúruhamfarir á Vestfjörðum hafi orðið til að skerða annars jákvætt mat vestfirskra svarenda á umhverfisaðstæðum í fjórðungnum.

V.5. Norðurland vestra

Á Norðurlandi vestra skera atvinnumálin sig út úr hvað varðar neikvæðan dóm heimamanna, og í samanburði við Höfuðborgarsvæðið er útkoman mjög lök, þ.e. um 35% fleiri íbúar landshlutans eru óánægðir með atvinnumál byggðarlags síns en hinir sem ánægðir eru.

Mynd V.5: Norðurland vestra



Annað sem kemur verr út á Norðurlandi vestra en á Höfuðborgarsvæðinu eru húsnæðismál, menningar/afþreyingarmál, samgöngur, verslun og þjónusta, og munar mestu á því síðastnefnda. Hins vegar kemur opinbera þjónustan betur út þar, og umhverfisskilyrði og veðurfar koma einnig mun betur út en á Höfuðborgarsvæðinu.

Tafla V.5 sýnir svo vísbendingar um mat aðfluttra. Þar er athyglisvert að þeir aðfluttu segja veðurfar betra en á fyrri stað og atvinnumál í landshlutanum fá svipaða einkunn og í fyrra byggðarlagi. Hins vegar segja þeir aðfluttu alla hina þætti búsetuskilyrðanna verri.

Tafla V.5

Samanburður fyrra byggðarlags og núverandi byggðarlags Þeir sem fluttu til Norðurlands vestra

	Ánægðari (+) eða óánægðari (-) með núverandi búsetuskilyrði
Atvinnumál	+0,01
Opinber þjónusta	-0,30
Húsnæðismál	-0,34
Menning/afþreying	-0,32
Samgöngur	-0,37
Verslun/þjónusta	-0,51
Veðurfar	+0,65
Umhverfisaðstæður	-0,22


Heimild: Könnun meðal brottfluttra 1992-96
Kvarðinn í töflunni tekur gildi frá -4 til +4.

Neikvæðastan dóm þeirra aðfluttu fá verslun og þjónusta, síðan samgöngur, húsnæðismál, menningar- og afþreyingaraðstæður og loks opinbera þjónustan. Það síðastnefnda, ásamt atvinnumálum og umhverfismati eru í mestu misræmi við mat íbúanna í heild eins og fram kemur á mynd V.5.

V.6. Norðurland eystra

Þá er komið að Norðurlandi eystra, sem fær almennt séð betri útkomu í samanburðinum við Höfuðborgarsvæðið en aðrir landshlutar, sem markast meðal annars af því að svörtu súlurnar eru almennt hærri á mynd V.6 en á öðrum sambærilegum myndum í kaflanum.

Mynd V.6: Norðurland eystra



Umhverfisskilyrði, opinber þjónusta, veðurfar og samgöngur fá betra mat hjá íbúum á Norðurlandi eystra en á Höfuðborgarsvæðinu, og að auki munar litlu á menningar- og afþreyingaraðstöðu. Hins vegar fá verslun og þjónusta mun lakari útkomu á Norðurlandi eystra, og húsnæðismál og atvinnumál fá einnig nokkuð verri útkomu en á Höfuðborgarsvæðinu.

Á heildina litið munar litlu á heildarmati búsetuskilyrða á Norðurlandi eystra og Höfuðborgarsvæðinu, eins og fram kemur í öftustu súlunum á myndinni.

Tafla V.6 sýnir einnig mjög jákvætt mat aðfluttra á búsetuskilyrðum á Norðurlandi eystra samanborið við fyrri búsetustað þeirra.

Tafla V.6
Samanburður fyrra byggðarlags og núverandi byggðarlags
Þeir sem fluttu til Norðurlands eystra

	Ánægðari (+) eða óánægðari (-) með núverandi búsetuskilyrði
Atvinnumál	+0,35
Opinber þjónusta	+0,73
Húsnæðismál	+0,31
Menning/afþreying	+0,65
Samgöngur	+0,40
Verslun/þjónusta	+0,34
Veðurfar	+0,73
Umhverfisaðstæður	-0,60

Heimild: Könnun meðal brottfluttra 1992-96
 Kvarðinn í töflunni tekur gildi frá -4 til +4.


Aðfluttir telja að jafnaði alla þætti búsetuskilyrðanna nema umhverfisskilyrðin (hættu af völdum náttúruafla og af völdum manna, þ.e. vegna umferðar og ofbeldis) betri á Norðurlandi eystra. Mestur er munurinn á sviði opinberrar þjónustu og veðurfars, og síðan menningar- og afþreyingaraðstæðna.

Á heildina litið benda flestar vísbendingar okkar til þess að Norðurland eystra hafi tiltölulega góða samkeppnisstöðu gagnvart Höfuðborgarsvæðinu varðandi búsetuskilyrði. Akureyrarsvæðið ætti því að hafa góðar forsendur til að draga að sér fleiri íbúa úr hópi fólks sem flytur búferlum milli landshluta.

V.7. Austurland

Almennt virðist Austurland standa höllum fæti í samanburði við aðráttarafl Höfuðborgarsvæðisins, þegar hliðsjón er höfð af mati íbúa hvors svæðis um sig á búsetuskilyrðum í sínum byggðarlögum. Neikvæðust er staðan á sviði húsnaðismála annars vegar, og verslunar og þjónustu hins vegar. Sérstaklega er munurinn stór á seinna sviðinu. Þá stendur Austurland einnig höllum fæti í samanburði við Höfuðborgarsvæðið á sviði menningar- og afþreyingaraðstöðu, atvinnumála og samgangna.

Mynd V.7: Austurland



Það sem kemur betur út á Austurlandi en á Höfuðborgarsvæðinu er opinbera þjónustan, umhverfisskilyrðin og síðast, en ekki síst, veðurfarið, en Austlendingar eru mun ánægðari með veðurfar það sem einkennir byggðarlög þeirra en íbúar Höfuðborgarsvæðisins, og reyndar ánægðari með það en íbúar annarra landssvæða á Íslandi. Samkvæmt þessu ætti veðurfarið á Austurlandi að vera geðþekkar en annars staðar á landinu.

Talsvert afgerandi afstaða til búsetuskilyrða kemur fram hjá aðfluttum á Austurlandi, eins og sjá má af töflu V.7.

Tafla V.7

Samanburður fyrra byggðarlags og núverandi byggðarlags
Þeir sem fluttu til Austurlands

	Ánægðari (+) eða óánægðari (-) með núverandi búsetuskilyrði
Atvinnumál	+0,39
Opinber þjónusta	+0,01
Húsnæðismál	-1,01
Menning/afþreying	-0,17
Samgöngur	>-0,36
Verslun/þjónusta	-1,20
Veðurfar	+1,68
Umhverfisaðstæður	-1,18


Heimild: Könnun meðal brottfluttra 1992-96
Kvarðinn í töflunni tekur gildi frá -4 til +4.

Þeir aðfluttu segja veðurfarið mun betra en þeir áttu að venjast á fyrri stað, en auk þess segja þeir atvinnumálin betri. Það sem sagt er vera verra á Austurlandi eru verslun og þjónusta, umhverfisaðstæður, húsnæðismál og samgöngur.

V.8. Suðurland

Á Suðurlandi er, líkt og í öðrum landshlutum utan Höfuðborgarsvæðisins, talsvert kvartað yfir atvinnumálum, samanborið við Höfuðborgarsvæðið. Miklir yfirburðir Höfuðborgarsvæðisins eru einnig á sviði menningar- og afþreyingaraðstöðu, auk verslunar og þjónustu, eins og víðast hefur komið fram. Þá er einnig dæmigert fyrir íbúa landsbyggðarsvæðanna það sem fram kemur á Suðurlandi, að meiri ánægja sé þar en á Höfuðborgarsvæði með opinbera þjónustu, umhverfisaðstæður og veðurfar. Við það bætist svo meiri ánægja með samgöngumál.

Mynd V.8: Suðurland



Þegar litið er á mat búsetuskilyrða í heild þá kemur Suðurland nokkuð vel út, samanborið við Höfuðborgarsvæðið, eins og sjá má í öftustu súlum myndarinnar.

Loks skoðum við mat aðfluttra á Suðurlandi á töflu V.8. og samanburð þeirra á búsetuskilyrðum á Suðurlandi og fyrri búsetustað.

Þar kemur fram að þeir aðfluttu telja veðurfar og umhverfisaðstæður betri en á fyrri staðnum, og hið sama á við um húsnæðismál.

Tafla V.8

Samanburður fyrri byggðarlags og núverandi byggðarlags Þeir sem fluttu til Suðurlands

	Ánægðari (+) eða óánægðari (-) með núverandi búsetuskilyrði
Atvinnumál	>-0,20
Opinber þjónusta	-0,18
Húsnæðismál	+0,14
Menning/afþreying	-0,21
Samgöngur	-0,38
Verslun/þjónusta	-0,22
Veðurfar	+0,34
Umhverfisaðstæður	+0,30

Heimild: Könnun meðal brottfluttra 1992-6
Kvarðinn í töflunni tekur gildi frá -4 til +4.

Aðra þætti telja þeir heldur lakari, og kveður þar mest að samgöngumálum, verslun og þjónustu, menningar- og afþreyingarmálum, atvinnumálum og einnig opinberri þjónustu.

V.9. Niðurstaða

Á heildina litið koma fram nokkuð reglubundin mynstur þegar búsetuskilyrði á Höfuðborgarsvæðinu og í einstökum landsbyggðar-svæðum eru borin saman. Þannig hefur Höfuðborgarsvæðið almennt talsverða yfirburði að því leyti, að þar virðist ríkja meiri ánægja með fleiri þætti búsetuskilyrða. Ef ánægjan með búsetuskilyrði er notuð til að grundvalla mat á samkeppnisstöðu landshluta varðandi búsetuþróun virðist ljóst að yfirburðir Höfuðborgarsvæðisins séu mest afgerandi á sviði menningar- og afþreyingaraðstöðu, og síðan í verslun og þjónustu. Þá hefur Höfuðborgarsvæðið einnig yfirburði hvað snertir ánægju íbúanna með atvinnumál og húsnæðismál, og einnig lítilliga á sviði samgangna.

Hins vegar hafa landsbyggðarhéruðin oftast yfirburði hvað snertir umhverfisaðstæður og veðurfar, sem og á sviði opinberrar þjónustu. Meiri ánægja er almennt með þessa þætti á landsbyggðinni. Hins vegar virðist það ljóst, þegar hliðsjón er höfð af búferlaflutningareynslu landsmanna, þ.e. hinum mikla straumi fólks til Höfuðborgarsvæðisins á síðastliðnum áratugum, að forsendur hinna nútímalegu lífshátta, sem Höfuðborgarsvæðið helst státar af hér á landi, ásamt með nokkuð góðri stöðu á sviði atvinnumála (einkum fjölbreyttari atvinnutækifæri) og húsnæðismála hefur yfirunnið þá kosti sem landsbyggðarsvæðin hafa umfram Höfuðborgarsvæðið.

Í ljósi þess að nálægt 70% allra þeirra sem flytja búferlum frá landsbyggðarsvæðunum flytja til Höfuðborgarsvæðisins er fróðlegt að skoða ítarlegra mat á búsetuskilyrðum. Það er gert á töflu V.9. með samanburði þeirra sem fluttu milli landshluta (kjördæma) á tímabilinu 1992-96 á aðstæðum í núverandi byggðarlagi og fyrra byggðarlagi, og er miðað við 24 þætti búsetuskilyrða.

Tafla V.9

Samanburður fyrra byggðarlags og núverandi byggðarlags Þeir sem fluttu milli landshluta 1992-96

	Ánægðari (+) eða óánægðari (-) með núverandi búsetuskilyrði
Vöruúrval	+1,06
Menningarlíf	+0,74
Atvinnutækifæri	+0,59
Húshitunarkostnaður	+0,49
Þjónustuúrval	+0,48
Skemmtanalíf	+0,48
Flugsamgöngur	+0,44
Atvinnuöryggi	+0,43
Aðstaða til alm. afþreyingar	+0,40
Aðstaða til íþróttaiðkunar	+0,38
Verðlag alm. á vöru/þjónustu	+0,30
Framhaldsskólamál	+0,27
Framboð hentugs húsnæðis	+0,25
Tekjuöflunarmöguleikar	+0,21
Ruðningur vega á veturnum	+0,16
Veðurfar í byggðarlaginu	+0,12
Hætta af völdum náttúruafla	+0,06
Grunnskólamál	+0,01

Húsnæðiskostnaður	-0,04
Þjónusta við aldraða	-0,05
Dagvistunarþjónusta	-0,09
Lagning og viðhald vega	-0,10
Heilbrigðismál	-0,16
Hætta af völdum manna	-0,63

Heimild: Könnun meðal brottfluttra 1992-96
Kvarðinn í töflunni tekur gildi frá -4 til +4.

Á heildina litið eru mínusarnir í töflunni fáir og smáir, sem bendir til þess að flestir þeir sem flytja fari til betri skilyrða, að eigin mati að minnsta kosti. Undanskilinn er þó síðasti þátturinn í töflunni, sem er hætta af mannavöldum (-0,63), þ.e. vegna umferðar eða ofbeldis, en undan honum er helst kvartað á Höfuðborgarsvæðinu. Annað sem flutningafólkið segir verra á nýrri staðnum en þeim gamla eru heilbrigðisþjónusta (-0,16), lagning og viðhald vega (-0,10) og dagvistunarþjónusta barna (-0,09). Þjónusta við aldraða og húsnæðiskostnaður eru aðeins lítillega í mínus, sem þýðir að tiltölulega fáir sögðu þá þætti vera verri á nýja staðnum.

Á hinn bóginn er það vöruúrval sem mest afgerandi er talið betra á nýja staðnum (+1,06) og menningarlíf (listsýningar, tónlistarlíf, leiksýningar o.fl. sl.). Það þriðja sem kemur í röð atriða sem teljast betri á nýja staðnum er atvinnutækifæri, þá húshitunarkostnaður, þjónustuúrval, skemmtanalíf, flugsamgöngur, atvinnuöryggi, aðstaða til almennrar afþreyingar, aðstaða til íþróttaiðkunar, verðlag á vöru og þjónustu, framhaldsskólamál, framboð á hentugu húsnæði og loks tekjuöflunarmöguleikar.

Ef sú forsenda er gefin að fólk flytji til þess að afla sér betri lífskjara, í víðum skilningi séð, þá má taka þennan lista sem vísbendingu um hvaða atriði það eru á lífskjarasviðinu sem fólk helst sækist eftir. Þannig er ljóst að efst á listanum eru atriði sem tengjast hinum nútímalegu lífsháttum neysluþjóðfélagsins, sem margir hverjir eru tengdir lífi í stærra borgarumhverfi, svo sem vöruúrval, menningarlíf, fjölbreytileiki atvinnutækifæra, þjónustuúrval og skemmtanalíf. Þá vill svo til að Reykjavíkarsvæðið býður að auki upp á hagstæðan húshitunarkostnað, sem ekki er algengt í stærri borgum nágrennalandanna. Aðdráttarafl Höfuðborgarsvæðisins er þannig að stærstum hluta bundið við þær forsendur sem þar er að finna fyrir nútímalegum lífsháttum. Við það er erfitt fyrir landsbyggðarsvæði að keppa, því stórt þéttbýli er lykilsenda þess að hægt sé að bjóða upp á suma þessara þátta.

Hins vegar gætir í nágrennalöndunum breyttra lífsskoðana í átt til annarra gilda sem leiða í átt til náttúrulegra og manneskjulegra umhverfis en finnst í stærstu borgum. Það er ein af ástæðum þess að víða í nágrennalöndunum hefur gætt umsnúnings á sviði búferlaflutninga, þannig að straumurinn til stórborganna hefur í nokkrum mæli snúist við og fólk í vaxandi mæli flutt frá borgunum til dreifbýlis eða smærra þéttbýlis, einkum sem er innan seilingar við stórborgarlífið. Þannig er oft hægt að sameina kosti borgarlífs og lífs í umhverfi sem einkennir hinar dreifðari byggðir í ríkari mæli. Við höfum séð af gögnum þessa og síðustu tveggja kafla að mat

almennings á Íslandi er svipað hvað þetta snertir, þ.e. að íbúar Höfuðborgarsvæðisins sjá vaxandi ókosti búsetuskilyrða þar og mat á umhverfisaðstæðum er almennt betra á landsbyggðinni. Hins vegar virðist sem kostir Höfuðborgarsvæðisins vegi enn þyngra á vogarskálunum og það ræður stefnunni í búferlaflutningunum. Aðdráttarafl Höfuðborgarsvæðisins er enn meira en aðdráttarafl annarra svæða. Það er auðvitað háð þróun bæði á Höfuðborgarsvæðinu og í byggðarlögunum sem eru innan seilingar við höfuðborgina, sem og annars staðar á landinu, hvernig framvindan verður í þessu.

Í fyrsta kafla var gerð grein fyrir umfjöllun Zelinskys um þessi umskipti búferlaflutninga í mörgum nágrannalandanna. Í öðrum kafla var sýnt að sú þróun er talsvert á eftir hér á landi og enn ekki útséð um það, hvenær slík umskipti geta orðið á Íslandi. Í næstu köflum lítum við nánar á vísbendingar um óskir og væntingar fólks, sem gætu gefið frekari vísbendingar um hvert stefnir í þessum efnunum.

Kafla VI


Samkeppnistaða byggðarlaga II: Búsetuskilyrði og stærð byggðarlaga

Samanburður á mati íbúa á búsetuskilyrðum landshlutanna í síðasta kafla sýndi nokkra yfirburði Höfuðborgarsvæðisins gagnvart landsbyggðarkjördæmunum, á heildina litið. Hins vegar kemur í ljós þegar nánar er skoðað að mat íbúa á búsetuskilyrðum er að mjög miklu leyti háð einkennum og stærð byggðarlaga. Þannig má til dæmis sjá að ýmsir staðir á landsbyggðinni fá betra mat búsetuskilyrða hjá íbúum en Höfuðborgarsvæðið, og á það einkum við um stærri þéttbýlisstaði á landsbyggðinni. Í þessum kafla verður gerð nánari grein fyrir þeim tengslum sem eru milli stærðar byggðarlaga eða þéttbýlisstaða og ánægju íbúanna með einstaka þætti búsetuskilyrðanna.

VI.1. Búsetuskilyrði eftir byggðarstigi

Á mynd VI.1. er sýnt heildarmat búsetuskilyrða, samkvæmt tveimur mælingaraðferðum, í byggðarlögum af mismunandi stærð, frá Höfuðborgarsvæðinu til smæsta þéttbýlis og dreifbýlis (byggðarlög þar sem eru færri en 200 íbúar).

Mynd VI.1: Heildarmat búsetuskilyrða eftir byggðarstigi



Í þéttbýli er almennt beint samband milli ánægju með búsetu-skilyrði og stærðar þéttbýlisins, allt niður að þéttbýli með 200 íbúa. (Fylgnin er 0,75 og mjög vel marktæk). Í dreifbýli og sveitum er þó meiri ánægja með slík atriði en í smærri þorpum og kaupstöðum, og er það helsta frávikid í sambandinu. Afgerandi lökust er útkoman fyrir þorp og kaupstaði sem eru með frá 200 til 1000 íbúa. Það er því á slíkum fámennum þéttbýlisstöðum sem staða búsetunnar er almennt veikust á landinu.

Í framhaldi af þessu heildaryfirliti búsetuskilyrða eftir byggðarstigi er gagnlegt að skoða hvernig einstaka þættir skilyrðanna tengjast byggðarstigi, og er það gert í töflu VI.1.

Tafla VI.1 Ánægja og óánægja með búsetuskilyrði: greint eftir byggðarstigi

% ánægðir með tilgreind atriði í byggðarlaginu

	HB-svæði	>10.000 íbúar	1.000-10.000	200-1.000	<200 íbúar
Atvinnumál	50	33	35	38	28
Opinber þjónusta	62	78	80	71	77
Húsnæðismál	52	40	43	19	29
Menning/afþr.	84	76	61	42	64
Samgöngur	59	69	60	38	46
Verslun/þjónusta	75	70	46	28	34
Umhverfisaðst.	54	78	72	82	82
Veðurfar	55	65	67	72	73

% óánægðir með tilgreind atriði í byggðarlaginu

	HB-svæði	>10.000 íbúar	1.000-10.000	200-1.000	<200 íbúar
Atvinnumál	22	35	35	44	41
Opinber þjónusta	15	9	5	13	10
Húsnæðismál	15	27	25	48	32
Menning/afþr.	5	9	15	27	13
Samgöngur	14	6	15	23	27

Verslun/þjónusta	4	10	21	33	28
Umhverfisaðst.	17	4	8	5	5
Veðurfar	33	27	23	19	14

Heimild: Landshlutakönnun búsetuskilyrða vorið 1997

Það sem er einna athyglisverðast við þessa töflu er í hve miklum mæli íbúar dreifbýlisins eru ánægðir með opinbera þjónustu, umhverfisaðstæður, veðurfar og menningar- og afþreyingaraðstæður, og sá munur sem er á þeim og íbúum smærri þéttbýlisstaðanna (200-1000 manna byggðarlögin). Íbúar dreifbýlisins eru mun ánægðari með menningar- og afþreyingaraðstæður sínar en smábæjafólkið, auk þess sem þeir kvarta ekki jafn margir undan stöðu húsnæðismála og sumra annarra þátta. Hvað umhverfisaðstæður snertir þá eru þessir tveir hópar hins vegar álíka ánægðir, og virðast telja sig njóta yfirburða á þeim sviðum. Loks virðist sem íbúar dreifbýlis geri minni kröfur en aðrir til opinberrar þjónustu því þeir eru tiltölulega ánægðir með hana þó þeir geti varla notið hennar í sama mæli og íbúar þéttbýlli staða. Það er því að öllum líkindum eðlismunur á búsetuviðhorfum dreifbýlisfólks og íbúa þéttbýlisstaðanna. Meiri ánægja þeirra fyrrnefndu með búsetuskilyrði eru líklega tengd öðrum áherslum og væntingum en almennt er meðal þéttbýlisfólks.

Þegar þéttbýlisstaðirnir eru bornir saman innbyrðis er hins vegar mest afgerandi hið beina samband sem er milli stærðar þéttbýlis og ánægju með verslun og þjónustu, og einnig með menningar- og afþreyingaraðstöðu og stöðu húsnæðismála. Hins vegar er sambandið milli stærðar og ánægju með opinbera velferðarþjónustu, sem og veðurfar, öfugt. Þá er Höfuðborgarsvæðið loks með sérstöðu hvað snertir litla ánægju með umhverfisaðstæður og samgöngumál, en á hinn bóginn eru íbúar þar tiltölulega ánægðir með atvinnumál.

Tafla VI.2 Ánægja með búsetuskilyrði: Ítarlegri greining

% ánægðir með viðkomandi málaflokk

	HB- svæði	>10.000 íbúar	1.000- 10.000	200- 1.000	<200 íbúar
Atvinnutækifæri	68	46	44	43	41
Atvinnuöryggi	66	55	55	46	45
Tekjuöflunarmöguleikar	43	36	37	40	31
Dagvistun barna	69	71	85	85	74
Grunnskóli	73	79	76	80	85
Framhaldsskóli	73	90	74	38	53
Heilbrigðisþjónusta	68	80	80	70	80
Þjónusta við aldraða	61	70	87	76	78
Húsnæðiskostnaður	51	61	58	47	51
Húshitunarkostnaður	66	42	50	22	41
Framboð húsnæðis	81	73	66	47	44
Menning	87	70	61	51	69

Skemmtanalíf	77	66	55	46	71
Aðstaða til íþróttaiðkunar	91	89	86	61	77
Afbreyingaraðstaða	80	77	57	42	58
Lagning og viðhald vega	65	70	62	49	49
Ruðningur vega á veturnum	63	73	75	65	65
Flugsamgöngur	89	94	70	62	72
Verðlag og verslunaraðst.	63	65	44	30	38
Vöruúrval	92	86	68	50	61
Þjónustuúrval	86	82	72	56	54
Veðurfar	55	65	67	72	73
Hætta af náttúru lítil	82	93	62	75	77
Hætta af mannavöldum lítil	39	63	85	92	88

Heimild: Landshlutakönnun búsetuskilyrða vorið 1997

Á heildina lítið er þannig beint samband milli ánægju með meginþætti hinna nútímalegu lífshátta (verslunar, menningar, afbreytingar) og stærðar þéttbýlis, utan hvað opinbera velferðarþjónustan virðist vekja meiri ánægju á landsbyggðinni en í stærsta þéttbýlinu, þ.e. á Höfuðborgarsvæðinu. Það er jafnframt sá þáttur þjónustugreinanna sem lýtur í minni mæli lögmálum markaðar og þar með lögmálum stærðarinnar, þ.e. að beint samband sé milli umfangs og/eða gæða þjónustu og fjölda notenda hennar.

Þá er ánægja íbúa Höfuðborgarsvæðisins með atvinnumál mjög afgerandi sérstaða, en hún tengist öðru fremur fjölbreyttari atvinnutækifærum sem þar bjóðast, eins og sjá má í töflu VI.2 hér að framan.

Lítill munur er á ánægju með tekjuöflunarmöguleika eftir þéttbýlisstigi. Ánægja með grunnskóla er mest meðal íbúa smæstu staðanna og dreifbýlisins, en hins vegar sýna þeir minni ánægju með aðstöðu til framhaldsnáms í byggðarlögum sínum. Óánægja með húshitunarkostnað er langmest á litlu þéttbýlisstöðunum (200-1.000 íbúar) og þar og í dreifbýlinu er einnig talsvert kvartað undan framboði á húsnæði.


Þegar allt er saman tekið er það mest afgerandi í töflu VI.2 að hve miklu leyti íbúar þéttbýlisstaða með frá 200 til 1.000 íbúa eru óánægðari með marga þætti búsetuskilyrða sinna, án þess að vera óánægðari með tekjuöflunarmöguleika sína. Þokkalegri tekjuöflunarmöguleikar en bjóðast víða annars staðar í landinu duga hins vegar ekki til þess að yfirvinna óánægju með ýmsa aðra þætti búsetuskilyrðanna, ekki hvað síst þá sem tengjast hinum nútímalegu lífsháttum og helst þrífast í stærra þéttbýli. Sérstaða litlu þéttbýlisstaðanna er því mikil og grundvöllur búsetu í þeim almennt veikari en á stærri þéttbýlisstöðum.

VI.2. Samanburður þéttbýlisstaða í ólíkum landshlutum

Í framhaldi af þessari greiningu á tengslum byggðarstigs og mats á búsetuskilyrðum er fróðlegt að skoða aðeins nánar suma þá staði á landsbyggðinni sem líklegir eru til að geta skákað Höfuðborgarsvæðinu í samkeppninni um íbúa. Við höfum þegar sýnt að hvaða leyti helst er að vænta yfirburða byggðarlaganna á landsbyggðinni gagnvart Höfuðborgarsvæðinu þegar á heildina er litið, en það er einkum á sviði umhverfisgæða og nokkrum sviðum opinberrar þjónustu. Stærri þéttbýlisstaðir ættu hins vegar eðli málsins samkvæmt að geta keppt betur við Höfuðborgarsvæðið um hylli íbúa en almennt gildir um heila landshluta, því í stærra þéttbýlinu á landsbyggðinni eru víða forsendur fyrir víðtækri þjónustu, öflugri verslun og fjölbreyttum lífsháttum, jafnvel einnig fjölbreyttum atvinnutækifærum. Þéttbýlisstaðirnir á landsbyggðinni ættu því að geta boðið fólki upp á hina nútímalegu lífshætti í ríkari mæli en almennt er að vænta í byggðarlögum landsbyggðarinnar.

Á mynd VI.2 má sjá fyrsta yfirlit um heildarmat á búsetuskilyrðum meðal íbúa nokkurra stærri þéttbýlisstaða á landinu. Okkur eru nokkur takmörk sett í þessari greiningu vegna ónógs fjölda svarenda frá einstökum stöðum, en þokkalegar vísbendingar má þó fá af gögnum þessum. Sýndar eru niðurstöður tveggja ólíkra mælinga á heildargæðum búsetuskilyrðanna, þ.e. þeirri aðferð sem gefur áreiðanlegasta mynd af viðfangsefninu, en það eru samanlagðar niðurstöður 24 þátta búsetuskilyrða, sem kynntar voru í kafla IV. Annars vegar er meðaltal ánægðra íbúa með alla þættina samanlagða, og hins vegar er sýnt hversu stóran hluta þáttanna allra íbúar einstakra bæja eða kaupstaða eru ánægðir með. Gott samræmi er í útkomum beggja mælinganna (fylgni milli þeirra er $r=0,93$).

Mynd VI.2: Heildarmat búsetuskilyrða í einstökum þéttbýlisstöðum



Það fyrsta sem athygli vekur er að nokkrir þessara þéttbýlisstaða á landsbyggðinni fá betra heildarmat íbúanna sjálfra á búsetuskilyrðum en Höfuðborgarsvæðið fær frá íbúum sínum. Þannig er útkoman betri á Sauðárkróki, Akranesi, Akureyri, Selfossi/Hveragerði (samanlögðum) og auk þess er útkoman fyrir Höfn í Hornafirði aðeins lítillega lægri en sú einkunn sem íbúar Höfuðborgarsvæðisins gefa sínu byggðarlagi.

Á hinn bóginn er útkoman lökust fyrir Ísafjörð, og er það áhyggjuefni í ljósi þess hve útkoma Vestfjarða í heild var einnig slök (sjá kafla III-V). Veik staða stærsta þéttbýliskjarnans á Vestfjörðum gerir það að verkum að hann er ekki í nægilega góðri stöðu til að draga til sín óánægða íbúa annarra byggðarlaga á Vestfjörðum, til dæmis óánægða íbúa minnstu sjávarútvegsþorpanna og íbúa sveitanna.

Á eftir Ísafirði koma stærri bæirnir á Austfjörðum (Neskaupstaður, Reyðarfjörður og Eskifjörður samanlagðir) með frekar laka útkomu. Þá eru íbúar Vestmannaeyja einnig í þessum hópi þar sem minni ánægju með búsetuskilyrði er að finna en ríkir á Höfuðborgarsvæðinu. Loks eru íbúar Reykjanessbæjar (Keflavík og Njarðvík samanlagðar) heldur minna ánægðir með búsetuskilyrði sín en íbúar Höfuðborgarsvæðisins, á heildina litið.

Tafla VI.3 Ánægja með búsetuskilyrði í einstökum þéttbýlisstöðum

% sem segjast vera ánægðir með tilgreind atriði

	HB	Keflav./ Njarðv.	Akra- nes	Ísa- fj.	Sauðár- krókur	Akur- eyri	Nsk. Rf. Eskif.	Höfn	Self./ Hverag.	Vestm.- eyjar
Atvinnumál	49	31	29	46	22	35	53	67	28	36
Opinber þjónusta	63	69	91	66	94	84	78	71	85	71
Húsnæðismál	51	57	23	12	67	28	18	21	68	19
Menning/afþr.	84	67	60	64	77	82	50	58	62	54
Samgöngur	59	63	70	31	65	74	50	75	62	64
Verslun/þjónusta	75	67	79	35	75	71	15	29	57	32
Umhverfisaðst.	55	64	93	45	90	88	60	92	55	50
Veðurfar	55	53	75	53	82	75	90	96	62	37

% sem segjast vera óánægðir með tilgreind atriði

	HB	Keflav./ Njarðv.	Akra- nes	Ísa- fj.	Sauðár- krókur	Akur- eyri	Nsk. Rf. Eskif.	Höfn	Self./ Hverag.	Vestm.- eyjar
Atvinnumál	22	40	49	21	62	33	20	17	48	29
Opinber þjónusta	15	12	4	7	2	7	23	8	2	4
Húsnæðismál	15	15	35	53	2	35	40	46	4	37
Menning/afþr.	5	15	14	9	8	4	28	13	8	18
Samgöngur	14	9	11	26	10	4	20	8	15	7
Verslun/þjónusta	4	6	1	19	6	12	55	8	11	14
Umhverfisaðst.	17	5	1	21	1	4	15	1	15	14
Veðurfar	33	42	22	26	10	16	8	4	25	44

Heimild: Landshlutakönnun búsetuskilyrða vorið 1997

Tafla VI.3 sýnir umfang ánægju og óánægju með einstaka þætti búsetuskilyrðanna meðal íbúa hvers þessara staða.

Hér koma nokkrar nýjar niðurstöður sem eru athyglisverðar og varpa frekara ljósi á möguleika landsbyggðarsvæða til að draga að sér íbúa frá öðrum byggðarlögum, þar með talið frá Höfuðborgarsvæðinu. Það fyrsta sem athygli vekur er varðandi atvinnumál, en meiri ánægja er með þau í sjávarútvegsbæjunum á Austurlandi (Höfn, Neskaupstað, Reyðarfirði og Eskifirði) en á Höfuðborgarsvæðinu. Ísfirðingar eru einnig, eins og Vestfirðingar almennt, álíka ánægðir með atvinnumál og íbúar Höfuðborgarsvæðisins. Minnst er ánægjan með atvinnumálin á Sauðárkróki, síðan Akranesi og Selfoss/Hveragerðissvæðinu (á myndum í viðauka við þennan kafla er nettóánægja, þ.e. hlutfall ánægðra að frádregnu hlutfalli óánægðra, með einstaka málaflokka sýnd á myndum).

Þegar athuguð er afstaða til opinberrar þjónustu sýnir sig að íbúar sjávarútvegsbæjanna á Austfjörðum, Ísfirðingar og íbúar Reykjanessbæjar eru, líkt og íbúar Höfuðborgarsvæðisins, minna ánægðir með þjónustu hins opinbera á sviði dagvistarmála, skóla-, heilbrigðis- og umönnunarmála. Ánægðastir eru hins vegar Sauðkrækingar, Akurnesingar, íbúar Selfoss/Hveragerðis og Akureyrar. Vestmannaeyingar eru á þessu sviði, líkt og varðandi atvinnumálin, nærri meðallagi staðanna allra.

Í húsnæðismálum virðast Sauðkrækingar og íbúar Selfoss/Hveragerðis hafa forystu, að minnsta kosti er meiri ánægja með skipan þeirra mála hjá þeim en er meðal íbúa hinna bæjanna. Næstir í röðinni eru íbúar Reykjanessbæjar og Höfuðborgarsvæðisins. Þarna er um að ræða samanlagða mælingu á ánægju með húsnæðiskostnað, hitunarkostnað og framboð á hentugu húsnæði í byggðarlaginu.

Þeir sem eru óánægðastir með ástand húsnæðismála eru Ísfirðingar, íbúar Hafnar, Neskaupstaðar/Reyðarfjarðar/Eskifjarðar og Vestmanna-eyingar, auk Akureyringa og Akurnesinga. Þar sem óánægjan er mest er það gjarnan húshitunarkostnaður sem er stærsta umkvörtunarefnið. Á Höfuðborgarsvæðinu fer saman ánægja með framboð húsnæðis og húshitunarkostnað en nokkur óánægja með annan húsnæðiskostnað (hátt verð húsnæðis, skuldsetningu og greiðslubyrði).

Menning, skemmtanalíf og afþreyingaraðstaða er sá málaflokkur sem hefur skýrasta yfirburði á Höfuðborgarsvæðinu og Akureyrarsvæðinu, stærstu þéttbýliskjörnum. Sauðkrækingar eru einnig nokkuð ánægðir með þennan málaflokk. Sérstaka athygli vekur að Ísfirðingar eru að auki nokkuð ánægðir með þessi atriði í sínu byggðarlagi. Þeir sem eru óánægðastir eru hins vegar íbúar bæjanna á Austfjörðum (Neskaupstað, Reyðarfirði og Eskifirði) og Vestmannaeyingar.

Á sviði samgöngumála er almennt nokkuð mikil ánægja meðal íbúa á þéttbýlisstöðunum á landsbyggðinni. Afgerandi undantekningar eru þó meðal Ísfirðinga og íbúa fjarðabæjanna á norðanverðum Austfjörðum. Þar á eftir koma svo íbúar Höfuðborgarsvæðisins, sem augljóslega hafa talsvert undan samgöngumálum að kvarta, enda hefur umferðarþungi vaxið mikið þar á síðustu árum.

Aðstaða til verslunar og þjónustu virðist mjög misjöfn á landinu, enda eru gæði slíkra þátta mjög háð þéttbýlisstigi. Mest er ánægjan með málaflokkinn (verðlag, vöruúrval

og þjónustuframboð) á Akranesi, Höfuðborgarsvæðinu, Sauðárkróki, Akureyri og í Reykjanesbæ. Minnst er ánægjan hins vegar á Neskaupstað/Reyðarfirði/Eskifirði, Ísafirði, Höfn og í Vestmannaeyjum. Á þessu sviði vekur vissulega athygli góður árangur á einstökum þéttbýlisstöðum á landsbyggðinni, svo sem á Akranesi og á Norðurlandi.

Þá er loks komið að helstu þáttum umhverfisskilyrðanna og veðurfari, en almennt virðast íbúar Austurlands, Vesturlands og Norðurlands hafa yfirburði á þessu sviði umfram aðra landsmenn. Austfirðingar eru ánægðastir með veðurfarið, og á það bæði við um Hafnarbúa og íbúa fjarðabæjanna á norðanverðum Austfjörðum. Sauðkrækingar eru mjög ánægðir með bæði umhverfisskilyrði og veðurfar. Íbúar Selfoss/Hveragerðis og íbúar Vestmannaeyja eru mest meðvitaðir um hættu af völdum náttúruhamfara í sínum byggðarlögum, en það á einnig við um Ísfirðinga og íbúa Neskaupstaðar/Reyðarfjarðar og Eskifjarðar. Vestmannaeyingar hafa þá sérstöðu að þar eru þeir ívið fleiri sem eru óánægðir með veðurfarið en hinir sem eru ánægðir með það. Einnig eru íbúar Reykjanesbæjar óánægðir með veðurfar, og loks eru íbúar Höfuðborgarsvæðisins frekar óánægðir með báða þætti, veðurfar og umhverfisskilyrði, eins og áður er fram komið.

VI.3. Niðurstaða

Í þessum kafla hefur verið gerð frekari grein fyrir mismunandi mati fólks á búsetuskilyrðum á landinu, með samanburði misstórra byggðarlaga og með samanburði einstakra þéttbýlisstaða á landsbyggðinni við Höfuðborgarsvæðið. Fram hefur komið að beint samband er milli stærðar þéttbýlisstaða og ánægju íbúanna með aðstöðu til menningarneyslu, skemmtanalífs og afþreyingar, og gildir það einnig um aðstöðu til verslunar og þjónustu. Þá kom einnig fram að þéttbýlisstaðir sem eru með á bilinu 200 til 1000 íbúa standa verst að vígi, því þar eru íbúar að öðru jöfnu óánægðari með búsetuskilyrði sín. Íbúar sveitanna og allra smæsta þéttbýlisins (með innan við 200 íbúa) eru almennt ánægðari með skilyrði sín en íbúar litlu þorpanna og bæjanna, enda eru þeir almennt ekki að gera kröfur um beinan aðgang að þeirri þjónustu og öðrum aðstæðum sem almennt fylgja þéttbýli. Vandí litlu þéttbýlisstaðanna er hins vegar sá, að þeir njóta ekki umhverfisgæða sveitanna og jafnframt bjóða þeir upp á takmarkað þéttbýlislíf, með fábreytni og takmörkuðum tækifærum.

Hins vegar kom einnig fram í þessum kafla að margir stærri þéttbýlisstaðir á landsbyggðinni geta nokkuð vel keppt við Höfuðborgarsvæðið, því íbúar sumra þeirra eru ánægðari með búsetuskilyrði sín en íbúar Höfuðborgarsvæðisins. Þeir staðir á landsbyggðinni sem hvað best koma út úr slíkum samanburði við Höfuðborgarsvæðið eru Akranes, Sauðárkrókur, Akureyri, Selfoss/Hveragerði og Höfn í Hornafirði. Þá eru íbúar Reykjanesbæjar einnig þökkalega ánægðir með búsetuskilyrði sín. Minnst er hins vegar ánægja með búsetuskilyrði á Ísafirði og í sjávarútvegsbæjunum á Austfjörðum (Neskaupstað, Reyðarfirði og Eskifirði), og einnig koma Vestmannaeyjar frekar laklega úr þessu mati.

Val á því hvaða kaupstaðir voru teknir til þessa samanburðar réðst af þeim gögnum sem fyrirleggjandi voru og stýrðist af fjölda svarenda sem tóku þátt í Landshlutakönnun á búsetuskilyrðum vorið 1997, sem og þeim kröfum sem gerðar eru um lágmarksáreiðanleika. Þess vegna getur auðvitað verið að fleiri staðir, ívið

minni en þeir sem hér er fjallað um, kæmu einnig vel út úr samanburði við Höfuðborgarsvæðið. Á hinn bóginn er ljóst að flestir þéttbýlisstaðirnir sem eru með 200 til 1000 íbúa koma mun verr út úr mati búsetuskilyrðanna en bæði Höfuðborgarsvæðið og flestir stærri þéttbýlisstaðir á landsbyggðinni.


Viðauki við kafla VI

Nettóánægja með búsetuskilyrði: Byggðarstig og einstakir þéttbýlisstaðir


Hér verða sýndar myndir með tölum um nettóánægju íbúa með helstu þætti búsetuskilyrðanna, greint í fyrstu eftir byggðarstigi en síðar í viðaukanum verður borið saman milli 10 þéttbýlisstaða hringinn í kringum landið. Nettóánægja er skilgreind sem hlutfall íbúa hvers hóps sem segjast ánægðir með tiltekin atriði að frádregnum þeim er segjast óánægðir með sömu atriði.

Nettóánægja eftir byggðarstigi


Mynd Viðauki VI.1: Nettóánægja með atvinnumál og opinbera þjónustu (% ánægðir með viðk. málaflokk að frádregnum % óánægðir)




Mynd Viðauki VI.2: Nettóánægja með húsnæðismál og menningu/afþreyingaraðstöðu



Mynd Viðauki VI.3: Nettóánægja með samgöngur og verslun/þjónustu




Mynd Viðauki VI.4: Nettóánægja með umhverfisskilyrði og veðurfar




Nettóánægja með búsetuskilyrði á10 þéttbýlisstöðum


Mynd Viðauki VI.5: Nettóánægja með atvinnumál og opinbera þjónustu: 10 staðir




Mynd Viðauki VI.6: Nettóánægja með húsnæðismál og menningu/afþreyingu



Mynd Viðauki VI.7: Nettóánægja með samgöngur og verslun/þjónustu



Mynd Viðauki VI.8: Nettóánægja með umhverfi og veðurfar



Tafla 1: Viðauka VI.
Ánægja með búsetuskilyrði:
Ítarlegri greining eftir þéttbýlisstöðum

% íbúa á hverjum stað sem eru ánægðir með tilgreint atriði

	HB	Keflav./ Njarðv.	Akra- nes	Ísa- fj.	Sauðár- krókur	Akur- eyri	Nsk. Rf. Eskif.	Höfn	Self./ Hverag.	Vestm. eyjar
Atvinnutækifæri	68	47	35	57	24	46	55	79	34	50
Atvinnuöryggi	66	52	44	65	26	57	68	79	57	52
Tekjuöflunarmöguleikar	43	32	24	50	20	38	58	75	30	56
Dagvistun barna	69	54	92	43	98	82	85	71	91	89
Grunnskólar	73	72	86	61	79	83	94	78	57	96
Framhaldsskólar	73	81	96	64	96	95	74	56	96	72
Heilbrigðisþjónusta	68	68	93	79	82	88	64	88	74	67
Þjónusta við aldraða	61	75	91	84	83	66	85	95	90	71
Húsnæðiskostnaður	51	69	53	42	69	55	56	54	72	42
Húshitunarkostnaður	66	67	19	18	90	24	11	9	75	21
Framboð húsnæðis	81	79	70	43	64	70	57	48	86	76
Menningarlíf	87	61	47	67	72	78	46	67	70	46
Skemmtanalíf	77	53	38	64	70	77	46	54	73	33
Aðstaða til íþróttaiðkunar	91	85	98	80	88	92	83	91	82	96
Afþreyingaraðstaða	80	70	57	59	54	82	55	65	53	52
Lagning og viðhald vega	65	54	76	18	80	81	44	75	67	82
Ruðningur vegna á vetrum	63	66	82	60	73	79	83	86	70	71
Flugsamgöngur	89	94	44	84	80	94	77	83	59	71
Verðlag og verslunaraðst.	63	62	81	33	75	68	18	21	59	32
Vöruúrval	92	91	83	73	90	83	38	79	76	68
Þjónustuúrval	86	85	91	72	73	79	46	88	77	67
Veðurfar	55	53	75	53	82	75	90	96	62	37
Hætta af náttúru lítil	82	83	94	35	98	99	47	100	24	33
Hætta af mannavöld. lítil	39	59	88	89	78	65	85	73	83	93

Heimild: Landshlutakönnun búsetuskilyrða vorið 1997

Kafli VII:

Hverjir hafa flutt milli landshluta?


Þjóðfélagshópagreining

Eins og frá var greint í fyrsta kafla er algengt í rannsóknum á búferlaflutningum að gerð sé grein fyrir þjóðfélagshópaefkennum þeirra sem flytja búferlum milli landshluta. Þekkt er að búferlaflutningar eru algengari í sumum þjóðfélagshópum en öðrum. Í þessum kafla skoðum við einkenni þeirra sem hafa flutt milli landshluta á tímabilinu 1992-1996. Tekið var úrtak 1000 manna úr flutningaskrá Hagstofu Íslands og lagður fyrir þá spurningalisti um aðstæður þeirra sjálfra, og um mat þeirra á búsetuskilyrðum á núverandi stað og á fyrri staðnum sem þeir bjuggu á. Einnig voru þeir spurðir ýmissa spurninga um frekari flutningaáform og um fjölskylduaðstæður.

Áður en kannað verður hvað þessi gögn segja okkur um félagsleg einkenni brottfluttra einstaklinga er sýnd úrvinnsla úr flutningaskrá Hagstofunnar er sýnir aldurs- og kynskiptingu þeirra sem fluttu árið 1995 á mynd VII.1.

VII.1. Áhrif aldurs

Mynd VII.1: Kyn- og aldursbundin flutningatíðni á Íslandi 1995



Á myndinni má sjá hve stór hluti fólks úr hverjum aldurshópi karla og kvenna flutti búferlum milli landssvæða á árinu. Í öllum meginráttum eru tengsl aldurs og búferlaflutninga hér á landi eins og hjá flestum öðrum þróuðum þjóðum. Með því er átt við háa tíðni búferlaflutninga hjá fólki á aldrinum 20-35 ára og barna á aldrinum 1-4 ára. Síðan lækkar flutningatíðnin sígandi með hærri aldri umfram 35 ára mörkin.[56](#)

Það sem er athyglisvert við íslenska mynstrið, samanborið við sumar aðrar þjóðir, er hve tíðni flutninga innan 15-19 ára hópsins er há, sem líklega skýrist að einhverju leyti af flutningum er tengjast framhaldsskólanámi. Þá er sérstaklega athyglisvert að flutningatíðni er hærri í yngri aldurshópum kvenna en hjá körlum, einkum hjá konum á aldrinum 15-24 ára. Á móti kemur að tíðnin er lægri hjá konum á fertugs- og fimmtugsaldri.


Þegar hugað er að umfangi er rétt að gæta að því að myndin sýnir fjölda fluttra milli landshluta á hverja 1000 íbúa. Það þýðir að um 9,5% kvenna á aldrinum 20-24 ára hafa flutt milli landshluta á árinu 1995, en tæplega 8% karla á sama aldri. Það er vissulega stór hluti þessa aldurshóps sem flytur búferlum á aðeins einu ári. Hjá mörgum tengist það auðvitað upphafi náms á háskólastigi, og hjá öðrum flutningi úr

foreldrahúsum og stofnun eigin fjölskyldu. En á heildina litið er mynstrið á aldursskiptingu þeirra sem flytja búferlum á Íslandi líkt og finnst í flestum þróuðum þjóðfélögum.

VII.2. Áhrif menntunar og starfsstéttar

Á hinum Norðurlöndunum hefur flutningatíðnin verið áberandi hæst hjá fólki sem lokið hefur mestri menntun, og reyndar hefur verið nokkuð beint samband milli menntunar og tíðni búferlaflutninga. Mynd VII.2 sýnir skiptingu þeirra sem fluttu 1992-6 eftir menntunaráhópum í samanburði við skiptingu þjóðarinnar allrar.


Mynd VII.2: Menntun fólks í flutningum 1992-96 og þjóðarinnar allrar



Þar kemur glögglega fram að í hópi þeirra sem flutt hafa milli landshluta er fólk með háskólamenntun stærra hluti en er meðal þjóðarinnar allrar, með öðrum orðum flutningatíðni háskólamenntaðra er markvert hærri en hjá öðrum hópum. Hið sama á við um þá sem lokið hafa bóklegu framhaldsnámi. Á móti kemur að fólk sem lokið hefur verklegu framhaldsnámi (iðnnámi í iðnskóla eða fjölbrautaskóla) eða styttra verklegu framhaldsnámi flytur í minni mæli en ætla mætti ef flutningatíðnin væri jöfn í öllum menntahópum. Loks er sérstaklega athyglisvert að hlutur þeirra sem aðeins hafa lokið skyldunámi eða minna skuli vera álíka stór meðal brottfluttra og meðal þjóðarinnar allrar, en það er algengast í nágrannalöndunum að ófaglært fólk flytji minna milli landshluta en aðrir.⁵⁷ Vísbendingin er því sú, að á Íslandi sé hlutur ófaglærðs fólks frekar mikill samanborið við ýmis nágrannalönd.

Á mynd VII.3 er sýnd starfsstéttaskipting brottfluttra (eftir flutning) og þjóðarinnar allrar.

Mynd VII.3: Starfsstétt fluttra og þjóðarinnar




Hér er nokkur samsvörun við gögnin á myndinni um menntaskiptingu, eða á þann veg að fólk sem starfar sem sérfræðingar (þ.e. fólk sem er með nám á háskólastigi) og fólk í tækni og sérhæfðum störfum er stærri hluti brottfluttra en meðal þjóðarinnar allrar, þ.e. fólk með þetta menntunarstig hefur hærri flutningatíðni, en stærstur hluti fluttra starfar þó við þjónustu og sölustörf ýmiss konar. Þar er um að ræða störf sem krefjast frekar lítillar menntunar í verslun og þjónustu. Á móti kemur að fólk sem starfar í hefðbundinni verkamannavinnu er minni hluti fluttra en meðal þjóðarinnar allrar. Hins vegar er hlutur nema og heimavinnandi nokkuð stór í hópi fluttra, eins og við er að búast, því margir flytja til að leggja stund á framhaldsnám, bæði til Höfuðborgarsvæðisins og til Akureyrarsvæðisins og fleiri þéttbýlisstaða. Loks er hlutur hærri stjórnenda minni í hópi fluttra en meðal þjóðarinnar allrar, þannig að þegar menn eru komnir í slíkar stöður virðast þeir verða minna hreyfanlegir í landfræðilegu tilliti. Þetta síðastnefnda kann að vera frábrugðið því sem er í öðrum þróuðum löndum, t.d. Bandaríkjunum þar sem fólk í stjórnunarstöðum er mjög hreyfanlegt, enda eru fyrirtæki og stofnanir þar auðvitað í mun meiri mæli með starfsemi eða útibú á fjölda staða, ólíkt því sem mögulegt er hér á landi.

VII.3. Áhrif atvinnutækifæra

Það sem er athyglisverðast við mynd VII.4 er hve hópur fluttra er líkur þjóðinni allri, hvað snertir atvinnuþátttöku. Þó eru smávægileg frávik, á þann veginn að þeir sem fluttu eru lítillega oftar atvinnulausir eftir flutning en er meðal þjóðarinnar allrar, þeir eru einnig í minni mæli komnir á eftirlaun og þeir eru í meiri mæli námsmenn.


Mynd VII.4: Atvinnustaða fluttra og þjóðarinnar



Þegar aðrir þættir atvinnustöðu eru skoðaðir og bornir saman við þjóðina alla kemur meðal annars í ljós að þeir sem fluttu eru álíka oft launþegar og tíðkast meðal þjóðarinnar.

Eins og sjá má á mynd VII.5 er atvinnugreinaskipting fluttra nokkuð ólík atvinnuskiptingu þjóðarinnar allrar. Þar gæti helst þess að þeir sem flutt hafa milli landshluta starfa í meiri mæli við verslun og þjónustu en gildir um þjóðina alla. Það eru auðvitað helstu atvinnugreinar Höfuðborgarsvæðisins og annars þéttbýlis sem draga fólk til sín. Þannig starfa til dæmis um 40% þeirra sem flutt hafa á undanförunum árum í verslun og þjónustu.

Mynd VII.5: Atvinnugrein fluttra og þjóðarinnar



Þeir fluttu starfa einnig í meiri mæli við almennan iðnað, en á móti eru þeir minna í opinberri þjónustu og byggingariðnaði. Þá starfa þeir einnig áberandi minna í landbúnaði og fiskveiðum, enda líklegast að þeir sem vinna við þær greinar og flytja búferlum eigi þess ekki kost að stunda þær áfram á nýja staðnum.


VII.4. Áhrif fjölskylduþátta (hjúskaparstöðu og húsnæðis)

Á myndum VII.6 til VII.8 má loks sjá hvernig búferlaflutningar tengjast fjölskylduáðstæðum, annars vegar hjúskaparstöðu og barneignum og hins vegar húsnæðisaðstæðum.


Þeir sem flutt hafa eru mun líklegri til að vera í sambúð en gildir um þjóðina alla, sem að stórum hluta endurspeglar aldursskiptingu þeirra, þ.e. stór hluti þeirra sem flytja er að koma á hjúskaparaldurinn eða nýlega búnir að stofna sitt eigið heimili. Algengt er að fólk sem búið hefur saman um árabíl í óvígðri sambúð gangi í formlegt hjónaband síðar. Alls eru það um 72% þeirra sem flutt hafa búferlum sem eru giftir eða í sambúð. Fjölskyldufólk er því í stórum meirihluta í hópi þeirra sem hafa flutt á sl. 4-5 árum. Margir ganga án efa í hjúskap eða sambúð eftir flutninginn, enda er flutningur einmitt oft tengdur stofnun heimilis.

Einhleypir eru í álíka miklum mæli í hópi fluttra og þeir eru meðal þjóðarinnar allrar, en fráskildir eru líklegri til að flytja búferlum.

Mynd VII.6: Hjúskaparstaða fluttra og þjóðarinnar



Mynd VII.7: Framfærslubyrði fluttra og þjóðarinnar




Á mynd VII.7 má berlega sjá í hve miklum mæli þeir sem flytja búferlum milli landshluta eru barnafólk, það er þeir eru oftast með eitt eða tvö börn á framfæri sínu á heimilinu. Það á við um rúm 72% hinna brottfluttu. Aðeins tæp 10% þeirra eru ekki

með barn á framfæri sínu á heimilinu. Tæp 12% eru með 3 börn og um 6% eru með 4 eða fleiri börn á framfæri sínu. Það eru því samtals um 90% hinna brottfluttu sem hafa eitt eða fleiri börn á framfæri sínu, og um 53% þeirra eru með 2 eða fleiri börn.

Að lokum er svo sýnd húsnæðisaðstaða þeirra sem fluttu á síðastliðnum árum, í samanburði við húsnæðisstöðu þjóðarinnar allrar. Þeir sem fluttu búa í mun minni mæli í eigin húsnæði en þjóðin öll, eða um 57% á móti 75%. Á móti kemur að þeir búa mikið í leiguhúsnæði á almennum markaði. Það á við um 27% þeirra. Einnig er allstór hópur í annarri leigu, t.d. stúdentagörðum eða félagslegu húsnæði á vegum sveitarfélaga, eða tæp 7%.

Mynd VII.8: Húsnæðisaðstaður fluttra og þjóðarinnar



Þá er einnig athyglisvert að þeir sem flutt hafa búa í minni mæli hjá foreldrum eða ættingjum en á við um þjóðina alla.

Á heildina litið má því segja, að þeir sem flytja búferlum séu oftast ungt fólk og meira menntað en almennt er með þjóðina, þeir starfa eftir flutning í meiri mæli í sérhæfðum störfum og störfum við þjónustu og verslun, oftast í einkageira en í opinberum geira, og margir eru enn í námi eftir flutning, t.d. háskólanámi eða öðru bóklegu framhaldsnámi. Skömmu eftir flutninginn er stór meirihluti þeirra í sambúð eða giftir og um 90% þeirra eru með eitt eða fleiri börn á framfæri sínu á heimilinu. Þeir sem flytja búferlum milli landshluta eru þannig að stórum hluta ungt fólk sem er annað hvort að fara áfram í nám eða að stofna heimili sitt. Búferlaflutningar innanlands eru því að stórum hluta liður í, eða afleiðing af, ákvörðunum sem tengjast námi eða stofnun heimilis.


Kafli VIII

Hverjir eru óánægðir með búsetuskilyrðin?

Þjóðfélagshópagreining

Í framhaldi af greiningu á mismunandi hreyfanleika fólks í ólíkum þjóðfélagshópum, í kafla VII, er gagnlegt að fá yfirlit um það hvernig fólk í ólíkum hópum metur búsetuskilyrðin í byggðarlagi sínu. Það er sýnt í þessum kafla og er byggt á Landshlutakönnun búsetuskilyrða frá vorinu 1997.

Mynd VIII.1: Óánægja fólks í einstökum þjóðfélagshópum með búsetuskilyrði. Heildarmat 24 þátta.



Greining ánægju og óánægju með búsetuskilyrði í einstökum þjóðfélagshópum er gagnleg vegna þess að hún gefur vísbendingar um hvort þess sé að vænta að flutningatíðni fólks, sem fram kom í síðasta kafla, verði áfram svipuð eða hvort vænta megi breytinga.

Á mynd VIII.1 má sjá vísbendingar um heildarmat búsetuskilyrða í einstökum þjóðfélagshópum, þ.e. hlutfall svarenda úr hverjum hópi sem eru óánægðir með samanlagða þættina sem spurt var um í könnuninni. Í þeim hópum þar sem óánægjan er minnst er ánægjan jafnframt mest, og má því jafnframt draga ályktanir af myndinni um ánægju í einstökum hópum (sjá nánar viðauka við þennan kafla þar sem frekari upplýsingar eru sýndar).

Myndin sýnir að konur eru almennt heldur óánægðari með búsetuskilyrði sín en karlar og að yngra fólk (18-24 ára) er afgerandi óánægðara en fólk úr öðrum aldurshópum. Þegar litið er á starfsstéttir kemur í ljós að bændur og sjómenn eru almennt óánægðari en meðlimir margra annarra stétta. Þá er einnig athyglisvert að stjórnendur eru óánægðari með búsetuskilyrði sín en aðrir hópar og að verkafólk og heimavinnandi fólk er meira óánægt en gengur og gerist.

Þegar óánægjan er skoðuð eftir menntahópum kemur í ljós að þeir sem hafa lokið minni menntun eru að öðru jöfnu óánægðari með búsetuskilyrðin, en háskólamenn eru á hinn bóginn ánægðastir. Í síðasta kafla kom fram að tíðni búferlaflutninga milli byggðarlaga er hæst hjá háskólamönnum en hér kemur fram að óánægja með búsetuskilyrðin er minnst hjá þeim. Þetta misræmi skýrist líklega af því að háskólamenn hafa í miklum mæli þegar flutt til þess byggðarlags sem þeir eru ánægðir með, þ.e. strax þegar þeir fóru til náms á háskólastigi, en flestir leggja auðvitað stund á háskólanám á Höfuðborgarsvæðinu.

Vísbendingarnar eru því þær, að vænta megi meiri búferlaflutninga í framtíðinni meðal fólks úr stéttum sjómanna, bænda, verkafólks og meðal þeirra sem minni menntun hafa.


Enginn munur er á mati fólks á búsetuskilyrðum eftir því hvort það er starfandi í opinbera geiranum eða einkageira, né heldur eftir því hvort um er að ræða launþega eða sjálfstætt starfandi fólk.

Þegar óánægjan er greind meðal starfsfólks í einstökum atvinnugreinum kemur athyglisverð niðurstaða fram, þ.e. að starfsfólk í fiskvinnslu er óánægðast með búsetuskilyrðin. Þar á eftir er óánægjan mest í fiskveiðum og landbúnaði, en minnst er hún hjá fólki í byggingariðnaði og öðrum iðnaði. Þessi vísbending um hlutfallslega mikla óánægju meðal fólks er vinnur í frumvinnslugreinunum sjávarútvegi og landbúnaði, boðar ekki gott fyrir búsetu í þeim byggðarlögum sem mest byggja á þessum atvinnugreinum. Þróun þessara atvinnugreina, þ.e. viðvarandi fækkun starfa í landbúnaði og versnandi kjör bænda annars vegar og flutningur landvinnslu út á sjó og flutningur kvóta milli byggðarlaga hins vegar, er þannig líkleg til að hafa frekari áhrif á þróun búsetunnar í landinu. Versnandi kjör starfsfólks í einstökum atvinnugreinum koma fram í neikvæðara mati þess á búsetuskilyrðum í byggðarlaginu. Þetta verður kannað nánar í kafla X.

Loks kemur fram á myndinni að einhleypir almennt og einstæðir foreldrar sérstaklega eru óánægðari með búsetuskilyrði sín. Hið sama á við um fólk er býr hjá foreldrum sínum eða leigir og er þetta í samræmi við meiri óánægju meðal yngra fólks. Þeir sem búa í eigin húsnæði eru almennt ánægðari með skilyrðin.

Almennt virðist því sem vænta megi á næstu árum hlutfallslega meiri búferlaflutninga meðal fólks úr frumvinnslugreinum og verkalýðsstétt en úr öðrum þjóðfélagshópum. Ungt fólk virðist einnig áfram líklegt til að flytja búferlum í miklum mæli.

Mynd VIII.2: Ánægja fólks í einstökum þjóðfélagshópum með atvinnumál í byggðarlaginu



Á mynd VIII.2 má sjá ánægju með atvinnumál í einstökum þjóðfélagshópum. Þar kemur fram að ánægjan er mest meðal sérfræðinga og stjórnenda, fólks sem hefur lokið menntun á háskólastigi og meðal iðnaðarmanna. Minnst er ánægjan með atvinnumál hins vegar hjá bændum og sjómönnum, verkafólki, lítið menntuðu fólki og loks hjá fólki sem er á aldrinum 45-59 ára. Konur eru óánægðari með atvinnumál en karlar og yngsti aldurshópurinn (18-24 ára) sýnir einnig minni merki ánægju en þeir sem eru miðaldra (25-44 ára).

Þegar ánægja með opinbera þjónustu er skoðuð eftir þjóðfélagshópum (sjá nánar myndir í viðauka við þennan kafla) kemur svolítið annað mynstur í ljós en varðandi atvinnumálin. Fólk sem starfar í landbúnaði og byggingariðnaði er ánægðast með opinberu velferðarþjónustuna, en minnst er ánægjan meðal sérfræðinga, fiskvinnslufólks, einstæðra foreldra og meðal háskólamentaðra.

Almennt er frekar mikil óánægja með húsnæðismál og sýnu mest hjá bændum og sjómönnum, fiskvinnslufólki og einstæðum foreldrum. Þá eru leigjendur einnig síður ánægðir með húsnæðismál en þeir sem búa hjá foreldrum sínum eða þeir sem búa í eigin húsnæði.

Aðstaða til menningarneyslu og afþreyingar vekur mesta ánægju meðal fólks í milli og hærri starfsstéttum (stjórnendum, sérfræðingum, tæknum og skrifstofufólki, auk þjónustu- og afgreiðslufólks). Hið sama á við um þá sem hafa lokið háskólanámi. Minnst er ánægjan með þennan málaflokk hjá fiskvinnslufólki, ungu og einhleypu fólki, sjómönnum, iðnaðarmönnum og almennu verkafólki.

Ánægja með samgöngur er minnst meðal bænda, fiskvinnslufólks, iðnaðarmanna, einhleypa og ungra.

Hvað verslun og þjónustu snertir er mest ánægja með verðlag og framboð meðal háskólamenntaðra og hærri starfsstétta (en flestir í þeim hópum búa á Höfuðborgarsvæðinu). Minnst er ánægjan með þessa þætti hjá fiskvinnslufólki, sjómönnum og bændum, auk unga fólksins (18-34 ára).

Stjórnendur eru ánægðastir með veðurfarið, en óánægðastir eru unga fólkið (sem leigir eða býr hjá foreldrum sínum), einstæðir foreldrar og starfsmenn í byggingariðnaði. Ánægja með umhverfisskilyrði er hins vegar mest hjá bændum og sjómönnum, auk byggingariðnaðarmanna. Minnst er ánægjan með þennan málaflokk hjá einstæðum foreldrum, sérfræðingum og öðrum háskólamönnum.

Á heildina litið má því segja að fiskvinnslufólk, bændur og sjómenn séu þeir þjóðfélagshópar sem síst eru ánægðir með búsetuskilyrðin sem þeir njóta í byggðarlagi sínu. Ungt fólk (18-34 ára) er einnig óánægðara með búsetuskilyrðin en þeir sem eldri eru og þá kvarta einstæðir foreldrar einnig undan nokkrum þáttum búsetuskilyrðanna.

Ef þær niðurstöður sem fram hafa komið í þessum kafla gefa einhverjar vísbendingar um það, hvers kunnir að vera að vænta í búferlaflutningum innanlands á næstu árum, má segja að líkindi séu til þess að fiskvinnslufólk, bændur og sjómenn muni flytja búferlum í heldur meiri mæli en verið hefur á undanförunum árum, en að ungt fólk verði áfram virkir aðilar í búferlaflutningum, bæði í tengslum við framhaldsnám og stofnun eigin heimilis.

Kafla IX


Búsetuóskir og horfur til framtíðar

IX.1. Huglægar skýringar brottflutnings

Í fyrri köflum þessa hluta bókarinnar hefur komið fram að ánægja með búsetuskilyrði er mjög misjöfn milli landshluta. Einnig er nokkuð reglubundinn munur milli Höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar í mati íbúanna á búsetuskilyrðum. Með einföldun má segja að á Höfuðborgarsvæðinu séu íbúar almennt ánægðari með þá þætti sem tengjast nútímalegum lífsháttum, svo sem fjölbreytileika atvinnutækifæra, verslun og þjónustu, menningar- og afþreyingaraðstöðu, og einnig húsnæðisaðstæður. Á landsbyggðinni eru íbúar almennt ánægðari með þætti er lúta að umhverfisskilyrðum (náttúrufar, veðurfar) og opinberri þjónustu. Þá er misjafnt milli landshluta á landsbyggðinni í hve miklum mæli fólk er ánægt með einstaka þætti búsetuskilyrðanna, til dæmis eru Vestfirðingar og íbúar bæjanna á norðanverðum Austfjörðum ánægðir með atvinnumálin í byggðarlagi sínu þó svo að þaðan hafi verið mikill brottflutningur.

Í ljósi þessa breytileika sem er á ánægju íbúa með einstaka þætti búsetuskilyrða, þ.e. að menn á hverjum stað eru ánægðir með sumt en óánægðir með annað, þá verður mikilvægt að fá upplýsingar um mikilvægi einstakra þátta fyrir íbúa landsbyggðar og Höfuðborgarsvæðis. Það er gert með því að spyrja fólk sem flutt hefur milli byggðarlaga á sl. fjórum árum, hvaða atriði hafi skipt mestu máli fyrir þá ákvörðun að flytja (gögnin koma úr Könnun meðal brottfluttra, vorið 1997).

**Mynd IX.1: Hvers vegna fluttirðu síðast búferlum milli byggðarlaga?
Peir sem fluttu milli landshluta 1992-96.**




Á mynd IX.1 má sjá hvernig fólk sem flutti svarar opinni spurningu um þetta. Slík mæling gefur vísbendingu um hvaða atriði eru þeim brottfluttu efst í huga sem skýring búferlaflutningsins.

Flestir þeirra sem fluttu milli byggðarlaga á tímabilinu 1992 til 1996 nefna sjálfir atvinnumál sem helstu ástæðu, eða um 30%. Þá eru húsnæðisáðstæður og menntunarkostir nefndir af 16-17%, en síðan koma atriði tengd fjölskyldu eða tengslum við vini, þá almenn lífsgæði (betra umhverfi, betri lífskjör almennt séð) og loks margvíslegar persónulegar ástæður. Af þessu virðist því að atvinnumál vegi þyngst fyrir flesta, en þó er það aðeins tæpur þriðjungur sem nefnir þau sem helstu ástæðuna. Þessi atriði verða nú nánar skoðuð áður en ályktanir verða dregnar um mikilvægi einstakra orsaka.

Á mynd IX.2 eru sýnd svör við spurningu um það, hverju þeir brottfluttu telja sig hafa þurft að fórna á gamla staðnum með flutningnum, en um helmingur brottfluttra sagði að þeir hefðu þurft að fórna einhverju á gamla staðnum og hinn helmingurinn neitaði því að um slíkt hefði verið að ræða. Svörin eru greind eftir því hvar svarendur búa nú, þannig að flestir þeirra sem nú búa á Höfuðborgarsvæðinu hafa flutt þangað á sl. 4-5 árum, en hinir hafa annað hvort flutt milli byggðarlaga á landsbyggðinni eða flutt frá Höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar.

Mynd IX.2: Peir sem hafa flutt: Hverju þurftir þú að fórna á gamla staðnum?




Báðir hópar nefna afgerandi mest tvíþætt atriði, þ.e. tengsl við fjölskyldu og vini eða almenn lífsgæði (umhverfislegir þættir) á gamla staðnum, og lífsgæðin skipta þá sem nú búa á Höfuðborgarsvæði meira máli, en félagslegu tengslin skipta hina meira máli. Þetta eru vísbendingar um að fólk flytur þrátt fyrir að það sé ánægt með þessi atriði, þannig að aðrir þættir skipta meira máli eins og fram kom á mynd IX.1, svo sem atvinnutækifæri, menntunarskilyrði (til framhaldsmenntunar og háskólastigsmenntunar), húsnæðisaðstæður, verslun og þjónusta.

IX.2. Horfur til framtíðar: Áform um frekari búferlaflutninga

Áform um að flytja búferlum á næstunni og uppgefnar ástæður þeirra áforma gefa frekari vísbendingar um hvað það er sem brennur mest á fólki í einstökum landshlutum. Um slík áform var spurt á þrjá vegu í Landshlutakönnun búsetuskilyrða. Fyrst var spurt hvort fólk hygðist flytja í annað byggðarlag á næstu tveimur árum, þá var spurt hvort fólk hefði hugleitt á undanförunum árum að flytja í annað byggðarlag og loks var spurt hvort viðkomandi langaði að flytja úr byggðarlaginu. Niðurstöður úr þessum spurningum eru sýndar á næstu tveimur myndum.

Mynd IX.3: Áform um búferlaflutninga í einstökum landshlutum.

(Hlutfall íbúa sem segja sig langi að flytja búferlum milli byggðarlaga og hlutfall sem segjast hafa hugleitt brottflutning á undanförunum árum).




Langminnst er um það að fólk segi sig langi að flytja brott af Höfuðborgarsvæðinu og af Vesturlandi. Þá kemur Norðurland eystra og vestra. Hins vegar er hlutfall þeirra sem langar að flytja brott hæst á Vestfjörðum (21%), þá kemur Suðurland með 19%, og Austurland og Suðurnes með um 17%. Þeir sem segjast hafa hugleitt að flytja brott á undanförunum árum eru flestir á Vestfjörðum, eða um 30% íbúa, en síðan er hlutfallið svipað annars staðar nema á Vesturlandi og á Höfuðborgarsvæðinu. Þetta seinna viðmið, þ.e. að hafa hugleitt brottflutning, er auðvitað lauslegt mat en það gefur vísbendingar ásamt hinum viðmiðunum um rótleysi íbúa í einstökum byggðarlögum.

Ákveðnasta mælingin um rótleysi er hins vegar spurningin um það hvort fólk segist ætla að flytja brott á næstu tveimur árum, og svör við henni má sjá á mynd IX.4. Svörin er gagnlegt að skoða í samanburði við langanir fólks um að flytja og gefur

misræmi langana og ætlana vísbendingar um í hve miklum mæli um er að ræða frjálstan eða þvingaðan búferlaflutning frá einstökum landshlutum.

Mynd IX.4: Áform um búferlaflutninga í einstökum landshlutum.

(Hlutfall íbúa sem segja sig langa til að flytja og hlutfall sem segjast ætla að flytja úr byggðarlaginu á næstu tveimur árum).



Aftur eru áform um að flytja brott með minna móti hjá íbúum Höfuðborgarsvæðis og Vesturlands, en sérstaka athygli vekur að enn lægra er hlutfall íbúa sem segjast ætla að flytja af Norðurlandi vestra, eða um 9% á móti 11% á Höfuðborgarsvæði og Vesturlandi. Suðurnesjamenn eru reyndar svipað staddir að þessu leyti, með 12%. Hins vegar eru yfirlýst áform um brottflutning mest á Austurlandi (21% íbúa þar segjast ætla að flytja brott á næstu tveimur árum) og á Vestfjörðum (19% segjast ætla að flytja brott á næstu tveimur árum). Mjög ólíklegt er þó að svo stórum hluti íbúa þessara landshluta flytji brott þegar á hólminn er komið, enda væri það mjög mikil aukning frá því sem verið hefur. Hins vegar er nauðsynlegt að hafa í huga að brottflutningur er á hverjum tíma meiri en heildartap íbúa vegna þess að hverjum straumi brott fylgir straumur í gagnstæða átt, líkt og Ravenstein uppgötvaði í Englandi á síðustu öld, og fram kom í fyrsta og öðrum kafla.

Svör við slíkum spurningum um brottflutningsáform eru þó gagnlegar vísbendingar um hvert stefnir í þessum efnum og ber að taka þær alvarlega. Því til stuðnings má benda á niðurstöður könnunar Félagsvísindastofnunar á búferlaflutningsáformum sem framkvæmd var árið 1989. Þar var spurt á svipaðan hátt, þ.e. hvort fólk ætlaði að flytja milli byggðarlaga á næstunni. Hæst var hlutfallið þá á Vestfjörðum og Austurlandi, eins og enn er, og á Norðurlandi vestra var það einnig hátt, en frá þessum þremur landshlutum hefur einmitt tapast flest fólk á tímabilinu frá 1990 til 1996.⁵⁹ Nokkur hluti þeirra sem hafa hug á að flytja brott af Höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi eystra stefna til útlanda, í nám eða önnur viðfangsefni.

Samanburður á ætlunum og löngunum til búferlaflutninga bendir til þess að á Austurlandi, Höfuðborgarsvæði, Vesturlandi og Norðurlandi eystra sé hlutfallslega mest um þvingaðan brottflutning (þ.e. fleiri ætla að flytja en langar til að flytja brott), en hins vegar er staðan öfug á Norðurlandi vestra, Vestfjörðum, Suðurnesjum og Suðurlandi, en þar virðast brottflutningsáform vera minni en langanir til brottflutnings.

Miðað við svör við framangreindum þremur spurningum okkar um búferlaflutningsáform má ætla að áfram verði mikill brottflutningur af Vestfjörðum og Austfjörðum, en einhver von er til að á Norðurlandi vestra dragi úr brottflutningi.

Umtalsverðar langanir til brottflutnings á Suðurlandi og Suðurnesjum koma nokkuð á óvart, og beinar fyrirætlanir um brottflutning þaðan eru einnig allmiklar.

IX.3. Hvers vegna segist fólk ætla að flytja brott?

Í framhaldi af framangreindu mati á búferlaflutningsáformum er gagnlegt að spyrja hvers vegna þeir, sem segjast ætla að flytja milli byggðarlaga, kjósa að flytja frá núverandi byggðarlagi sínu. Upplýsingar um það má sjá á næstu tveimur myndum (IX.5 og IX.6). Á fyrri myndinni er sýndur samanburður við þær ástæður sem þeir sem raunverulega fluttu milli byggðarlaga á árunum 1992-96 gáfu upp, og fram komu á fyrstu myndinni í þessum kafla. Slíkur samanburður varpar frekara ljósi á niðurstöðurnar.


Spurt var opið um þessi atriði, þ.e. þeir sem sögðust ætla að flytja brott á næstu tveimur árum voru einfaldlega spurðir áfram, hvers vegna ætlarðu að flytja? Öll svör voru skráð og síðan flokkuð í nokkrum þrepum í 6 efnisflokkum sem réðust af svörunum sjálfum.

Þeir sem segjast ætla að flytja á næstu tveimur árum nefna flestir atvinnumál (37%), næstflestir nefna menntakosti (23%) og þá koma almenn lífsgæði (18%). Samanburðurinn við ástæður þeirra sem fluttu 1992-96 sýnir að hjá þeim sem nú hyggja á búferlaflutning vega atvinnumálin, menntamál og almennu lífsgæðin meira en var 1992-96. Að öðru leyti eru atriðin sem nefnd voru af svipuðum toga.

Áherslan er hins vegar misjöfn eftir því hvort fólk býr á landsbyggðinni eða Höfuðborgarsvæðinu, eins og fram kemur á mynd IX.6. Vegna þess að svarendur í hverju byggðarlagi sem sögðust ætla að flytja brott voru ekki nægilega margir til að marktækt væri að greina uppgefnar ástæður eftir landshluta, var brugðið á það ráð að bera saman landsbyggðina í heild og Höfuðborgarsvæðið.


Mynd IX.5: Hvers vegna segist fólk flytja milli byggðarlaga?

Þeir sem fluttu 1992-6 og þeir sem segjast ætla að flytja á næstu 2 árum.



Mynd IX.6: Hvers vegna segist fólk ætla að flytja brott?

Þeir sem ætla að flytja á næstu 2 árum af HB-svæði og af landsbyggð.



Íbúar landsbyggðarinnar nefna í mun meiri mæli atvinnutengdar og menntunartengdar ástæður en íbúar Höfuðborgarsvæðisins. Þannig eru það um 44% þeirra íbúa landsbyggðarsvæðanna sem segjast ætla að flytja á næstu tveimur árum er nefna atvinnumál og 30% nefna menntun, en um 12% þeirra nefna almenn lífsgæði. Íbúar Höfuðborgarsvæðisins sem ætla að flytja nefna mest atvinnumálin (29%) og almenn lífsgæði (25%), en síðan menntun og fjölskyldutengdar ástæður.

Þegar á allt er litið þá eru það atvinnumál og menntun, ásamt með almennu mati á lífsgæðum, sem virðast skipta mestu máli sem ástæður búferlaflutnings, bæði fyrir það fólk sem flutt hefur á síðastliðnum árum og fyrir þá sem segjast ætla að flytja milli byggðarlaga á næstu misserum. Hvað atvinnumálin snertir þá eru það ekki síður fjölbreytileiki atvinnutækifæra en atvinnuöryggi eða tekjuöflunarmöguleikar sem máli skipta.


IX.4. Í hve stóru byggðarlagi vill fólk helst búa?

Í Landshlutakönnun búsetuskilyrða var fólk í einstökum landshlutum spurt að því, hvort það helst vildi búa í byggðarlagi sem væri stærra en núverandi byggðarlag, svipað að stærð eða minna. Svör við þessari spurningu gefa nánari vísbendingar um búsetuóskir fólks, því mikið af því sem nútímamenn sækjast eftir í lífsskilyrðum er tengt stærð byggðarlags, hvort sem um er að ræða aðgang að fjölbættri þjónustu og aðstæðum sem oftast tengist stærra þéttbýli, eða umhverfisgæðum sem oftast tengjast smærri byggðarlögum.

Á mynd IX.7 má sjá hvernig íbúar einstakra landshluta svöruðu þessari spurningu og kemur þar fram, að í þeim landshlutum sem flestu fólki hafa tapað er algengast að íbúar segist vilja búa í stærra byggðarlagi.

Mynd IX.7: Hversu stóru byggðarlagi vilja menn helst búa í?

Stærra, svipað eða minna en núverandi byggðarlag, greint eftir landshlutum.




Pannig eru það um 43% Vestfirðinga, 42% Austfirðinga og 39% á Norðurlandi vestra sem segjast helst vilja búa í stærra byggðarlagi en núverandi byggðarlag þeirra er. Þetta er reyndar einnig algengt sjónarmið í landshlutum sem hafa tapað minna af fólki en þeir þrír framangreindu, til dæmis á Vesturlandi (35%), Norðurlandi eystra (31%), Suðurlandi (29%) og Suðurnesjum (28%). Stækkun byggðakjarna er því markmið sem virðist víða vera fólki á landsbyggðinni að skapi. Aðeins um 5% íbúa Höfuðborgarsvæðisins segjast vilja búa í stærra byggðarlagi en Höfuðborgarsvæðið er. Almennt eru það fáir sem helst vildu búa í minna byggðarlagi, en þeir eru flestir á Höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi eystra, eða 13% á hvoru svæði.

Hæst hlutfall íbúa sem eru ánægðir með núverandi stærð síns byggðarlags er að finna á Höfuðborgarsvæðinu (82%), síðan Suðurlandi, Suðurnesjum og Vesturlandi. Þetta er nánar skoðað á næstu tveimur myndum, fyrst meðal íbúa helstu þéttbýlisstaða á landinu, en síðan eftir byggðarstigi.

Mynd IX.8: Hversu stóru byggðarlagi vilja menn helst búa í?

Greint eftir helstu þéttbýlisstöðum á landinu.



Á mynd IX.8 kemur fram að íbúar þéttbýliskjarnanna á norðanverðum Austfjörðum eru ákveðnastir með þá ósk að búa helst á stærri stað (50%), síðan koma Vestmannaeyingar (46%), Sauðkrækingar (43%) og Ísfirðingar (41%). Þá eru um 31% Akurnesinga með þessa afstöðu, 27% íbúa Reykjanesbæjar (Keflavík-Njarðvík),


26% á Höfn í Hornafirði, 21% á Akureyri og lægst er hlutfallið utan Höfuðborgarsvæðisins á Selfossi og í Hveragerði, eða um 18% samanlagt.

Ef litið er á hlutfall íbúa sem eru ánægðir með núverandi stærð byggðarlags síns þá er það hæst utan Höfuðborgarsvæðisins á Selfossi/Hveragerði (76%) og síðan á Höfn í Hornafirði (74%). Á Akureyri er stærri en á Höfuðborgarsvæðinu sá hluti íbúanna sem er á því að vilja helst búa á minni stað.

Að lokum er sýnt á mynd IX.9 hvernig óskir um stærð byggðarlags tengjast þéttbýlisstigi almennt á landinu.

Mynd IX.9: Hversu stóru byggðarlagi vilja menn helst búa í?

Greint eftir núverandi þéttbýlisstigi heimabyggðar svarenda.



Hér er athyglisvert að beint og nokkuð sterkt samband er milli stærðar núverandi byggðarlags og óska um að búa í stærri byggðarlagi, þannig að íbúar minni byggðarlaganna vilja helst búa í stærri byggðarkjörnum.⁶⁰ Þetta er mest afgerandi meðal þeirra sem búa í þorpum eða bæjum sem eru með 200 til 1.000 íbúa og einnig meðal þeirra sem búa í byggðarlögum með minna en 200 íbúa (um 39-40% þeirra vilja helst búa í stærri byggðarkjarna). Um 35% þeirra sem búa í þéttbýli með 1.000 til 10.000 íbúa segjast helst vilja búa á stærri stað, og hið sama á við um 24% þeirra sem búa í þéttbýli með meira en 10.000 íbúa, utan Höfuðborgarsvæðisins, en þeir sem tilheyra þessum flokki staða með meira en 10.000 íbúa eru aðeins íbúar Reykjanessbæjar og Akureyrar.

Almennt eru því uppi umtalsverðar óskir um stærri byggðarkjarna á landsbyggðinni. Það hlýtur því að vera ein af forsendum þess að takast megi að styrkja byggð víða á landsbyggðinni, að stuðlað sé að stækkun byggðarkjarna, sem hafa betri forsendur til að bjóða upp á þá þjónustu og aðstöðu til nútímalegra lífshátta sem fólk sækist eftir.

IX.5. Niðurstöður

Í þessum kafla hefur verið leitað svara við spurningum um hvaða þættir skipta mestu máli fyrir ákvarðanir um að flytja búferlum milli byggðarlaga. Þetta er mikilvægt viðfangsefni í ljósi þess að mat íbúa á búsetuskilyrðum er misjafnt milli landshluta og

víðast fer saman ánægja með einstaka þætti og óánægja með aðra, en sjaldnast eða aldrei eru íbúar annað hvort ánægðir með allt í búsetuskilyrðunum eða ekkert. Forgangsröðun í ánægju- eða óánægjustiganum gerir því út um niðurstöðuna sem liggur að baki ákvörðunum um að flytja eða flytja ekki frá einu byggðarlagi til annars.

Samhljómur er í svörum fólks sem flutt hefur milli landshluta á árunum 1992-96 og þeirra sem segjast ætla að flytja, þegar spurt er um ástæður. Flestir nefna atvinnumál, menntun og almenn lífsgæði. Þegar þeir sem flutt hafa voru spurðir hvort þeir hefðu fórn að einhverju á gamla staðnum nefndu þeir sem það átti við um helst tengsl við fjölskyldu og vini og almenn lífsgæði. Það hafa því væntanlega verið víkjandi þættir, samanborið við áhrifamátt þátta er tengjast atvinnu og menntun. Hins vegar má ætla að þessir þættir allir vegi saman þegar fólk tekur ákvarðanir um brottflutning, því í langflestum tilvikum er um að ræða kosti og galla í senn.

Þátttakendur í Landshlutakönnun búsetuskilyrða voru spurðir um áform sín um búferlaflutninga, meðal annars voru þeir spurðir beint um það hvort þeir ætli að flytja úr byggðarlaginu á næstu tveimur árum. Umtalsverður hluti íbúa Austfjarða og Vestfjarða segjast ætla að flytja brott. Þó svo að vart sé þess að vænta að allir þeir sem segjast ætla að flytja brott láti af því verða (um 20% íbúa) er ástæða til að taka slíkar vísbendingar alvarlega, meðal annars á grundvelli reynslu af forspárgildi fyrri könnunar Félagsvísindastofnunar á sambærilegu atriði frá árinu 1989. Þess vegna má vænta þess að óbreyttu, að áfram verði mikill brottflutningur fólks frá Vestfjörðum og Austfjörðum, en einhver von er til þess að úr brottflutningi dragi á Norðurlandi vestra. Þá er einnig að vænta umtalsverðs brottflutnings af Suðurlandi og Suðurnesjum, en þeir landshlutar eru hins vegar líklegri til að njóta sterkari straums brottfluttra frá Höfuðborgarsvæði á mótí.

Loks kom fram mikill vilji meðal íbúa á landsbyggðinni til að búa í stærra byggðarlagi en núverandi byggðarlag þeirra er. Þetta var mest afgerandi í þeim landshlutum sem flestu fólki hafa tapað á liðnum árum og áratugum, þ.e. Vestfjörðum, Austfjörðum og Norðurlandi vestra. Einnig er merkilegt að beint og mjög sterkt samband er milli stærðar núverandi byggðarlags og óska um að búa í stærra byggðarlagi, en sú ósk er almennt sterkust í minnstu byggðarlagunum.

Stækkun byggðarkjarna er því samkvæmt þessum niðurstöðum líkleg til að styrkja búsetu á landsbyggðinni í umtalsverðum mæli.

III. hluti Niðurstaða:

Atvinnuþróun, hugarfar og búferlaflutningar

Kaflí X Tengsl atvinnuþróunar, tekna og búferlaflutninga

X.1. Efnahagsþróun og búferlaflutningar

Klassísk kenning hagfræðinnar um svæðislega þróun og búferlaflutninga gerir ráð fyrir því, að vinnumarkaður hneigist til jafnvægis, á þann veg að einstaklingar flytji frá svæðum þar sem laun eru lág og atvinna lítil til annarra svæða þar sem laun eru hærri og atvinnutækifæri meiri. Forsendan er sú, að einstaklingar hafi fulla þekkingu á þeim kostum sem bjóðast og séu að fullu hreyfanlegir, þ.e. aðrir þættir hafi ekki teljandi átruflandi- eða hamlandi áhrif á jafnvægisleitnina. Búferlaflutningarnir stuðla svo að jöfnuði launa og atvinnustigs milli landshluta til lengri tíma. Út frá þessu sjónarhorni mætti búast við því, að svæði sem hafa lægri meðaltekjur og hærri atvinnuleysisstig en að jafnaði er á landinu, ættu að tapa hlutfallslega fleira fólki en önnur svæði.[61](#)


Sá möguleiki er einnig fyrir hendi að svæði sem hafa tapað fólki í miklum mæli án þess að hafa samhliða því þróað aukið atvinnuleysi hafi losnað undan áþjám atvinnuleysis með því að þeir sem ella hefðu orðið atvinnulausir hafi flutt brott til svæða þar sem vinnu var að fá. Sömuleiðis verður brottflutningur til þess að eftirspurn er áfram þökkaleg eftir vinnuaflí þrátt fyrir samdráttinn og því lækka laun ekki til lengri tíma. Oft er sagt að þannig sé málum til dæmis farið í Bandaríkjunum, þ.e. að svæðabundnir atvinnuerfiðleikar jafni sig fljótt út með því að íbúar flytji brott. Hins vegar virðist reynslan í Evrópu oft vera sú að fólk þar sé ekki jafn hreyfanlegt og í Bandaríkjunum og því geti svæðisbundið atvinnuleysi varað árum eða áratugum saman, til dæmis á Suður-Ítalíu eða í norðurhluta Englands, á einstökum svæðum Írlands eða í Portúgal.[62](#) Reynslan frá mörgum Evrópulöndum bendir þannig til þess að jafnvægisleitni á vinnumarkaði þar geti verið takmörkuð í samanburði við Bandaríkin.

Nýleg rannsókn hagfræðinganna Björns R. Guðmundssonar og Gylfa Zoëga á íslenska vinnumarkaðinum bendir til þess að hann hafi ríka tilhneigingu til jafnvægisleitni, eins og að framan var lýst.[63](#) Eftirfarandi er lýsing þeirra á niðurstöðum sínum um þetta atriði:

„Athuganir okkar benda til þess að líta megi á landið allt sem einn vinnumarkað. Jafnstöðugildi atvinnuleysis og raunlauna er þar af leiðandi svipað frá einum landshluta til annars. Mismunur atvinnuleysis og rauntekna á milli landssvæða leitar í jafnvægi eftir að frávik hefur orðið. Fólksflutningar á milli svæða eiga hér sennilega hlut að máli.“[64](#)

Lítum nánar á sambandið milli atvinnuleysis, tekna og búferla-flutninga. Atvinnuleysi er oftast háð hagsveiflunni, þannig að minnkandi hagvexti tengist að öðru jöfnu aukin tilhneiging til atvinnuleysis, en vaxandi efnahagslífi fylgir að sama skapi fjölgun starfa. Á mynd X.1 má sjá samband milli hagvaxtar og nettóbúferlaflutnings (aðfluttir umfram brottflutta) til Höfuðborgarsvæðisins á tímabilinu frá 1961 til 1996. [65](#)

Mynd X.1: Tengsl hagvaxtar og heildarbúferlaflutninga til Höfuðborgarsvæðisins




Inn á myndina er teiknuð aðhvarfslína fyrir hagvöxtinn sem sýnir að á tímabilinu hefur almennt dregið úr vaxtarhraðanum í íslensku efnahagslífi. Hæggengisárin hafa verið fleiri eftir 1980 og ár með sérstaklega mikinn hagvöxt hafa sömuleiðis verið færri en áður. Samdrátturinn eftir hrun síldarstofnsins og verðlækkningar á erlendum mörkuðum 1967-69 var að vísu dýpri en seinni samdráttarskeið, en hins vegar var stöðnunartíminn frá og með 1988 óvenjulega langur.

Annað sem er afgerandi á myndinni er að nettóflutningur til Höfuðborgarsvæðisins hefur aukist svo um munar eftir 1980, á heildina litið. Lítillega neikvæð fylgni milli þáttanna á öllu tímabilinu endurspeglar þetta vaxandi misræmi sem kemur fram í minnkandi hagvexti og auknum flutningi til Höfuðborgarsvæðisins. Hagsveiflan á tímabilinu gæti því hafa haft einhverv áhrif á þróun búferlaflutninganna eftir 1980, þannig að minni vöxtur hafi leitt til aukinna búferlaflutninga innanlands. Þetta gæti t.d. hafa orðið þannig, að samdrátturinn hafi verið hlutfallslega mikill í sjávarútvegi sem hefur meiri þýðingu fyrir atvinnulíf landsbyggðar en Höfuðborgarsvæðis.

Á mynd X.2 má sjá tengsl atvinnuleysis í landinu og heildarbúferlaflutninga til Höfuðborgarsvæðisins. Ef jafnvægiskeningin á við rök að styðjast er þess ekki að vænta að saman fari til fulls aukið atvinnuleysi og aukinn flutningur af landsbyggð til Höfuðborgarsvæðis, enda ekki sjálfgefið að atvinnuleysi dreifist jafnt á landið, auk þess sem búferlaflutningar ættu að draga úr eða jafnvel eyða atvinnuleysi. En hvað segir myndin okkur frekar um tengsl efnahagsþróunar og búferlaflutninga?

Almennt hefur atvinnuleysi verið lítið hér á landi á eftirstríðsárunum, en hins vegar eru nokkrar afgerandi sveiflur sem tengjast allar almennum efnahagsþrengingum. Toppurinn í atvinnuleysi sem varð 1968-9 tengdist einnig umtalsverðum brottflutningi íslenskra verk- og iðnaðarmanna úr landi (sérstaklega á árunum 1969-70).⁶⁶ Auknu atvinnuleysi 1982-4 tengist hins vegar aukinn flutningur fólks af landsbyggð til Höfuðborgarsvæðis, sem reyndar hafði byrjað fyrr (1981), eins og sjá má á myndinni.


Mynd X.2: Tengsl atvinnuleysis á landinu öllu og heildarbúferlaflutninga til Höfuðborgarsvæðisins



Það má því færa rök fyrir því að vaxandi efnahagsþrengingar hafi þegar í byrjun níunda áratugarins verið farnar að leiða til búferlaflutninga. Athyglisvert er einnig að straumurinn til Höfuðborgarsvæðisins verður ekki óvenju mikill fyrr en eftir að atvinnuleysið er orðið umtalsvert, þ.e. 1984, og síðan er aftur bætir í atvinnuleysið eftir 1992 og það vex í nýjar hæðir, áður óþekktar hér á eftirstríðsárunum. Þannig hefur farið saman á allra síðustu árum óvenju mikið atvinnuleysi og óvenjulega mikið tap fólks af landsbyggð til Höfuðborgarsvæðis. Á heildina litið má því enn fá stuðning af þessum gögnum við tilgátuna um að búferlaflutningar tengist atvinnuþróun. Lítum nánar á hvernig þetta kemur heim og saman við þróunina í einstökum landshlutum á síðustu árum, á mynd X.3.

Þar er sýnt samband fólksfjöldabreytinga í einstökum landshlutum 1990-96 og meðalatvinnuleysis á öllu tímabilinu frá 1985 til 1995. [67](#)

Mynd X.3: Tengsl fólksfjöldabreytinga 1990-96 og meðalatvinnuleysis 1985-95 í einstökum landshlutum




Hér er nokkuð misjafnt milli svæða hvernig tengslum atvinnuleysis og fólksfjöldabreytinga er háttað á tímabilinu. [68](#) Á heildina litið er atvinnuleysi á umræddu tíu ára tímabili að jafnaði svipað í flestum landshlutum, utan hvað á Vestfjörðum hefur verið mun minna atvinnuleysi en annars staðar, og á Höfuðborgarsvæðinu hefur atvinnuleysi verið heldur minna en á landinu öllu. Norðurland hefur búið við hæsta atvinnuleysisstigið og er sérstaklega mikið kvartað undan atvinnuástandi á Norðurlandi vestra, eins og fram hefur komið í fyrri köflum.

Athyglisverðast við mynd X.3 er að Vestfirðir sem hafa tapað flestu fólki með brottflutningi skuli hafa búið við besta atvinnuástandið á tímabilinu öllu. Þar var einnig meiri ánægja meðal íbúa með atvinnuástand en annars staðar á landinu, utan Höfuðborgarsvæðisins. Lélegt atvinnuástand virðist því ekki sérstaklega hafa orsakað brottflutning frá Vestfjörðum. Hins vegar kann það að hafa skipt máli á Norðurlandi vestra, Austfjörðum og Vesturlandi.

Í þessu sambandi er einnig athyglisvert að Norðurland vestra og Norðurland eystra eru með svipað atvinnuleysisstig en Norðurland eystra heldur mun betur í íbúa sína en Norðurland vestra. Þar gætir jákvæðara mats íbúanna á búsetuskilyrðum almennt á Norðurlandi eystra. Þá er einnig athyglisvert að atvinnuleysi skuli að jafnaði hafa verið tiltölulega lítið á Höfuðborgarsvæðinu, þrátt fyrir mikinn aðflutning af landsbyggðinni.

Næst skoðum við tengsl meðaltekna og fólksfjöldabreytinga, á mynd X.4.

Mynd X.4: Tengsl meðaltekna 1991-2 (frávik frá landsmeðaltali) og fólksfjöldabreytinga 1990-96 í einstökum landshlutum



Hér er markverðast að meðaltekjur eru hæstar á Vestfjörðum, og hefur svo verið um langt árabil, næst koma Suðurnes, þá Höfuðborgarsvæðið, Suðurland og Vesturland. Lægstar eru tekjurnar á Norðurlandi vestra en næstlægstar á Norðurlandi eystra.

Ef litið er á þetta frá sjónarhóli kenningarinnar um jafnvægisleitni vinnumarkaðarins þá ættu Vestfirðir að draga að sér vinnuafli í stað þess að tapa hlutfallslega fleirum brott en aðrir landshlutar, þ.e.a.s. ef tekjur væru sá þáttur sem öllu máli skipti fyrir búferlaflutninga. Sömuleiðis ætti þá Höfuðborgarsvæðið ekki að vera að soga til sín jafn mikinn mannfjölda af landsbyggðinni.

Norðurland vestra er sá landshluti sem virðist helst fullnægja skilyrðum jafnvægiskenningarinnar, því þar tengist bæði lélegt atvinnustig og lágar tekjur umtalsverðum brottflutningi á síðastliðnum árum. Að öðru leyti virðist ljóst af þessum gögnum að aðrir þættir en tekjur skipti meira máli fyrir fólk þegar það vegur og metur hvort stofna skuli til búferlaflutninga eður ei. Sú er einnig algeng niðurstaða rannsókna í Evrópu.⁶⁹

Hins vegar virðist ljóst af framangreindum gögnum um hagvöxt og atvinnuleysi, sem og af fram komnum skýringum á ástæðum búferlaflutninga í kafla 9, að atvinnuþróunin skiptir miklu máli fyrir marga sem flytja búferlum, ásamt með menntunarmálum og almennu mati á lífsgæðum (búsetuskilyrðum). Þess vegna er ástæða til að skoða búferlaflutninga nánar í tengslum við atvinnuþróunina á landinu. Það er gert í því sem á eftir kemur í þessum kafla.

X.2. Atvinnuskiptingin á landinu og áhrif landbúnaðar

Áður en við skoðum tengsl búferlaflutninga til Höfuðborgarsvæðisins og þróunar atvinnutækifæra í einstökum atvinnugreinum er rétt að kanna samsetningu atvinnulífsins í einstökum landshlutum. Það eru mikilvægar upplýsingar um þau tækifæri sem bjóðast á landsbyggðinni, bæði á svæðum sem hafa tapað miklu af fólki sem og á öðrum svæðum.

Tafla X.1 Hlutdeild atvinnugreina í einstökum landshlutum 1990

	HB	SN	VL	VF	NV	NE	AL	SL
Landbúnaður	0,5	0,5	14,8	8,7	19	8,8	9,6	19
Sjávarútvegur	2,6	25	24,1	40,9	21	19	32	20
-Fiskveiðar	1,3	13	12,3	17,9	9,2	9,3	14	10
-Fiskvinnsla	1,3	12	11,8	23,1	12	9,6	18	10
Annar iðnaður	25	25	21,6	15,3	21	25	18	20
Opinber þjónusta	21	11	15,5	12,6	18	16	15	15
Verslun/þjónusta o.fl.	52	39	24,1	22,4	21	31	25	26
Alls	100	100	100	100	100	100	100	100

Taflan sýnir að Norðurland vestra og Suðurland voru mestu landbúnaðarsvæðin við upphaf tíunda áratugarins, í þeim skilningi að þar starfaði stærri hluti íbúanna við landbúnað en var í öðrum landshlutum (um 19%). Vesturland fylgdi þar á eftir með um 15% vinnuafldsins í landbúnaði, en í öðrum landshlutum var hlutfallið innan við 10%, og auðvitað langminnst á Höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum.

Vægi starfa í sjávarútvegi, samkvæmt töflunni, er langmest á Vestfjörðum, en þar vinna rúmlega 40% við fiskveiðar eða fiskvinnslu, fleiri í fiskvinnslu. Austfirðir eru næstmesta sjávarútvegssvæðið, á heildina litið, með um 32% vinnandi manna starfandi í sjávarútvegi. Langminnst er vægi sjávarútvegs á Höfuðborgarsvæðinu, en næstmínst á Norðurlandi eystra. Annar iðnaður dreifist jafnar um landið en bæði sjávarútvegur og landbúnaður, en þó er umfang hans meira þar sem stærri þéttbýlisstaðir eru, þ.e. á Höfuðborgarsvæði, Suðurnesjum og Akureyrarsvæðinu. Minnst er vægi iðnaðargreinanna á Vestfjörðum.

Opinber þjónusta dreifist líkt og iðnaður jafnar um landið en frumvinnslugreinarnar. Hún er mest að umfangi á Höfuðborgarsvæði (um 21%), en Norðurland vestra fylgir þar á eftir með um 18%, þá kemur Norðurland eystra og Vesturland. Afgerandi lægst er hlutfall opinberrar þjónustu af heildarvinnuafli á Suðurnesjum (nærri 11%), en


næstlægst er það á Vestfjörðum (tæp 13%). Það er athyglisvert að munur landshlutanna skuli ekki vera meiri að þessu leyti, en margir munu líklega ætla að hlutur opinberrar þjónustu sé mun meiri á Höfuðborgarsvæðinu en hér kemur fram. Í þessu samhengi er rétt að minna á, að ánægja með þá þætti opinberrar þjónustu sem mældir voru í Landshlutakönnun búsetuskilyrða er almennt meiri meðal íbúa á landsbyggðinni en á Faxaflóasvæðinu, eins og fram kom í fyrri köflum.

Loks er hlutur verslunar og þjónustugreina ýmiss konar í einkageira, þess hluta atvinnulífsins sem alls staðar vex með aukinni nútímavæðingu þjóðfélagsins, langstærstur á Höfuðborgarsvæðinu, en rúmlega 51% vinnandi manna á því svæði starfar við þessar greinar.⁷⁰ Á Suðurnesjum er hlutur þessara greina næst stærstur, eða um 39% og síðan kemur Norðurland eystra (31%), enda fylgir umfang þessara greina þéttbýlisstigi að mestu leyti. Minnst er vægi þessara greina á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum.

Á heildina litið er því ljóst að atvinnugerð landshlutanna er tiltölulega margbreytileg og því er mögulegt að atvinnuþróunin hafi haft umtalsverð áhrif á misjafna þróun búsetunnar í landinu á síðustu árum og áratugum. Þetta könnum við nú nánar með því að skoða tengsl milli heildarumfanga búferlaflutninga til Höfuðborgarsvæðisins og þróunar starfa við einstakar atvinnugreinar. Einnig verður skoðuð fylgni fólksfjöldaþróunar 1990-1996 á einstökum svæðum og atvinnusamsetningar þeirra við upphaf tímabilsins (1990), þannig að svara megi því hvort tiltekin atvinnusamsetning hafi tengst jákvæðri eða neikvæðri fólksfjöldaþróun á síðustu árum.

Fyrst er þróun atvinnutækifæra í landbúnaði frá 1963 til 1994 könnuð, og sýnt á mynd X.5. hvernig þróun heildarflutnings (aðfluttir umfram brottflutta) til Höfuðborgarsvæðisins tengist henni á tímabilinu.

Mynd X.5: Þróun starfa í landbúnaði 1963-1994 og heildarbúferlaflutninga til Höfuðborgarsvæðisins 1961 til 1996.




Fækkun starfa við landbúnað hefur verið eitt af meginéinkennum atvinnuþróunarinnar á þessari öld, líkt og í öðrum löndum þar sem nútímahættir atvinnulífs og þjóðfélags hafa hafið innreið sína.⁷¹ Ef bændur hafa almennt flutt til Höfuðborgarsvæðisins þegar þeir bregða búi mætti ætla að beint samband væri milli fækkunar í landbúnaði og fólksflutninga af landsbyggð til Höfuðborgarsvæðisins. Það virðist einnig vera

mögulegt ef skoðuð er fylgnin milli þessara þátta eins og hún birtist á mynd X.5, sérstaklega á seinni hluta tímabilsins.

Málið er hins vegar alls ekki svo einfalt að allur þorri bænda sem bregða búi flytji beint til Höfuðborgarsvæðisins, þó einhverjir þeirra geri það án efa. Það getur allt eins verið að flókin búferlaflutningakeðja tengist fækkun í landbúnaði, til dæmis þannig að bændur fari til annarra starfa í landshluta sínum eða byggðarlagi, sem losnað hafa vegna brottflutnings þeirra sem þar voru fyrir. Yngra fólkið á landsbyggðinni flytur brott í umtalsverðum mæli, vegna leitar eftir öðrum lífsháttum og öðrum lífsgæðum, eða vegna framhaldsnáms, en margir bændur kjósa oft öðru fremur að búa áfram í byggðarlagi sínu.

Af myndinni virðist þó ljóst að vegna þess að fækkunin í landbúnaði hefur verið tiltölulega stöðug þá getur hún ekki skýrt þær miklu sveiflur sem hafa verið í tapi landsbyggðar á fólki til Höfuðborgarsvæðisins, en hins vegar virðist ljóst að fækkunin í landbúnaði getur hafa bætt í strauminn til Höfuðborgarsvæðisins. Það kemur enn betur fram á næstu mynd, sem sýnir sambandið milli fólksfjöldaþróunar í einstökum landshlutum og vægis landbúnaðarstarfa þar.

Mynd X.6: Tengsl fólksfjöldbreytinga 1990-96 og umfangs starfa við landbúnað 1990



Fylgnin er neikvæð, líkt og var á fyrri myndinni, og sambandið bendir til þess að á svæðum þar sem vægi landbúnaðar í atvinnuskiptingunni er meira þar hafi fleira fólk tapast brott. Þetta á sérstaklega við um Norðurland vestra, Vesturland og Austfirði.

Þessi gögn á myndum X.5 og X.6 styðja því þá tilgátu, að fækkun starfa í landbúnaði geti að nokkru leyti hafa tengst fólksflutningum af landsbyggðinni til Höfuðborgarsvæðisins, en afar ólíklegt er hins vegar að þróunin í landbúnaði skýri sérstaklega hina miklu aukningu á því streymi eftir 1980, og enn síður skýrir hún stöðvun streymisins á milli 1970 og 1980. Að jafnaði fluttu hátt í 1200 manns fleiri af landsbyggðinni til Höfuðborgarsvæðisins á hverju ári frá 1981 til 1996, umfram þá sem fluttu til landsbyggðar. Þetta eru samtals um 17.800 manns sem töpuðust til Höfuðborgarsvæðisins, en á sama tíma fækkaði um nálægt 2500 manns í landbúnaði.


Samdrátturinn í landbúnaði getur hafa bætt í fólksstrauminn til Höfuðborgarsvæðisins, en framangreindar tölur sýna að hlutur landbúnaðar í heildartapi landsbyggðarinnar

frá 1981 til 1996 gæti einungis hafa verið lítil hluti heildartapsins. Ef allir sem létu af störfum í landbúnaði á tímabilinu hefðu flutt til Höfuðborgarsvæðisins þá hefði hlutur þeirra af heildarstráumnum mest getað orðið nálægt fimmtungi (ef hlutur maka er áætlaður með), en ljóst má vera að hlutur bænda af heildarstráumnum hlýtur þó að hafa verið mun minni en þessu nemur.

X.3. Mikil áhrif sjávarútvegs

Á tímabilinu frá 1961 hafa orðið miklar breytingar í sjávarútvegi hér á landi, sem hafa orsakað miklar breytingar bæði á atvinnutækifærum og búsetu. Á mynd X.7 má sjá að þau svæði sem í mestum mæli hafa byggt atvinnu sína á sjávarútvegi (t.d. Vestfirðir og Austfirðir, og í minna mæli Vesturland) hafa jafnframt mátt þola mesta fólksfækkun.


Mynd X.7: Tengsl fólksfjöldabreytinga 1990-96 og umfang sjávarútvegs í heildarmannafla landshlutanna 1990 (fiskveiðar og fiskvinnsla)



Fylgnin er mjög mikil, eða $r = -0,89$, sem segir að þar sem hlutur sjávarútvegs í heildarmannafla landshluta var stærri árið 1990 þar varð fólksfækkun á tímabilinu 1990 til 1996 að jafnaði meiri.⁷² Með öðrum orðum, sjávarútvegsbyggðirnar hafa tapað hlutfallslega mestu af fólki vegna brottflutnings á tímabilinu. Norðurland vestra og Suðurnes eru helstu frávikin frá meginreglunni í sambandinu. Á Suðurnesjum er hlutur sjávarútvegs af mannafla frekar mikill en þar hefur orðið fólksfjölgun, en á Norðurlandi vestra er hlutur sjávarútvegs ekki sérstaklega stór en samt hefur þar orðið umtalsverð fólksfækkun, og hefur þar hugsanlega gætt samdráttar í landbúnaði í meiri mæli.

Á Höfuðborgarsvæðinu fer hins vegar saman lágt hlutfall sjávarútvegs af heildarmannafla og mikil fólksfjölgun, ekki hvað síst vegna aðflutnings frá landsbyggðinni. En hvernig hefur þetta samband farið saman við framvinduna í vinnuafla sjávarútvegsgreinanna tveggja, fiskveiða og fiskvinnslu? Það má sjá á næstu tveimur myndum, mynd X.8 og X.9.

Mynd X.8: Þróun starfa í sjómennsku 1961-94 og heildarþúferlaflutninga til Höfuðborgarsvæðisins 1961-96.




Eins og sjá má á mynd X.8 er beint samband milli fjölgunar starfa við fiskveiðar og aukins búferlaflutnings til Höfuðborgarsvæðisins á seinni hluta tímabilsins (fylgni $r=0,77$). Störfum við fiskveiðar fjölgaði nokkuð stöðugt frá 1974 til 1986, en síðan þá hafa orðið litlar breytingar á fjölda sjómanna. Fjölgunin gæti hafa haft jákvæð áhrif á búsetuþróun á landsbyggðinni frá 1974 til 1980, en frá 1980 til 1986 er sambandið öfugt við það sem ætla hefði mátt ef samdráttur í mannafla við fiskveiðar hefði átt að stuðla að auknum brottflutningi til Höfuðborgarsvæðisins. Það virðist því sem aukinn fólksfjöldastraumur til Höfuðborgarsvæðisins eftir 1980 geti ekki átt rætur að rekja til fækkunar starfa í fiskveiðum á sama tíma. Stöðnunin frá 1988 gæti þó hafa haft áhrif. Hins vegar hafa orðið aðrar breytingar á seinni hluta tímabilsins sem hafa verið mjög afgerandi fyrir fiskvinnsluna, bæði með flutningi vinnslunnar út á sjó í frystitogara og hagræðingu og samdrætti starfa í landvinnslunni.

Á heildina litið virðist þróun vinnuaflsins í fiskvinnslu tengjast sveiflumum í fólksfjöldastraumnum til Höfuðborgarsvæðisins frá byrjun áttunda áratugarins með athyglisverðum hætti, eins og fram kemur á mynd X.9. Myndinni er skipt í fjögur tímabil með hliðsjón af þróun starfa í fiskvinnslu.

Á fyrsta hluta tímabilsins er mest afgerandi fækkun starfanna í kjölfar hruns síldarstofnsins 1966-8 og verðfalls á sjávarafurðum á helstu mörkuðum á sama tíma. Síðan tók við mikil fjölgun starfa í fiskvinnslu, eða nærri tvöföldun, frá 1969 og allt til 1981. Eftir það ríkti stöðugleiki í stærð mannafla fiskvinnslunnar á landinu til ársins 1987. Þá tók við mikið samdráttarskeið er staðið hefur fram á síðustu ár, vegna samdráttar í botnfiskveiðum og breytinga í landvinnslunni.

Mynd X.9: Þróun starfa í fiskvinnslu 1963-94 og heildarbúferlaflutninga til Höfuðborgarsvæðisins 1961-96



Þessar afgerandi sveiflur í fjölda starfa við fiskvinnsluna virðast falla vel að sveiflunum sem orðið hafa í búferlaflutningum af landsbyggðinni til Höfuðborgarsvæðisins. Þannig er líklegt að hin mikla fjölgun fiskvinnslustarfa (hátt í 5000 störf), hafi átt ríkan þátt í umsnúningi búferlaflutninganna á tímabilinu, en eins og fram kom í kafla tvö hér að framan þá jókst brottflutningur frá Höfuðborgarsvæðinu á þessum tíma þannig að nálgaðist jöfnuð í fjölda aðfluttra og brottfluttra 1973-80. Fjölgun fiskvinnslustarfanna varð að miklu leyti á landsbyggðinni í tengslum við uppbyggingu vinnslustöðva og skuttogaravæðingu, meðal annars fyrir áhrif byggðaaðgerða Framkvæmdastofnunar ríkisins, sem voru óvenju miklar á þessum tíma.

Stöðvun vaxtarins í fiskvinnslunni um 1980-81 fór svo saman við aukningu í búferlaflutningum til Höfuðborgarsvæðisins. Hin snögga fækkun í fiskvinnslunni frá og með 1988 tengdist þó ekki vexti í straumnum til Höfuðborgarsvæðisins í fyrstu, enda var almennur samdráttur í atvinnutækifærum einnig á Höfuðborgarsvæðinu á tímabilinu fram til um 1993. Eftir það tók efnahagslífið við sér á ný en án þess að um verulega fjölgun starfa við fiskvinnslu yrði að ræða að þessu sinni. Þá varð hins vegar ný aukning á fólksflutningunum til Höfuðborgarsvæðisins, með þeirri bylgju sem enn stendur og virðist hafa falið í sér met í tapi á fólki frá landsbyggð til Höfuðborgarsvæðis 1995 og 1996.

Þannig má segja að framvindan í fiskvinnslunni geti skýrt hinar stóru sveiflur í búferlaflutningastraumnum af landsbyggðinni. Það tengist einnig því, sem fram kom á mynd X.7, að sjávarútvegsbyggðirnar hafa verið viðkvæmari fyrir því að tapa íbúum með búferlaflutningum en önnur byggðarlög. Það er einnig stutt því, sem fram kom í kafla 9, að algengasta ástæðan sem það fólk er flutti búferlum 1992-6 nefnir sem orsök, er atvinnumál.


Þannig virðist sem framvindan í sjávarútvegi hafi haft umtalsverð áhrif á búsetubreytingar á landsbyggðinni á síðustu áratugum, og á síðustu árum hefur þeirra áhrifa í mestum mæli gætt á Vestfjörðum, Austfjörðum og Vesturlandi.

X.4. Áhrif iðnaðar

Eins og fram kom í umfjöllun um rannsókn Gylfa Arnbjörnssonar í fyrsta kafla, þá hefur orðið nokkur tilflutningur á störfum í iðnaði frá Höfuðborgarsvæði til


landsbyggðarhéraða. Þess vegna er fróðlegt að skoða samhengið á milli þróunar í iðnaði og heildarbúferlaflutningum til Höfuðborgarsvæðisins.

Mynd X.10: Þróun starfa í iðnaði og búferlaflutningur til Höfuðborgarsvæðisins



Það sem einkennir þróunina í iðnaði er að umtalsverð aukning varð frá 1969 til 1987, en þá tók að fækka verulega á stöðnunartímanum í efnahagslífinu, er stóð allt til 1993. Fjölgun starfa í iðnaði gæti hafa lagt sitt af mörkum til hagstæðari búsetuþróunar á landsbyggðinni frá 1974 til 1980. Áframhaldandi aukning eftir 1980 til 1987 gengur þvert á þróunina í búferlaflutningunum á þeim tíma. Framvindan í iðnaði getur því ekki skýrt aukningu búferlaflutninga af landsbyggðinni, líkt og þróunin í fiskvinnslu gerði. Niðursveiflan í iðnaði eftir 1987 gæti hins vegar hafa bætt í brottflutninginn á allra síðustu árum. Eins og fram kemur á mynd X.11 þá varð hagstæðust þróun fólksfjölda á þeim svæðum þar sem iðnaður var stór vinnuveitandi fyrir.

Mynd X.11: Tengsl fólksfjöldabreytinga og umfangs almenns iðnaðar




Það eru Norðurland eystra, Suðurnes og Höfuðborgarsvæðið sem höfðu hæst hlutfall vinnandi fólks er starfaði við iðnað, og þar var fólksfjölgunin jafnframt örust, hvort sem iðnaðurinn hefur átt mikinn eða lítinn þátt í því. Lægst var hlutfall iðnaðar á Vestfjörðum og Austfjörðum. Fólksfjölgunin var þannig örfari á árunum 1990-96, og brottflutningur vegna búferlaflutninga minni, á þeim svæðum sem höfðu hlutfallslega fleiri störf í iðnaði við upphaf viðmiðunartímabilsins, árið 1990. En hvernig tengist fólksfjöldabreytingar fjölgun starfa í opinberri þjónustu?

X.5. Áhrif opinberrar þjónustu

Í opinberri þjónustu fjölgaði störfum jafnt og þétt allt tímabilið sem sýnt er á mynd X.12. Samanlagt nam fjölgunin rúmlega 5300 störfum. Það virðist því ekki vera að finna neina skýringu á auknum búferlaflutningum til Höfuðborgarsvæðisins eftir 1980 í fækkun starfa í opinbera geiranum. Þvert á móti hélt aukningin áfram með svipuðum stíganda. Þegar hlutfallslegur vaxtarhraði starfa í opinbera geiranum í einstökum landshlutum er borinn saman fyrir tímabilið 1972-1990 þá kemur í ljós að aukningin var minnst á Höfuðborgarsvæðinu og Vestfjörðum, en mest á Austfjörðum, Vesturlandi og Norðurlandi vestra (sjá töflu í viðauka við þennan kafla). Þróun starfa í opinbera geiranum hefur því á heildina litið átt að geta stuðlað að aukningu starfa í landshlutum sem höllustum fæti hafa staðið í búsetuþróuninni, að Vestfjörðum undanskildum.

Mynd X.12: Þróun starfa í opinberum geira og búferlaflutninga til Höfuðborgarsvæðisins



Það er því ekkert sem bendir til þess að rekja megi aukna búferlaflutninga af landsbyggð til Höfuðborgarsvæðisins til neikvæðrar þróunar opinbera geirans á landsbyggðinni. Þvert á móti virðist það hafa verið á hinn veginn, að vöxtur opinberra starfa þar hafi verið öflugri en á Höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Þróun opinbera geirans er því líklegri til að hafa mildað brottflutninginn af landsbyggðinni lítillega, ef hún hefur þá haft einhver áhrif.


Ef litið er á hlutfallslegt vægi starfa í opinbera geiranum í einstökum landshlutum, á töflu X.1, þá er mynstrið ekki verulega ólíkt því sem víða má finna í Skandinavíu og Finnlandi, þ.e. að vægi opinbera geirans í atvinnulífi einstakra landshluta er tiltölulega svipað, eins og fram kom í fyrsta kafla þessa rits.

X.6. Mikil áhrif verslunar og þjónustu

Verslunar- og þjónustugreinarnar eru þær greinar atvinnulífsins sem hafa vaxið langmest á tímabilinu, líkt og í öðrum nútímalegum þjóðfélögum. Stærstar voru þessar greinar á Höfuðborgarsvæðinu í byrjun tímabilsins og enn eru þær langstærstar þar, með um rúmlega helming allra starfa á svæðinu (sbr. töflu X.1 hér að framan).

Störfum í verslun og þjónustu fjölgaði um meira en helming frá 1963 til 1995, úr um 22.200 í um 46.300. Þetta eru auðvitað þær greinar sem margir hinna brottfluttu af landsbyggðinni hafa farið að starfa við á Höfuðborgarsvæðinu. Á mynd X.13 má sjá tengslin milli vaxtarins og búferlaflutningamynstursins.

Mynd X.13: Þróun starfa við verslun og þjónustu og búferlaflutningar til Höfuðborgarsvæðisins




Störfunum fjölgaði allt til 1987, en þá hægði á og fækkaði lítillega. Vöxturinn var reyndar mjög ör frá 1980 til 1987, þegar búferlaflutningurinn til Höfuðborgarsvæðisins var mjög mikill og vaxandi. Það virðist því ljóst að þessar greinar á Höfuðborgarsvæðinu hafa verið í stakk búnar að taka við miklu innstreymi vinnuafis á svæðið. Atvinnutækifæri á sviði hinna nýju vaxtargreina atvinnulífsins hafa því verið í boði og án efa aukið aðdráttarafl Höfuðborgarsvæðisins á tímabilinu.

Samdráttur starfa í verslun og þjónustugreinum eftir 1987 var ekki það mikill að hann sé líklegur til að hafa hindrað frekara flæði fólks til Höfuðborgarsvæðisins, og undir lok tímabilsins, með vaxandi góðæri frá 1994, fjölgaði störfum á þessu sviði á ný.

Þegar mynd X.14 er skoðuð má sjá hvernig fólksfjöldabróunin tengist umfangi verslunar- og þjónustugreinanna. Þar kemur fram að sterk fylgni ($r=0,91$) er milli þessara þátta, á þann veg að þar sem hlutur verslunar og þjónustu var stærri um 1990, þar fjölgaði íbúum almennt meira. Fólksfjöldgunin á Suðurnesjum varð minni en ætla mátti af umfangi greinanna, en á Suðurlandi og Norðurlandi eystra varð fólksfjöldgunin meiri en ætla mátti af vægi verslunar og þjónustu á þessum svæðum.

Mynd X.14: Tengsl fólksfjöldabreytinga 1990-96 og umfangs verslunar- og þjónustugreina 1990



Fækkunin á Vestfjörðum er samkvæmt þessari mynd í reynd meiri en ætla hefði mátt af umfangi verslunar og þjónustu í landshlutanum. [73](#)

X.7. Niðurstaða

Á heildina litið virðist sem atvinnuþróunin í landinu hafi skipt miklu máli fyrir þróun búferlaflutninga innanlands á síðustu þremur áratugum. Almennt hafa sjávarútvegsbyggðir tapað hlutfallslega flestu fólki, en svæði þar sem landbúnaður vegur þungt í atvinnulífi hafa einnig tapað talsverðu af fólki. Svæði þar sem verslun og þjónustugreinar atvinnulífsins eru sterkar hafa hins vegar helst dregið að sér fólk. Þessi þróun er í samræmi við kenningar þjóðfélagsfræðinnar um nútímavæðingu, sem meðal annars felur í sér þá tilgátu að fólk flytji frá svæðum sem einkennast af frumvinnslugreinum með fábrotin atvinnutækifæri til svæða með meiri fjölbreytileika atvinnutækifæra og lífshátta. Þetta er oft óháð tekjuöflunarmöguleikum í frumvinnslugreinunum, þannig að fólk fer brott jafnvel þó þökkalegar tekjur og næg atvinna séu í boði á slíkum svæðum.

Á hinn bóginn virðist einnig sem almenn efnahagsþróun á landinu á síðustu árum og áratugum hafi haft bein áhrif á sveiflurnar í búferlaflutningum frá landsbyggðinni. Þar gætir einkum áhrifa af þróun starfa við fiskvinnslu. Mikill vöxtur fiskvinnslustarfa á landsbyggðinni á áttunda áratugnum virðist hafa haft mikil áhrif á góða stöðu landsbyggðarinnar á þeim tíma, en fækkun fiskvinnslustarfa eftir 1980 virðist eiga ríkan þátt í umskiptunum sem þá urðu með mjög auknum brottflutningi.

Samdráttur í iðnaði eftir 1987 gæti hafa bætt í brottflutninginn af landsbyggðinni á síðustu árum, en hins vegar virðist sem að þróun starfa í opinbera geiranum hafi mildað brottflutning af landsbyggðinni, því þar hefur vöxtur slíkra starfa víðast verið meiri en á Höfuðborgarsvæðinu. Það gildir þó ekki um Vestfirði.

Minnkandi hagvöxtur eftir 1980, og sérstaklega stöðnunartímabilið frá 1988 til 1993, virðist hafa stuðlað að auknum brottflutningi frá landsbyggðinni, sérstaklega með neikvæðum áhrifum á störf við fiskvinnslu og auknu atvinnuleysi. Áhrifa samdráttar í sjávarútvegi hefur í mestum mæli gætt í fólksfjöldapróuninni á Vestfjörðum, Austfjörðum og Vesturlandi, en samdráttar í landbúnaði hefur einkum gætt á Norðurlandi vestra og Austurlandi. Sérstaka athygli vekur að brottflutningurinn frá Vestfjörðum hefur verið mikill þrátt fyrir að atvinnuleysi hafi verið lítið þar og

meðaltekjur hærri en í öðrum landshlutum. Hins vegar virðist fólksfækkun á Norðurlandi vestra í meiri mæli tengjast atvinnuleysi og lágum tekjum.

Viðauki X.1

Þróun starfa í helstu atvinnugreinum 1972-1990

Vísitölur: 1972=100;

(Tölur í töflunni eru fjöldi starfa 1990 sem % af fjölda 1972)

	HB	SN	VL	VF	NV	NE	AL	SL
Landbúnaður	87	41	76	49	68	59	47	71
Fiskveiðar	97	130	158	127	298	175	151	144
Fiskiðnaður	95	87	110	134	210	155	172	78
Annar iðnaður	107	133	127	109	160	112	121	138
Byggingastarfsemi	126	169	114	103	155	104	138	125
Verslun, veitingar o.fl.	146	198	137	114	142	152	165	157
Samgöngur	105	130	111	108	121	142	98	126
Peningastofnanir	260	352	322	288	427	303	364	267
Þjónusta einkaaðila	153	149	138	119	94	156	133	105
Opinber starfsemi	194	208	231	183	221	199	275	211

Kaflí XI

Hugarfar og búferlaflutningar

XI.1. Hugarfar og innreið nútímahátta

Segja má að búferlaflutningar geti ýmist verið þvingaðir eða af frjálsum vilja sprottnir. Ef þeir eru þvingaðir má ætla að ytri aðstæður geri einstaklingum ekki kleift að búa áfram á sömu slóðum, þrátt fyrir nægan vilja til að búa þar áfram. Oftast er horft til þvingandi áhrifa af atvinnuþróun, þ.e. að atvinnutækifærum fækki og fólk sem þannig missir vinnu sé knúð til að leita annað eftir nýju starfi, því ella þurfi það að búa við atvinnuleysi á gamla staðnum. Einnig er bent á takmarkaðar aðstæður til framhaldsnáms og náms á háskólastigi sem þátt er geti þvingað fram búferlaflutning. Ungt fólk sem vilji fara í framhaldsnám sem ekki sé boðið upp á í heimabyggð þurfi að sækja til borganna eftir því, og oft leiði það til þess að foreldrar flytji með, til dæmis af kostnaðarástæðum. Í öllu falli er hætta á því að unga fólkið sem fer brott til náms festi rætur á nýja staðnum og komi ekki til baka. Nám leiðir enda oft til sérhæfingar sem ekki finnur sér farveg á vinnumarkaði nema í fjölbreytni borgarumhverfisins. Að þessu leyti má hugsa sér að atvinnu- og menntunaraðstæður geti í einhverjum tilvikum þvingað fram búferlaflutninga þótt fólk vildi helst búa áfram á sama stað.

Á Íslandi hefur verið einstaklega gott atvinnuástand nær öll eftirstrífðsárin, samhliða því að búferlaflutningar hafi verið miklir, og þá afgerandi einhliða, í þeim skilningi að fólk hefur streymt frá landsbyggð til Höfuðborgarsvæðisins. Þó hefur einnig verið mikið um flutning úr dreifbýli í þéttbýli á landsbyggðinni. Hið góða atvinnuástand til

lengri tíma bendir til þess að vart geti verið mikið um þvingaðan flutning vegna atvinnuleysis hér landi.

Flutningur vegna menntunar hefur vissulega snert ungt fólk í miklum mæli, en engin sjálfsgöð ástæða er til að ætla að fjölskyldur þeirra þurfi að flytja með þeim, því gnægð tækifæra eru til að stunda framhaldsnám í heimavistarskólum, og þegar nám á háskólastigi hefst er fólk hvort eð er komið á þann aldur að það fer úr foreldrahúsum og stofnar sitt eigið heimili, með einum eða öðrum hætti. Þannig má þó segja að nokkuð gæti verið um þvingaðan flutning vegna menntunaraðstæðna hér á landi. En á þessu sviði má þó ekki horfa framhjá því, að val á menntunarkostum tengist einnig oft almennu vali á lífsstíl sem stýrir búsetuvali, þ.e. búsetuval getur verið afleiðing af öðru vali sem gengur fyrir.

Þetta leiðir hugann að hinni tegund búferlaflutninga, það er þeirra sem sprotnir eru af frjálsu vali fólks. Almennt gildir það að sjálfstæðar óskir, einstaklingsbundin markmið, lífsskoðun og gildismat fólks hefur áhrif á hegðun þess. Klassískar kenningar í mannlífsfræðum ýmis konar (félagsfræði, sálfræði, stjórnmálafræði og hagfræði) ganga út frá því að hugarfar móti hegðun, og jafnvel að ríkjandi hugarfar stórra hópa eða þjóða móti skipulag þjóðfélagsins sem þær byggja sér.⁷⁴ Einna áhrifamestu kenningarnar um innreið nútímaþjóðfélagsins eru af þessum toga, þ.e. að breytt hugarfar hafi leitt til breyttrar hegðunar og þar með til breytts skipulags.⁷⁵ Nútímavæðingin (modernization) sé þannig sprottin af óskum fólks eftir hinum "nútímalegu lífsháttum".

Ef við gefum okkur að búferlaflutningar ráðist af frjálsu vali fólks þá skiptir hugarfar þess öllu máli fyrir þau stefnumið og það val sem fólk fremur. Hugarfar einstaklinganna ætti þannig að veita innsýn í hinar raunverulegu orsakir búferlaflutninga, sem í reynd fela í sér ákvörðun um val búsetustaðar til lengri eða skemmri framtíðar. Eftir hverju er fólk að sækjast og hvernig metur það kosti og galla hinna ýmsu mögulegu búsetustaða?

Þegar skoðað er hvernig lífshættir hafa þróast og hvert nútímaþjóðfélagið hefur stefnt má á vissan hátt fá vísbendingar um það sem stýrir vali fólks, þ.e. um ríkjandi lífsskoðun eða hugarfar.

Rannsóknir á langtímaþróun hugarfars á Vesturlöndum sýna að einn af meginstraumunum er sívaxandi áhersla á veraldlega lífsskoðun. Þar er um að ræða framfarahyggju og nýsköpunarleit, áherslu á frelsi og sjálfstæði einstaklinga, áherslu á lýðræði, mannréttindi og jafnrétti, áherslu á nytjahyggju, hagsýna skynsemi og efnisleg lífsgæði. Efnishyggju og einstaklingshyggju fylgir svo markaðshyggja og neysluhyggja, sem ná hámarki í víðtækri veraldlegri velferðarhyggju í nútímanum og taumlausu lífsgæðakapphlaupi.

Þessi hugarfarsjarðvegur hefur það í för með sér að einstaklingar setja sér og fjölskyldum sínum metnaðarfull lífsgæðamarkmið og ætlast til að hafa frelsi til að freista þess að ná þeim með þeim meðulum sem til duga. Þess vegna verður einstaklingum í opnum lýðræðis- og hagsældarþjóðfélögum ekki stýrt frá einum lífsháttafarvegi til annars, nema með mjög óbeinum hætti, t.d. með hagræðingu umhverfisaðstæðna og skilyrða. Einstaklingarnir vilja stýra sér sjálfir að stærstum

hluta og nútímaþjóðfélagið býður meira frelsi á því sviði en áður hefur tíðkast í sögunni.

Innreið nútímaþjóðfélagsins hefur tengst umbyltingu á atvinnuháttum, nýtingu fjölþættari náttúruauðlinda, vaxandi nýtingu menntunar og hugvits í tækniþróun og skipulagsumbótum, aukinni verkaskiptingu og sérhæfingu, stækkun markaða og víðari vettvangs fyrir framleiðslu og viðskipti hvers konar, auk örari efnahagsframfara og jöfnun kjarabóta. Alls staðar hefur nútímavæðingin falið í sér fækkun starfa í frumvinnslugreinum atvinnulífsins, landbúnaði og sjávarútvegi, og í fyrstu vöxt iðnaðar og annarra úrvinnslugreina. Síðan þegar nokkuð var liðið á 20. öldina tók víðast í iðnríkjunum að fækka störfum í iðnaðargreinum og vöxtur jókst í verslun, þjónustu- og upplýsinga-greinum. Þessu öllu hefur fylgt meiri fjölbreytni atvinnutækifæra, bætt afkoma og þar með fjölþættari tækifæri á sviði lífshátta og menningarlífs. Eftir því sækist nútímamaðurinn öðru fremur.

Á félagssviði tengjast þessar breytingar umskiptum á hlutverkum fjölskyldunnar, lausari félagsböndum og breyttri stéttaskiptingu og stjórnmalabátttöku. Meiri hreyfanleiki einstaklinga og fjölskyldna, bæði milli stétta og milli byggðarlaga, er þannig nátengdur innreið nútímaþjóðfélagsins. Þar fór sögulega saman los á vistarbandi, sem hafði miðað að því að binda fólk við upprunabyggð sína, og upplausn hefðbundinnar stéttaskiptingar sem miðaði að því að halda fólki á sömu skör og það hóf lífshlaup sitt á.

Þéttbýlismyndun og borgarmyndun hefur einnig verið nátengd iðnvæðingu og nútímavæðingu. Þess vegna hafa búferlaflutningar verið ríkur þáttur í þeim umskiptum sem nútímanum hafa fylgt. Á gullöld iðnríkisins var flutningur úr sveit í borg, og úr smærra þéttbýli í stærra þéttbýli, allsráðandi, samhliða fækkun starfa í frumvinnslugeira atvinnulífsins og fjölgun í viðskipta- og þjónustugeiranum. Í fremstu iðnríkjunum hefur á síðustu áratugum gætt breytinga á þessu mynstri sem lengi hefur verið ríkjandi, og fólk hefur í auknum mæli kosið að njóta umhverfis- og lífsgæða sveita og minna þéttbýlis sem er innan seilingar við stærri borgir, sem enn eru meginmiðstöðvar þjóðfélagsins. Þannig má segja að vaxandi ókostir stórborgarlífsins (umferðarþungi, dýrt og lélegt húsnæði, ofbeldi og óvinsamlegar aðstæður fyrir börn og fjölskyldur) hafi gert stórborgirnar minna samkeppnishæfar í búsetumati almennings í nágrannalöndunum. [76](#)

Eins og fram kom í öðrum kafla var innreið nútímans frekar seint á ferðinni hér á landi, samanborið við nágrannalöndin, og enn virðast Íslendingar vera á eftir hvað snertir umskipti búferlaflutninganna, því hér gætir enn ekki verulega aukins brottflutnings frá Höfuðborgarsvæðinu til landsbyggðarinnar, eins og í mörgum nágrannalandanna. Búferlaflutningamynstur þau sem enn eru ríkjandi hér á landi voru algengust í nágrannalöndunum fyrir 1970. [77](#)

Almennt má segja um tengsl hugarfars og hegðunar, að markmið og mat almennings í einstökum byggðarlögum á búsetuskilyrðum sínum ættu að skipta miklu máli, ef klassískar kenningar þjóðfélagsfræðanna um nútímavæðingu eiga við einhver rök að styðjast. [78](#) Kenning E. Lees (1966), sem kynnt var í fyrsta kafla, er í sömu hefð og framangreindar klassískar kenningar og gerir ráð fyrir því, að einstaklingar taki ákvarðanir um búsetu sína með því að meta og bera saman búsetuaðstæður á upprunastað og hugsanlegum áfangastað. Samkeppnishæfni byggðarlaga, samkvæmt

mati íbúanna sjálfra, ræður þannig búferlaflutningsstraumnum hverju sinni, og það ræður einnig langtímaþróun búsetumynstra.

Í rannsókn þeirri sem hér hefur verið frá greint er gerð tilraun til að meta gildi slíkra hugarfarsskýringa á búferlaflutningum, með því að kanna ítarlega mat almennings í einstökum byggðarlögum á búsetuskilyrðum, og tengja síðan matið við þróun búferlaflutninga og búsetu. Í því sem á eftir kemur í þessum kafla eru niðurstöður þeirra athugana sýndar í samþjöppuðu formi.

XI.2. Tengsl búsetumats og búferlaflutninga


Á mynd XI.1 er sýnd meginniðurstaða rannsóknarinnar á mikilvægi hugarfarsskýringar í anda E. Lees fyrir skýringu á búferlaflutningareynslu Íslendinga á síðustu árum. Þar kemur fram að heildarmat íbúa einstakra byggðarlaga á búsetuskilyrðum er nátengt raunverulegri búferlaflutningareynslu sömu byggðarlaga. Það kemur þannig fram, að þau byggðarlög sem fá neikvæðast mat almennra búsetuskilyrða hafa tapað flestu fólki með brottflutningi. [79](#)

Heildarmatið á búsetuskilyrðum sem fram kemur á myndinni er samanlögð útkoma úr spurningum um ánægju eða óánægju með atvinnutækifæri í byggðarlaginu, atvinnuöryggi, tekjuöflunarmöguleika, dagvistunarþjónustu, grunnskóla, framhaldsskóla, heilsugæsluþjónustu, þjónustu við aldraða, húsnæðiskostnað, húshitunarkostnað, framboð hentugs húsnæðis, framboð menningarefnis, skammtanalíf, aðstöðu til íþróttaiðkunar, afþreyingaraðstöðu, lagningu og viðhald vega, ruðning vega á vetrum, flugsamgöngur, verðlag vöru og þjónustu, vöruúrval, þjónustuframboð, veðurfar í byggðarlaginu, hættu af mannavöldum í umhverfinu (þ.e. hættu vegna umferðar eða ofbeldis) og loks hættu af völdum náttúruafla (veðurs, jarðskjálfta, snjóflóða o.fl.).

Á myndinni er samanlögð heildarútkoma svarenda í hverjum landshluta, þannig að lögð er saman fyrir alla þættina ánægja að frádræginni óánægju. Síðan er sýnt hvernig útkoman úr slíku heildarmati íbúanna á búsetuskilyrðum tengist heildarbúferlaflutningum (aðfluttir umfram brottflutta sem % af íbúafjölda 1990-95).

Niðurstaðan er einstaklega afgerandi, því fylgni milli heildarmats búsetuskilyrða er óvenju mikil, eða 0,97, sem segir að sambandið sé nær algilt. Þetta þýðir að þeir staðir sem fá neikvæðara mat íbúanna sjálfra hafa tapað fleiri íbúum vegna búferlaflutninga á tímabilinu.

Mynd XI.1: Tengsl heildarmats búsetuskilyrða (samanlagt mat 24 þátta) og búferlaflutningareynslu landshluta



Sérstaða Höfuðborgarsvæðisins kemur glögglega fram á myndinni, en síðan koma Norðurland eystra, Suðurland og Suðurnes á svipuðu róli með jákvætt mat búsetuskilyrða en lítið tap vegna brottflutnings. Norðurland vestra er næst í röðinni bæði hvað búsetuskilyrðamat og brottflutning snertir. Síðan er Austurland með lítillegt frávik frá aðhvarfslínunni, því það fær neikvæðara mat búsetuskilyrða en Vesturland en tapar samt ögn minna hlutfalli íbúa en Vesturland. Loks eru Vestfirðir með neikvæðast mat búsetuskilyrða meðal íbúanna og jafnframt langmestan brottflutning.

Myndin styður kröftuglega það sjónarhorn, að huglægt mat almennings í einstökum byggðarlögum sé það sem búsetuþróuninni stýrir. Hugafarsskýringar sem byggja á forsendu um frjálst val einstaklinga á búsetukostum hafa því mikið um orsakir búferlaflutninga að segja.

Allir landshlutar aðrir en Höfuðborgarsvæðið eru aftan við 0-línuna á x-ás myndarinnar, sem þýðir að á tímabilinu 1990-95 voru þeir allir að tapa íbúum vegna brottflutnings, en Höfuðborgarsvæðið bætti við sig rétt innan við einum hundraðasta af íbúafjölda sínum. Að mörgu leyti má segja að raunveruleg þróun fólksfjölda sé mikilvægari mælikvarði en hlutfallslegt tap vegna búferlaflutninga, því aldursamsetning landshluta og viðkoma mannfjöldans skiptir einnig máli fyrir búsetuþróunina. Sambandið milli heildarmats búsetuskilyrða og fólksfjöldaþróunarinnar hefur einnig verið reiknað, og er það nær alveg eins og fram kom á mynd XI.1, og er því ástæðulaust að birta það sérstaklega. Fylgnin er 0,95 í stað 0,97 og landshlutarnir raða sér upp á nær alveg sama hátt. Þar kemur einnig fram að á Suðurnesjum, Norðurlandi eystra og Suðurlandi var nokkur fólksfjöldgun þrátt fyrir að þessir landshlutar hafi lítillega tapað íbúum vegna brottflutnings.

Í töflu XI.1 er sýnt yfirlit um fylgni milli heildarmats búsetuskilyrða og brottflutnings annars vegar, og fólksfjöldaþróunar hins vegar, og einnig er sýnd fylgni milli fólksfjöldaþróunar og heildaránægju með einstaka málaflokka matsins. Þessi gögn sýna muninn á mögulegu skýringargildi heildarmatsins og einstakra þátta þess.

Tafla XI.1 Hvernig hugarfar skýrir fólksfjöldaþróun í landshlutunum

Aðfluttir umfram brottflutta Fólksfjöldabreytingar

Ánægðir-óánægðir (nettóánægja) með 24 þætti búsetuskilyrða	1	1
Ánægja með einstaka þætti:		
-Atvinnumál byggðarlagsins	0,5	0,6
-Opinbera þjónustu	0	-0
-Húsnæðismál	0,8	0,8
-Menningu/afþreyingu	0,8	0,8
-Samgöngur	0,8	0,8
-Verslun/þjónustu	0,8	0,8
-Veðurfur byggðarlagsins	-0	-0
-Umhverfisskilyrði	-0	-0

Tölurnar í þessari töflu styðja ekki aðeins hugarfarsskýringar almennt, heldur fær kenning E. Lees sérstakan stuðning af niðurstöðunum. Lee gerði ráð fyrir því að það væri enginn einn þáttur búsetuskilyrðanna sem skipti höfuðmáli, hvort sem um væri að ræða atvinnu eða annað, heldur væri það samanlagt mat allra þátta sem stýrði útkomunni. Það er einmitt niðurstaða gagnanna í töflu XI.1, að fylgni við heildarmatið er langmest, en minni fyrir einstaka þætti, og jafnvel er um að ræða öfugt samband í nokkrum tilvikum. Lítum nánar á þessar niðurstöður og þær ályktanir sem af þeim má draga. Þar sem útkoman er nánast alveg eins hvort sem litið er á tengsl búsetuskilyrðamatsins við nettóbúferlaflutninga eða fólksfjöldabreytingar, verður í umfjölluninni aðeins talað um tengsl við fólksfjöldabreytinguna.

Að heildarmatinu frádregnu, er mest fylgni fólksfjöldaþróunar við nettóánægju (ánægðir að frádregnum óánægðum) með verslun og þjónustu í byggðarlaginu, síðan koma húsnæðismál, samgöngur og aðstaða til menningarneyslu og afþreyingar hvers konar. Þetta þýðir að aukning fólksfjölða er mest þar sem fólk er ánægt með þessi atriði. Ánægja með atvinnumál skiptir líka máli, en fylgnin er minni þar, m.a. vegna tiltölulega mikillar ánægju með atvinnumál á Vestfjörðum og Austfjörðum sem hafa þó misst mikið af fólki. Þar er ef til vill nægilega mikið framboð vinnu, en hún virðist ekki hafa nægilega mikið aðdráttarafl fyrir nógu marga, enda er að nokkru leyti byggt á erlendu farandverkafólki í fiskvinnslu þessara svæða.

Fiskvinnsla hefur, eins og sýnt var í síðasta kafla, haft mikil áhrif á búsetuþróunina á síðustu áratugum, einkum eftir 1970. Mikill vöxtur starfa við fiskvinnslu tengdist fólksfjölgun á landsbyggðinni milli 1970 og 1980. Stöðvun vaxtarins og síðan samdráttur í henni tengist auknum búferlaflutningum af landsbyggðinni til Höfuðborgarsvæðis á síðustu árum, enda er helsti vettvangur fiskvinnslunnar á landsbyggðinni. Fiskvinnsla er að stórum hluta atvinnuvegur sem einkennist af skipulagsháttum fjöldaframleiðslu, þar sem saman fara lágt menntastig vinnuafis, einhæfni vinnunnar og frekar lág laun, samanborið við aðrar atvinnugreinar.⁸⁰ Slíkar greinar hafa víðast verið á undanhaldi í fremstu iðnríkjunum og oft færst til landa sem eru á lægra stigi efnahagsþróunar.

Gögnin í töflunni benda einnig til þess, að verslun og þjónusta, húsnæðisskilyrði, aðstaða til menningar- og afþreyingar og góðar samgöngur séu þeir þættir nútímalegra lífshátta sem fólk gerir mestar kröfur um og ráða forgangsroðun kosta þegar

búsetuskilyrði eru metin. Á hinn bóginn er athyglisvert að ánægja eða óánægja með aðgang að opinberri þjónustu (dagvistun barna, grunnskóla, framhaldsskóla, heilbrigðisþjónustu og þjónustu við aldraða) hefur ekkert samband við búferlaflutninga eða fólksfjöldaþróun yfirleitt. Loks er neikvætt samband milli fólksfjöldaþróunar og mats íbúanna á gæðum veðurfarsins í byggðarlaginu og öðrum umhverfisskilyrðum. Fólk flytur frá ýmsum landsbyggðarsvæðum þrátt fyrir að það kunni vel að meta þessa kosti þeirra. Hinir þættirnir ná að yfirvinna kosti þessara síðarnefndu þátta umhverfisskilyrða og opinberrar þjónustu. Félagsleg tengsl við ættingja og vini eru einnig mikilvægur þáttur sem fólk kann að meta á landsbyggðinni þar sem það hefur búið, en sá þáttur virðist einnig víkja fyrir hinum "nú tímalegri" þáttum lífsskilyrða, þegar á heildina er litið.

Ef dregnar eru ályktanir af þessum niðurstöðum um möguleika á að hagræða ytri skilyrðum þannig að draga mætti úr brottflutningi af landsbyggð til Höfuðborgarsvæðis, þá blasir við að stórar umbætur á opinberri þjónustu eru ekki líklegar til að hafa nein umtalsverð áhrif á fólksfjöldaþróun einstakra landshluta (þó gæti það helst skipt einhverju máli á Vestfjörðum, þar sem ánægja með opinbera þjónustu er frekar lítil, eða álíka lítil og á Höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum). Bætt atvinnuskilyrði gætu á sumum stöðum haft áhrif.


Mestra áhrifa á búferlaflutninga og fólksfjöldaþróun er þó að vænta af því, að bæta skilyrði fyrir hinar "nú tímalegu" forsendur lífshátta, með því að bæta aðstæður til verslunar og þjónustu, húsnæðisaðstæður (húshitunarkostnað, verðgildi fjárfestinga í húsnæði), aðstæður til menningarneyslu og afþreyingar ýmiss konar og loks með því að bæta samgöngutengslin við aðra staði. Margir á landsbyggðinni vilja búa í stærri byggðarlögum, einkum þeir sem búa í minnstu þorpunum og bæjunum með innan við 1000 íbúa. Það dregur athyglina að því, að flestum framangreindum forsendum um bætt skilyrði til nútímalegra lífshátta verður ekki fullnægt nema með því að byggja stærri byggðarkjarna í landshlutunum.

Loks gætu vaxandi ókostir borgarlífsins á Reykjavíkursvæðinu jafnað samkeppnisstöðu landsbyggðar og Höfuðborgarsvæðis í þessu tilliti, en reyndar virðist langt í land með að ókostir borgarlífsins nái því stigi hér þó stefnan sé í þá átt, eins og fram kom í kafla III hér að framan. Framtíðarsýn sem gefur til kynna versnandi stöðu Höfuðborgarsvæðisins vekur þó spurningar um hvort sjálfsgefið sé að landsbyggðin frekar en útlönd myndi þá mest freista þeirra einstaklinga sem hreyfanlegastir eru.

XI.3. Ítarlegri niðurstöður um tengsl fólksfjöldbreytinga og búsetumats

Hér verða nánar greindar niðurstöðurnar sem fram komu í töflu XI.1.

Mynd XI.2: Tengsl fólksfjöldbreytinga og ánægju með atvinnumál




Mynd XI.2 sýnir sambandið milli fólkfjöldabreytinga og nettóánægju með atvinnumál í byggðarlaginu.

Hér kemur fram að ánægja með atvinnumál er mest á Höfuðborgarsvæðinu og síðan kemur Norðurland eystra. Fólkfjöldgunin er einnig mest á Höfuðborgarsvæði en heldur meira hefur hins vegar fjölgað á Suðurnesjum en á Norðurlandi eystra. Þá er athyglisvert að Austurland og Vestfirðir eru næst í röðinni hvað ánægju með atvinnumál snertir, þó fjöldi þeirra sem eru óánægðir sé álíka mikill og hinna sem eru ánægðir með atvinnumál á þeim svæðum, en fólkfjöldgun hefur hins vegar verið mjög neikvæð í þessum tveimur landshlutum.

Norðurland vestra er með þá sérstöðu að þar er mest óánægja með atvinnumálin, en vægi frumvinnslu er mikið í atvinnulífinu þar (um 40%, sbr. töflu X.1 í kafla 10). Þá hafa Vestlendingar einnig mikið undan atvinnulífi í landsfjórðungnum að kvarta.

Næst lítum við á tengsl ánægju með opinbera þjónustu og fólkfjöldabreytinga.

Mynd XI.3: Tengsl fólkfjöldabreytinga og ánægju með opinbera þjónustu




Á mynd XI.3 kemur greinilega fram að íbúar Höfuðborgar-svæðisins og Vestfjarða eru síst ánægðir með opinbera þjónustu í byggðarlögum sínum. Þar á eftir koma Suðurnesjamenn, en hjá þeim er hlutfall starfa við opinbera þjónustu það lægsta á landinu (eða um 11% á mótí 13-21% í öðrum landshlutum, sbr. tafla X.1).

Fylgni ánægju með opinbera þjónustu og fólksfjöldabreytinga er lítillega neikvæð, þannig að þar sem óánægja með opinbera þjónustu er meiri þar hefur samt orðið heldur meiri fólksfjölgun. Sambandið er þó of veikt til að vera marktækt. Meginatriðið er að engin tengsl eru milli þessara þátta.

Mest er ánægjan með opinbera þjónustu á Norðurlandi, bæði Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra, þó svo að fólksfjöldapróunin hafi verið mjög misjöfn milli þeirra landshluta. Þar gætir jákvæðra áhrifa þéttbýlissvæðisins á Akureyri og mismunandi atvinnusamsetningar svæðanna á fólksfjöldapróunina. Á heildina litið virðist ekki mikið svigrúm til að hafa áhrif á fólksfjöldapróunina á landsbyggðinni með því að efla opinbera þjónustu, t.d. með sértækum byggðaaðgerðum á því sviði, nema þá helst á Vestfjörðum. Hins vegar er athyglisvert hve ánægjan með þennan þátt er lítil á Höfuðborgarsvæðinu þar sem tveir þriðju landsmanna búa.

Mynd XI.4: Tengsl fólksfjöldabreytinga og heildaránægju með húsnæðismál




Beint samband er milli ánægju með húsnæðismál (húsnæðiskostnað, húshitunarkostnað og framboð húsnæðis) og fólksfjöldapróunar. Suðurnesjamenn hafa sérstöðu á þessu sviði vegna ánægju sinnar með húsnæðismál í byggðarlaginu, en á Höfuðborgarsvæðinu er ánægjan með þennan málaflokk minni en ætla mætti af aðhvarfslínunni. Á Norðurlandi vestra er óvenju mikil ánægja með húsnæðismál á svæðinu, miðað við aðra þætti búsetuskilyrðanna þar og fólksfjöldapróunina, en hins vegar er athyglisvert hversu miklu fleiri þeir eru sem segjast óánægðir með húsnæðismál á Vesturlandi, Austurlandi og Vestfjörðum en hinir sem ánægðir eru á þessum svæðum. Þannig er ástandið verst á Vestfjörðum, en þar eru óánægðir að frádrögnum ánægðum rúmlega 40% íbúanna. Það er því ekki ólíklegt að umbætur á sviði húsnæðismála geti haft umtalsverð áhrif á búsetuþróun í þessum þremur landshlutum.


Á næstu tveimur myndum er svo sýnt sambandið milli fólksfjöldabreytinga og ánægju með aðstöðu til menningar- og afþreyingariðju (Mynd XI.5) og ánægju með samgöngur í byggðarlaginu (Mynd XI.6). Fyrri myndin sýnir að álíka sterkt samband er milli fólksfjöldabreytinga og ánægju með aðstöðu til iðkunar menningar og afþreyingar og var við húsnæðismál. Í reynd raða landshlutarnir sér snyrtilega í kringum aðhvarfslínuna með frekar litlum frávikum.

Helst er það Austurland sem bregður frá meginreglunni um beint samband milli ánægju með þessa málaflokka og fólksfjöldabróunar, en á Austurlandi er ánægjan afgerandi minni með menningar- og afþreyingaraðstöðuna. Stærstu þéttbýlisstaðirnir koma best út úr þessu mati, eins og sjá má af útkomunni fyrir Höfuðborgarsvæðið og Norðurland eystra. Þetta er einmitt dæmigerður málaflokkur sem þarf fjölmenni til að geta búið við blómstrandi aðstæður.

Mynd XI.5: Tengsl fólksfjöldabreytinga og heildaránægju með aðstöðu til menningar- og afþreyingariðju



Mynd XI.6: Tengsl fólksfjöldabreytinga og heildaránægju með samgöngur í byggðarlaginu




Tengsl fólksfjöldabróunar og ánægju með samgöngur felur í sér svolítið óreglulegri dreifingu en var á fyrri myndinni, þó fylgnin sé enn álfka mikil. Á Norðurlandi eystra, Suðurnesjum og Suðurlandi er mest ánægja með samgöngur í byggðarlaginu, heldur meiri en er á Höfuðborgarsvæðinu. Á síðarnefnda svæðinu gætir meiri óánægju með ruðning vega á veturnum og lagningu og viðhald vega en í sumum landsbyggðarkjördæmum.

Hins vegar eru það Vestfirðingar sem eru óánægðastir með samgöngur og Vestlendingar fylgja svo þar á eftir. Fáir nefna samgöngur sem helstu ástæðu brottflutnings (sbr. kafla IX), en þó er ekki hægt að horfa framhjá því að samgöngubætur gætu bætt mat búsetuskilyrðanna á Vestfjörðum og Vesturlandi og

þannig bætt skilyrði til fólksfjölgunar. Að sama skapi gæti vaxandi umferðarþungi á Höfuðborgarsvæðinu, án samsvarandi umbóta samgöngukerfisins, rýrt búsetuskilyrðin þar enn frekar og haft áhrif á samkeppnisstöðu Höfuðborgarsvæðisins gagnvart búsetuþróuninni.

Næst eru sýnd tengsl ánægju með verslun og þjónustu við fólksfjöldaþróun, á mynd XI.7.


Mynd XI.7: Tengsl fólksfjöldabreytinga og heildaránægju með aðstöðu til verslunar og þjónustu í byggðarlaginu




Hér er sambandið mjög sterkt og reglulegt, með fylgni upp á um 0,83. Helstu frávikin eru Vesturland, en þar eru menn tiltölulega ánægðir með verslun og þjónustu, einkum á Akranesi og í Borgarnesi. Hins vegar eru íbúar Austurlands langóánægðastir með þennan málaflokk. Hjá þeim fer reyndar saman óvenjumikil óánægja með þetta og aðstöðu til menningar- og afþreyingariðju. Forsendur fyrir þessum helstu þáttum nútímalegra lífshátta eru þannig veikar á Austurlandi. Hvað aðra landshluta snertir þá er næsta fullkomið samband milli fólksfjöldaþróunar og ánægju íbúa með aðstöðu til verslunar og þjónustu (verðlag, vöruúrval og þjónustuframboð) á viðkomandi svæði.

Að lokum komum við að umhverfisþáttum og veðurfari, þáttum sem lítil áhrif er að öðru jöfnu hægt að hafa á, t.d. með stjórnvaldsaðgerðum, en slíkir þættir skipta miklu máli fyrir mat á búsetuskilyrðum. Ef til vill mun vægi þeirra fara vaxandi í framtíðinni, t.d. með bættum samgöngum, sem geta gert fólki kleift að njóta í meiri mæli kosta þéttbýlis og dreifbýlis í senn, til dæmis með aukinni búsetu í dreifbýli eða smærri þéttbýli sem er innan seilingar við Höfuðborgarsvæðið.

Mynd XI.8: Tengsl fólksfjöldabreytinga og heildaránægju með umhverfisaðstæður



Mynd XI.9: Tengsl fólksfjöldabreytinga og heildaránægju með veðurfar í byggðarlaginu



Svipuð útkoma er úr báðum þáttum, umhverfisskilyrðum og veðurfari, á þann veg að um neikvætt samband er að ræða, þó ekki sé það sterkt. Það þýðir að ánægja með þessa þætti er almennt meiri á svæðum sem hafa misst fólk og þannig búið við fólksfækkun á tímabilinu 1990-96. Mest er ánægjan með umhverfisskilyrði á Vesturlandi (Mynd XI.8), síðan Norðurlandi eystra, Austurlandi og Norðurlandi vestra. Minnst er ánægjan með þennan þátt á Höfuðborgarsvæðinu, og gætir þar ótta við hættu af mannavöldum, þ.e. vegna umferðar eða ofbeldis. Á Vestfjörðum er einnig frekar neikvætt mat á þessum þætti, og gætir þar áhrifa af ótta við hættu af völdum náttúruhamfara, og hið sama má segja um Suðurland.

Hvað veðurfarið snertir þá hefur Austurland mikla sérstöðu því íbúar þar eru almennt ánægðari með veðurfarið sem einkennir byggðarlög þar en íbúar annarra landshluta. Það hefur þó ekki dugað til að skila sér í jákvæðri fólksfjöldapróun, enn sem komið er, því heldur hefur hallað undan fæti á Austurlandi hvað það varðar á síðustu árum. Þá eru íbúar Norðurlands mjög ánægðir með veðurfarið sem einkennir byggðarlög þeirra.

Á hinum vængnum eru íbúar Suðurnesja og Höfuðborgarsvæðisins óánægðastir með veðurfarið sem einkennir byggðarlög þeirra, og Vestfirðingar fylgja svo fast á eftir.

Á heildina litið getur mat íbúa á búsetuskilyrðum í einstökum landshlutum þannig skýrt mismunandi reynslu landshlutanna af búferlaflutningum og fólksfjöldaþróun að mjög miklu leyti. Þó svo að atvinnuþróun skipti máli í þessu sambandi þá er mestur samhljómur milli raunverulegrar fólksfjöldaþróunar og mats íbúa á þáttum er tengjast hinum nútímalegu lífsháttum, svo sem verslun og þjónustu, menningu og afþreyingu, húsnæðismálum og samgöngum. Meiri ánægja með umhverfisskilyrði víða á landsbyggðinni hefur ekki dugað til að laða fólk til búsetu þar í jafn ríkum mæli og er í byggðarlögum sem búa að betri forsendum fyrir hina nútímalegu lífshætti, sem margir hverjir tengjast umfram allt stærri byggðarlögum en víða tíðkast á landsbyggðinni. Þessar upplýsingar, ásamt ítarlegri greiningu í fyrri köflum, geta gefið mikilvægar leiðbeiningar um það, hvaða aðgerðir eru líklegar til að hafa áhrif á búsetuþróunina í landinu.

Kafla XII

Hverjir ætla að flytja af landsbyggðinni á næstunni?

Í kafla 2 kom fram að búferlaflutningar frá landsbyggð til Höfuðborgarsvæðis hafa aukist mjög mikið eftir 1980, og á allra síðustu árum hafa þeir orðið meiri en áður hefur þekkt frá 1960. Fram kom einnig að búseturöskun er hlutfallslega meiri á Íslandi en í nyrstu héruðum Skandinavíu og Finnlands. Búferlaflutningar eru því mikilvægt viðfangsefni og hafa gífurlega þýðingu fyrir þróun búsetunnar í landinu. Í ljósi þessarar þróunar allrar er mikilvægt að gera sér grein fyrir því hvert stefnir. Niðurstöður okkar um búsetumat almennings á einstökum svæðum og stöðum landsins gefa vísbendingar um ástand mála og hvernig horfir um framhald fólksfjöldaþróunar að öllu öðru óbreyttu. Líklegast er að þau svæði sem versta útkomu fá í búsetumati íbúanna sjálfra muni halda áfram að tapa fólki, eins og fram kom í kafla 9. En hverjar eru horfurnar fyrir næstu tvö árin?

Í Landshlutakönnun búsetuskilyrða var fólk spurt hvort það hygðist flytja búferlum í annað byggðarlag á næstu tveimur árum. Niðurstöður eru þær að 14% íbúa á landsbyggðinni segjast ætla að flytja en um 10,5% íbúa Höfuðborgarsvæðisins segjast ætla að flytja. Ef við gefum okkur að munurinn, 3-3,5%, verði nettótap landsbyggðar til Höfuðborgarsvæðisins eða útlanda, þá má ætla að tap landsbyggðarinnar verði áfram á svipuðum nótum og verið hefur á síðustu árum, að teknu tilliti til skekkjumarkna.⁸¹ Þetta þýðir að nokkrar líkur eru á að hinir umfangsmiklu búferlaflutningar sem verið hafa haldi áfram, að öllu óbreyttu.


Í framhaldi af þessu er gagnlegt að skoða hvernig búferlaflutninga-áform eru í einstökum þjóðfélagshópum. Hvaða fólk hyggur helst á flutning úr byggðarlagi sínu? Á mynd XII.1 er sýnt hvernig áformin eru í einstökum hópum á landsbyggðinni.

Þar má sjá að um 35% fólks á aldrinum 18-24 ára sem býr nú á landsbyggðinni segist ætla að flytja búferlum og 24% 25-34 ára. Hlutfallið er svo mun lægra í efri aldurshópunum. Greining eftir starfsstéttum bendir til að þeir sem ekki eru útvinnandi (nemar, húsmæður, atvinnulausir) hyggi margir á brottflutning af landsbyggðinni. Næst algengast er það meðal tækna og skrifstofufólks (18%), verkafólks (17%), og

síðan sérfræðinga ýmiss konar (13%). Um 12% fólks í afgreiðslu- og þjónustustörfum segist einnig ætla að flytja. Bændur og sjómenn hyggja ekki í stórum stíl á brottflutning, eða aðeins um 7% þeirra, og hið sama á við um stjórnendur og í minni mæli iðnaðarmenn.

Þegar flutningaáform eru greind eftir menntun kemur í ljós að þeir sem hafa lokið bóklegu framhaldsnámi hafa hæsta tíðni brottflutningsáforma, þ.e. um 22% þeirra segjast ætla að flytja brott, og margir þeirra stefna án efa á framhaldsnám á háskólastigi. Þá er athyglisvert að um 20% þeirra landsbyggðarbúa sem lokið hafa einhverju háskólanámi segjast ætla að flytja búferlum úr núverandi byggðarlagi á næstu tveimur árum.

Mynd XII.1: Áform landsbyggðarbúa um brottflutning á næstu tveimur árum: Þjóðfélagshópagreining



Ekki er markverður munur á búferlaflutningsáformum milli starfsmanna í einkageira atvinnulífsins og í opinberum geira, en sjálfstætt starfandi fólk hyggur síður á brottflutning en launþegar (7% á móti 14%).

Þegar greint er eftir atvinnugreinum kemur í ljós að starfsfólk í fiskvinnslu hefur hæsta tíðni brottflutningsáforma, en um 20% þeirra sem starfa við fiskvinnslu á landsbyggðinni segjast ætla að flytja brott úr núverandi byggðarlagi sínu. Næst hæst er hlutfallið meðal þeirra sem starfa við verslun og þjónustu á landsbyggðinni (15%), og þá meðal opinberra starfsmanna (13%). Lægst er hlutfall þeirra sem starfa við landbúnað, sem styður það sem sagt var í kafla 10, að þrátt fyrir viðvarandi fækkun í landbúnaði þá kjósa margir bændur sem bregða búi að vera áfram í byggðarlagi sínu eða annars staðar á landsbyggðinni. Sjómenn eru einnig með tiltölulega lága tíðni

brottflutningsáforma, og er munurinn á þeim og fiskvinnslufólkinu sérstaklega athyglisverður í þessu sambandi.

Þá er hlutfall einstæðra foreldra sem segjast ætla að flytja búferlum mjög hátt, eða um 23%, en þó eru einhleypir enn hærri (25%), og endurspeglar það að hluta mikinn hreyfanleika ungs fólks. Loks eru leigjendur mjög líklegir til að flytja búferlum, en 37% þeirra segjast ætla brott á næstunni. Aðeins um 9% fólks sem býr í eigin húsnæði hyggur á brottflutning.

Á heildina litið er það í mestum mæli ungt fólk, menntafólk og einstæðir foreldrar sem hyggja á brottflutning af landsbyggðinni, gjarnan fólk sem býr í leiguhúsnæði, en að auki er umtalsverður hluti verkafólks, sérstaklega fiskvinnslufólk, með áform um brottflutning.

Á móti framangreindu tapi landsbyggðarinnar til Höfuðborgarsvæðisins kemur umtalsvert streymi í gagnstæða átt, því 10,5-11% hyggjast flytja af Höfuðborgarsvæði á móti þeim 14% sem ætla að flytja af landsbyggð, þannig að heildartap landsbyggðarinnar verður ekki nærri jafn mikið og við fyrstu sýn virðist. Heildartap í einstökum þjóðfélagshópum er þó líklegast til að vera í samræmi við það sem fram kemur á mynd XII.1.

Kaflí XIII

Samandregnar niðurstöður

Markmið rannsóknarinnar er að leita skýringa á búferlaflutningum milli landshluta á Íslandi á síðustu árum og áratugum. Slíkar skýringar geta veitt gagnlegar vísbendingar um það, hvaða aðgerðir eru líklegar til að hafa áhrif á framtíðarþróun búferlaflutninga í landinu.

Við hönnun rannsóknarinnar var höfð hliðsjón af helstu kenningum sem fram hafa verið settar um viðfangsefnið erlendis og fyrri rannsóknum á þessu sviði hér á landi. Fyrirliggjandi gögn um fólksfjöldaþróun, búsetu, búferlaflutninga, atvinnuþróun og skyld atriði voru könnuð og að hluta borin saman við upplýsingar frá nágrannalöndunum. Þá voru framkvæmdar tvær sérkannanir vorið 1997 til þess að afla nýrra gagna til að varpa ljósi á tengsl búsetuþróunar og mats almennings í einstökum landshlutum á búsetuskilyrðum í eigin byggðarlagi. Sá þáttur rannsóknarinnar sem lýtur að athugun á tengslum búsetumats og búsetuþróunar felur í sér nýja aðkomu að viðfangsefninu, sem virðist veita afar öflugla skýringu á ólíkum mynstrum búferlaflutninga frá einum landshluta til annars.

Forsenda slíkra skýringa er sú, að hvað sem líður einstökum þáttum ytri skilyrða þá eru búferlaflutningar endanlega afleiðing ákvarðanatöku einstaklinga og fjölskyldna, sem byggist á mati og samanburði viðkomandi aðila á kostum og göllum aðstæðna í upprunabyggð og hugsanlegum áfangastað. Heildarútkoma slíks mats á aðstæðum og kostum ræður niðurstöðunni um val á búsetustað. Einnig er hugsanlegt að um þvingaða búferlaflutninga geti verið að ræða, til dæmis vegna atvinnuleysis eða ófullnægjandi menntunaraðstæðna í heimabyggð. Líklegast er þó að búferlaflutningar sem eru afleiðing tiltölulega frjáls vals einstaklinga hafi verið ríkjandi á Íslandi um

árábil. Það kemur meðal annars fram í því, að fólk hefur flutt í miklum mæli frá landssvæðum þar sem atvinnuástand hefur verið gott og meðaltekjur yfir landsmeðaltali. Val á framhaldsmenntun felur oft í sér meðvitað val á starfsferli sem stýrir þar með búsetu að nokkru leyti. Í slíkum tilvikum er frekar um frjálst val að ræða en þvingaðan flutning.

Í nágrennalöndunum hafa búferlaflutningar breyst á undanförunum áratugum. Fram til um 1970 var víða aukning á streymi fólks frá jaðarsvæðum til þéttbýlli staða og stórborga. Eftir það hægði sums staðar á búseturöskuninni, til dæmis í Skandinavíu, Finnlandi og Bretlandi, og fólk tók að flytja í vaxandi mæli frá stórborgunum til smærri þéttbýlisstaða og dreifbýlis, oft í nánd við stórborgirnar. Þessi umbreyting búsetumynstra hefur verið kennd við þjónustupjófélagið (e: post-industrial society) og er víða spáð áframhaldi slíkrar þróunar. Hér á landi gætir slíkrar þróunar aðeins í mjög litlum mæli enn sem komið er.

Búferlaflutningamynstur þau sem ríkjandi eru hér á landi, með þungum straumi fólks frá landsbyggðinni til Höfuðborgarsvæðisins, eina eiginlega borgarsvæðisins hér á landi, eru einkennandi fyrir þau mynstur sem víða ríktu fyrir á eftirstriðsárunum í nágrennalöndunum. Það er því athyglisverð spurning hvort vænta megi aukinna búferlaflutninga frá Höfuðborgarsvæðinu á næstu árum, til dæmis til smærri þéttbýlis eða dreifbýlis sem er innan seilingar við Höfuðborgarsvæðið? Eða mun straumurinn halda áfram með svipuðum hætti og verið hefur á liðnum árum?

Á síðustu tveimur árum hefur verið meiri straumur fólks til Höfuðborgarsvæðisins en nokkru sinni fyrir frá 1960. Horfurnar eru því tvísýnar og í reynd benda áform landsbyggðarmanna um brottflutning á næstu tveimur árum til þess að straumurinn verði áfram með svipuðum hætti og verið hefur síðastliðin ár.

Fram kemur í rannsókninni að áhugi landsbyggðarfólks á nútímalegum lífsháttum, til dæmis fjölbreyttum atvinnutækifærum, ríkulegum aðgangi að verslun og þjónustu, fjölbættri aðstöðu til menningarneyslu og afþreyingar, góðum húsnæðisaðstæðum og samgöngum, skiptir miklu máli fyrir val á búsetustað. Mjög sterkt samband er milli ánægju íbúa með búsetuskilyrði og fólksfjöldapróunar í einstökum landshlutum. Þar vegur þungt hvort aðstæður fyrir framangreinda þætti nútímalegra lífshátta eru hagstæðar eða ekki.

Þau svæði á landsbyggðinni sem byggja öðru fremur á frumvinnslugreinum atvinnulífsins, landbúnaði og sjávarútvegi, einkum fiskvinnslu, fá að öðru jöfnu lakasta einkunn frá íbúunum sjálfum fyrir einstaka þætti búsetuskilyrða og þau hafa jafnframt tapað flestu fólki. Þróun atvinnutækifæra í fiskvinnslu hefur mikla fylgni við þróun nettóbúferlaflutninga frá landsbyggð til Höfuðborgarsvæðisins á tímabilinu frá 1961 til 1996. Þegar fjölgaði störfum við fiskvinnslu þá dró landsbyggðin til sín fleiri íbúa frá Höfuðborgarsvæðinu, en þegar fjölgunin stöðvaðist og fækka tók störfum við fiskvinnslu jókst tap landsbyggðarinnar á íbúum til Höfuðborgarsvæðisins.

Íbúar smæstu staðanna á landsbyggðinni eru óánægðastir með búsetuskilyrði sín og margir þeirra segjast helst vilja búa í fjölmennara byggðarlagi. Hins vegar eru íbúar sumra stærri þéttbýlisstaðanna á landsbyggðinni ánægðari með búsetuskilyrði sín en

Íbúar Höfuðborgarsvæðisins. Smæstu sjávarútvegsbyggðirnar virðast vera veikustu hlekkir búsetunnar á landsbyggðinni.

Almennt skýrir búsetumat almennings búsetuþróunina í landinu að mjög stórum hluta. Til að hafa áhrif á búsetuþróunina þarf því að breyta þeim skilyrðum sem móta búsetumat fólks í einstökum landshlutum. Rannsóknin gefur vísbendingar um hvaða þættir gætu þurft að koma við sögu ef takast á að bæta búsetumat almennings á þeim svæðum sem höllustum fæti standa.

Nú verða nefndar í samandregnu formi ýmsar af þeim niðurstöðum sem rannsóknin hefur leitt í ljós.

Yfirlit um búsetuþróunina

* Langtímaþróun búsetu í landinu hefur einkennst af gífurlegum yfirburðum Höfuðborgarsvæðisins, samanborið við höfuðborgir nágrennalandanna. Fámenni þjóðarinnar og staðarhættir kunna að ráða einhverju um það. Á Vestfjörðum hefur íbúum fækkað á öldinni í heild, stöðnun hefur ríkt á Norðurlandi vestra og Austfjörðum, en þróun fólksfjölda á Vesturlandi og Suðurlandi hefur verið frekar veikburða.

* Í öllum landshlutum hefur íbúum í dreifbýli fækkað mikið, en á hinn bóginn hefur í öllum landshlutum fjölgað í þéttbýli, mest á Akureyrarsvæðinu, Suðurlandi, Vesturlandi og Austurlandi, en með veikari hætti á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Oft er litið framhjá mikilvægi slíkrar fjölgunar íbúa á stærri þéttbýlisstöðum landsbyggðarinnar, þegar fjallað er um fólksfjöldapróun heilla landshluta.

* Á síðustu sex árum hefur orðið mest fólksfækkun á Vestfjörðum, þá Norðurlandi vestra og Austurlandi, og síðan Vesturlandi. Mjög mikil aukning varð á straumnum frá landsbyggð til Höfuðborgarsvæðisins eftir 1980. Jafnvægi var hins vegar milli landsbyggðar og Höfuðborgarsvæðisins milli 1970 og 1980, einkum vegna aukins brottflutnings frá Höfuðborgarsvæðinu á þeim tíma.

* Tæpur helmingur þeirra sem fæddir eru á Vestfjörðum og enn eru á lífi býr nú á Höfuðborgarsvæðinu, en aðeins um þriðjungur þeirra býr á Vestfjörðum. Um 63% þeirra sem fæddir eru á Norðurlandi eystra býr þar nú, og hið sama á við um helming þeirra sem fæddir eru á Austurlandi og Suðurlandi, og 47% Vestlendinga. Um 44% þeirra sem fæddust á Norðurlandi vestra búa þar nú.

* Búferlaflutningur milli landshluta á landsbyggðinni er aðeins lítill hluti allra búferlaflutninga í landinu. Um 60-70% landsbyggðarmanna sem á annað borð flytja milli byggðarlaga flytja til Höfuðborgarsvæðisins.

* Búseturöskun vegna búferlaflutninga hefur verið mun meiri hér á landi en almennt er í nyrstu héruðum Skandinavíu og Finnlands. Á tímabilinu frá 1960 til 1990 tapaði landsbyggðin á Íslandi um 29% af íbúafjöldanum sem þar var árið 1960, en samsvarandi tap í nyrstu héruðum Noregs, Svíþjóðar og Finnlands var um 18%. (Þar er átt við Lappland, Finnmark, Troms, Nordland og Norrbotten). Vestfirðir töpuðu um

53% fólksfjöldans sem þar var árið 1960, en samsvarandi tala fyrir Lappland var 29%. Það var mesta tapið í framangreindum héruðum Skandinavíu og Finnlands.

* Þrátt fyrir fámennið í landinu býr minni hluti Íslendinga í dreifbýli en er annars staðar á Norðurlöndum, um 9% hér á móti 15-26% í hinum löndunum. Það er þrátt fyrir það að stærri hluti vinnandi manna starfar hér við landbúnað en er í hinum löndunum.

* Vægi Höfuðborgarsvæðisins er mikið hér á landi, en þar býr um 58% af þjóðinni, en á hinum Norðurlöndunum er vægi þéttbýlis með 50.000 eða fleiri íbúa aðeins frá 31-39%. Höfuðborgirnar á Norðurlöndum hýsa frá 17% til 26% íbúanna í viðkomandi löndum. Íslendingar búa því í meiri mæli í þéttbýli en nokkur hinna frændþjóðanna á Norðurlöndum.

* Frá 1990 hefur tap landsbyggðarinnar á Íslandi aukist umtalsvert, þannig að í sundur hefur dregið með Íslandi og frændþjóðunum í þessum efnunum á síðustu árum. Sérstaða búferlaflutninganna frá landsbyggð til Höfuðborgarsvæðis hér á landi er því mikil.

Framfarir á Íslandi

* Mat þjóðarinnar á framförum, stöðnun eða hnignun í landinu öllu, og í einstökum landshlutum, er mikilvægur þáttur í mati á búsetuskilyrðum. Allur þorri þjóðarinnar telur búsetuskilyrði og lífskjör hafa batnað eða staðið í stað á síðastliðnum fimm árum. Aðeins um 5% segja þessi atriði hafa versnað.

* Helst telja landsmenn stöðu atvinnumála og húsnæðisaðstæður hafa versnað, en flestir telja opinbera velferðarþjónustu hafa batnað á tímabilinu. Einnig segja margir aðstöðu til menningarneyslu og afþreyingar, samgöngur, verslun og þjónustu hafa batnað í landinu.

* Framfarir virðast hafa snert flesta á Suðurlandi, Höfuðborgarsvæði, Akureyrarsvæði og Vesturlandi. Færri skynja framfarir á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra.

* Mest er kvartað um afturför í atvinnumálum á Norðurlandi vestra, þá Vestfjörðum og Suðurnesjum. Minnst er kvartað um það á Austurlandi, Norðurlandi eystra og Höfuðborgarsvæðinu, ásamt Suðurlandi.

* Almennt skynja íbúar landsbyggðarinnar mun meiri framfarir á sviði opinberrar velferðarþjónustu en íbúar Höfuðborgarsvæðisins. Mest gætir þess á Suðurlandi, Norðurlandi eystra og Vesturlandi, en síður á Vestfjörðum.

* Umtalsverður hluti Vestfirðinga telur stöðu húsnæðismála í byggðarlagi sínu hafa versnað. Þess gætir einnig á Norðurlandi og Austfjörðum. Á Höfuðborgarsvæði og Suðurnesjum skynja menn frekar framfarir á þessu sviði á tímabilinu.

* Framfarir á sviði menningar- og afþreyingarmála skynja menn langmest á Höfuðborgarsvæðinu, síðan Norðurlandi eystra. Það fylgir þéttbýlisstigi. Minnst nefna menn framfarir á þessu sviði á Austurlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra.

* Mest nefna menn framfarir á sviði samgöngumála á Norðurlandi eystra, en minnst á Norðurlandi vestra.

* Íbúar Höfuðborgarsvæðisins og Vesturlands hafa í mestum mæli orðið varir við framfarir á sviði verslunar og þjónustu, en minnst er það nefnt á Austurlandi.

* Íbúar Höfuðborgarsvæðisins hafa þá sérstöðu að segja í meiri mæli en íbúar annarra byggðarlaga að umhverfisskilyrðin í byggðarlaginu hafi versnað. Þar gætir þeirrar skoðunar að hætta af völdum umferðar og ofbeldis hafi aukist í borginni. Þó er meirihluti íbúa Höfuðborgarsvæðisins á því að umhverfisskilyrðin hafi staðið í stað. Yfirleitt finnst stórum meirihluta íbúa í landsbyggðarkjördæmunum að umhverfisskilyrði þeirra hafi staðið í stað, en þeir eru þó heldur fleiri sem segja þau hafa versnað en hinir sem segja þau hafa batnað. Það gildir þó ekki á Austurlandi.

Mat búsetuskilyrða í samtímanum

Spurt var um ánægju og óánægju íbúa einstakra landshluta með 24 þætti búsetuskilyrða í viðkomandi byggðarlagi. Þættirnir voru að auki flokkaðir í 8 málaflokka: atvinnumál, opinbera þjónusta, húsnæðismál, menningar- og afþreyingaraðstöðu, samgöngur, verslun og þjónusta, umhverfisskilyrði, og veðurfar. Heildarmat búsetuskilyrða var fengið með því að leggja alla þættina 24 saman fyrir hvert byggðarlag. Sýnt er hlutfall ánægðra með einstakan þátt, hlutfall óánægðra, og loks er heildarmat fengið þannig að hlutfall óánægðra er dregið frá hlutfalli ánægðra (nettóánægja) í hverju byggðarlagi.

* Niðurstaða heildarmats búsetuskilyrða er þannig, að íbúar Höfuðborgarsvæðisins eru ánægðastir með búsetuskilyrði sín, en íbúar Norðurlands eystra, einkum Akureyrarsvæðisins, fylgja fast á eftir. Þá koma Suðurland og Suðurnes. Minnst er ánægjan með alla samanlagða þætti búsetuskilyrðanna á Vestfjörðum, en þar á eftir koma Austurland, Vesturland og Norðurland vestra.

* Mest er ánægja með atvinnumál á Höfuðborgarsvæðinu, en næst mest á Norðurlandi eystra. Mest er hins vegar kvartað um ófullnægjandi atvinnumál á Norðurlandi vestra og Vesturlandi. Það eru einkum ófullnægjandi atvinnutækifæri (fjölbreytileiki) og tekjuöflunarmöguleikar sem fólk í þessum tveimur landshlutum kvartar undan. Almennt má segja að lítil ánægja sé með atvinnumál á landsbyggðinni.

* Almennt eru íbúar landsbyggðarinnar ánægðari með opinbera þjónustu í byggðarlögum sínum en íbúar Höfuðborgarsvæðisins. Þó eru Vestfirðingar undantekning í þeim efnum (mest afgerandi er minni ánægja þeirra með dagvistunarþjónustu), og íbúar Suðurnesja eru ekki jafn ánægðir með þennan þátt og íbúar landsbyggðarkjördæmanna almennt, enda er hlutfall starfa við opinbera þjónustu á Suðurnesjum það lægsta sem finnst á landinu.

* Suðurnesjamenn eru ánægðastir með ástand húsnæðismála í byggðarlaginu, en næstir þeim koma íbúar Höfuðborgarsvæðisins og síðan Sunnlendingar. Óánægðastir með þessa þætti eru Vestfirðingar, síðan Austfirðingar og Vestlendingar. Mest afgerandi er óánægja með húshitunarkostnað í þessum þremur landshlutum.

* Menningar- og afþreyingarmál hafa sterkasta stöðu á stærstu þéttbýlisstöðunum, þ.e. á Höfuðborgarsvæðinu og Akureyrarsvæðinu. Síðan koma Norðurland vestra og Suðurnes. Minnst er ánægjan með þessa þætti á Austurlandi og Vestfjörðum.

* Í samgöngumálum hafa Vestfirðingar mikla sérstöðu, vegna óánægju með lagningu og viðhald vega í landshlutanum, en Austfirðingar kvarta einnig mikið undan þessu. Suðurnesjamenn eru einnig nokkuð óánægðir með lagningu og viðhald vega, en íbúar Höfuðborgarsvæðis og Norðurlands vestra eru óánægðastir með ruðning vega á vetrum. Vestlendingar eru óánægðastir með flugsamgöngur.

* Í verslun og þjónustu hefur Höfuðborgarsvæðið mikla yfirburði. Þar er nettóánægja með þann þátt (hlutfall ánægðra að frádregnu hlutfalli óánægðra) um 71%, en Suðurnes koma næst á eftir með aðeins um 45%, og síðan Vesturland (einkum Akranes) með 39%. Annars staðar er hlutfallið lægra, þó hæst á Norðurlandi eystra (32%). Mest er óánægjan með þennan málaflokk á Austurlandi og Vestfjörðum, og er það frekar verðlag vöru og þjónustu sem vekur óánægju en framboð hennar.

* Almennt eru landsbyggðarmenn ánægðari með umhverfisskilyrði og veðurfar en íbúar Faxaflóasvæðisins. Mest er ánægjan með umhverfisskilyrði á Vesturlandi, Norðurlandi og Austurlandi. Minnst er hún á Höfuðborgarsvæðinu, en næstmínst á Vestfjörðum og Suðurlandi, og gætir ótta við hættu af völdum náttúruafla á tveimur síðarnefndu svæðunum, en á Höfuðborgarsvæðinu gætir sérstaklega óánægju með hættu af völdum umferðar og ofbeldis.

* Austfirðingar hafa þá sérstöðu að vera ánægðari með veðurfar það sem einkennir byggðarlög fjórðungsins en íbúar annarra landshluta. Norðlendingar eru einnig nokkuð ánægðir með þennan þátt, en íbúar Faxaflóasvæðisins eru óánægðastir með veðurfarið í sínum byggðarlögum.

Samkeppnisstaða byggðarlaga

* Þegar almennt er hugað að samkeppnisstöðu Höfuðborgar og landsbyggðar, á grundvelli mats íbúanna sjálfra á búsetuskilyrðum, hefur Höfuðborgarsvæðið einkum yfirburði gagnvart landsbyggðinni á sviði aðstöðu til menningarneyslu og afþreyingar annars vegar og verslunar og þjónustu hins vegar. Landsbyggðin hefur yfirburði á sviði umhverfisskilyrða og opinberrar þjónustu.

* Frá þeim sem fluttu milli byggðarlaga á árunum 1992-96 var fengið mat á aðstæðum í fyrra og núverandi byggðarlagi. Flestir voru ánægðari með vöruúrval á nýja staðnum, síðan kom, í þessari röð, menningarlíf, atvinnutækifæri, húshitunarkostnaður, þjónustuúrval, skemmtanalíf, flugsamgöngur, atvinnuöryggi, aðstaða til afþreyingar og íþróttaiðkunar, verðlag, framhaldsskólamál, framboð hentugs húsnæðis og tekjuöflunarmöguleikar. Þetta eru vísbendingar um hvaða þáttum fólk kann að sækjast eftir. Atriði sem tengjast "nú tímalegum lífsháttum" eru áberandi ofar á listanum og höfðu yfirburði á nýja búsetustaðnum.

* Almennt er beint samband milli þéttbýlisstigs og ánægju með búsetuskilyrði í byggðarlaginu, þannig að íbúar stærri þéttbýlisstaðanna eru ánægðari með búsetuskilyrðin. Íbúar þéttbýlisstaða með 200 til 1000 íbúa hafa sérstöðu fyrir það hve

óánægðir þeir eru með búsetuskilyrðin. Íbúar þéttbýlis með minna en 200 íbúa og íbúar sveitanna eru ánægðari með skilyrðin í byggðarlaginu en þeir sem búa í þorpum og kaupstöðum með 200 til 1000 íbúa. Það eru því litlu þéttbýlisstaðirnir sem höllustum fæti standa með tilliti til búsetuþróunar.

* Sterkast er sambandið milli stærðar þéttbýlisstaða annars vegar og ánægju með verslun og þjónustu, og menningu og afþreyingu hins vegar. Ánægjan er meiri á stærri stöðunum. Tengsl stærðar þéttbýlis og ánægju með veðurfar er hins vegar öfugt, þannig að ánægjan með það er mest í dreifbýli og á smærri stöðum.

* Minnst er ánægja íbúa smærri þéttbýlisstaðanna (þ.e. staða með 200-1000 íbúa) með húshitunarkostnað, verðlag á vöru og þjónustu, framhaldsskólamál, afþreyingaraðstöðu og atvinnutækifæri.

* Íbúar á Akranesi, Sauðárkróki, Akureyri, Selfossi og Hveragerði eru ánægðari með búsetuskilyrði sín en íbúar Höfuðborgarsvæðisins, á heildina litið. Íbúar Hafnar í Hornafirði eru álíka ánægðir og Höfuðborgarbúar. Ísafjörður, Vestmannaeyjar, Neskaupstaður, Eskifjörður og Reyðarfjörður koma mun verr út úr slíku mati.

Hverjir eru óánægðir? - Hverjir flytja milli byggðarlaga?

* Þeir sem eru óánægðastir með búsetuskilyrði sín eru starfsfólk í fiskvinnslu, bændur og sjómenn, og ungt fólk á aldrinum 18-24 ára, sem gjarnan býr í leiguhúsnaði eða hjá foreldrum sínum. Þá eru einhleypir og einstæðir foreldrar einnig tiltölulega óánægðir.

* Flutningatíðni er mest í aldurshópnum 15-34 ára, með hámarki meðal fólks á aldrinum 20-24 ára.

* Þeir sem hafa lokið háskólamenntun eða bóklegu framhaldsnámi eru líklegri til að flytja búferlum en aðrir. Það er í samræmi við það sem algengast er í öðrum vestrænum löndum. Hæst er flutningatíðnin hjá fólki sem starfar í verslunar- og þjónustustörfum.

* Þeir sem flytja búferlum milli byggðarlaga eru frekar í sambúð en giftir. Fráskildir hafa einnig tiltölulega háa flutningatíðni.

* Þeir sem fluttu búferlum milli byggðarlaga 1992-96 höfðu flestir eitt eða tvö börn á framfæri sínu á heimilinu. Fjölskyldufólk er því mjög áberandi í búferlaflutningunum, þó að flutningatíðnin sé há hjá einhleypum. Þeir síðarnefndu eru enda færri en fjölskyldufólk í hópum þeirra sem eru á aldrinum 18-75 ára.

* Þeir sem búa í eigin húsnaði flytja síður en fólk sem leigir eða býr hjá foreldrum og ættingjum.

Búsetuóskir og horfur til framtíðar

* Þeir sem fluttu búferlum 1992-96 voru beðnir um að nefna helstu ástæðu fyrir flutningunum. Flestir þeirra nefndu atvinnumálatengd atriði, en þó voru þeir ekki nema um 30% fluttra sem það gerðu. Næst algengast af því sem nefnt var voru húsnæðismál, þá menntun, atriði tengd fjölskyldu eða vinum, almenn lífsgæði og loks persónulegar skýringar.

* Þeir brottfluttu voru spurðir hvort þeir hafi þurft að fórna einhverju á gamla staðnum. Helmingur kvað já við því og nefndu flestir þeirra atriði tengd fjölskyldu og vinum eða almennum lífsgæðum.

* Um 8% íbúa Höfuðborgarsvæðisins segja sig langa til að flytja úr byggðarlaginu. Á landsbyggðinni var hlutfallið lægst á Vesturlandi (9%), en hæst á Vestfjörðum (21%), Suðurlandi (19%), Austurlandi og Suðurnesjum (17%).

* Um 11% íbúa Höfuðborgarsvæðisins segjast ætla að flytja brott á næstu tveimur árum. Á landsbyggðinni er hlutfallið frá 9% á Norðurlandi vestra til 21% á Austurlandi og 19% á Vestfjörðum.

* Þeir sem sögðust ætla að flytja brott úr byggðarlagi sínu voru beðnir að nefna helstu ástæðu þess. Flestir þeirra nefndu atriði tengd atvinnumálum, þá menntun og síðan almenn lífsgæði sem mikilvægustu ástæðu.

* Þeir sem ætla að flytja af landsbyggðinni á næstu tveimur árum nefndu atvinnutengd atriði og menntun í meiri mæli en hinir sem ætla að flytja af Höfuðborgarsvæðinu.

* Íbúar Vestfjarða, Norðurlands vestra og Austurlands segja oftast en aðrir landsbyggðarmenn að þeir vildu helst búa í fjölmennara byggðarlagi. Athyglisvert er að á Norðurlandi eystra voru 31% sem sögðust helst vilja búa í stærra byggðarlagi.

* Um helmingur af samanlögðum svarendum frá Neskaupstað, Reyðarfirði og Eskifirði segjast helst vilja búa á fjölmennari stað. Það sama á við um 46% Vestmannaeyinga, 43% Sauðkrækinga og 41% Ísfirðinga.

* Almennt eru það um 40% íbúa þéttbýlisstaða sem eru með 200-1000 íbúa sem segjast helst vilja búa á fjölmennari stað.

* Stækkun byggðakjarna er því mjög líkleg til að styrkja búsetu víða á landsbyggðinni.

Mikilvægi atvinnuþróunar

Könnuð voru tengsl milli efnahagsþróunar í landinu og heildarflutninga frá landsbyggð til Höfuðborgarsvæðisins 1961 til 1996, og einnig tengsl milli þróunar atvinnutækifæra í einstökum atvinnugreinum og heildarbúferlaflutninga frá 1963 til 1995.

* Landsbyggðin tapaði árlega umtalsverðum fjölda til Höfuðborgarsvæðis á sjöunda áratugnum og allt til 1973. Eftir það var jöfnuður í straumnum milli landsbyggðar og Höfuðborgarsvæðis til 1980, en þá tók landsbyggðin aftur að tapa sívaxandi fjölda

fólks til Höfuðborgarsvæðisins. Á allra síðustu árum hefur tap landsbyggðarinnar slegið fyrri met á tímabilinu.

* Aukið tap landsbyggðar á fólki eftir 1980 tengist hægari hagvexti að nokkru leyti og þrengri tækifærum á vinnumarkaði, m.a. auknu atvinnuleysi, sérstaklega eftir 1992.

* Atvinnuástand hefur verið gott á Vestfjörðum og tekjur yfir landsmeðaltali um langt árabil. Skortur á atvinnu og tekjuöflunartækifærum er því ekki líklegur til að hafa þvingað fram brottflutning úr landshlutanum, enda kvarta Vestfirðingar minna undan atvinnumálum en flestir aðrir landsbyggðarbúar. Skortur á fjölbreytni atvinnutækifæra þar gæti þó hafa skipt máli fyrir brottflutning.

* Atvinnuþrengingar gætu hins vegar hafa skipt nokkru máli fyrir brottflutning frá Norðurlandi vestra, Austfjörðum og Vesturlandi.

* Á Norðurlandi vestra fer saman atvinnuleysi, lágar meðaltekjur og umtalsverður brottflutningur.

* Almennt er það svo að þau svæði sem mest byggja atvinnulíf sitt á sjávarútvegi og landbúnaði hafa tapað flestu fólki. Tengsl brottflutnings við vægi sjávarútvegs í byggðunum eru sérstaklega sterk. Minnstu sjávarútvegsþorpín eru veikustu hlekkirnir í búsetunni á landsbyggðinni.

* Sérstaklega sterkt og athyglisvert samband er milli þróunar atvinnutækifæra í fiskvinnslu frá 1963 og brottflutnings frá landsbyggð til Höfuðborgarsvæðisins. Stöðvun tapsins frá landsbyggðinni milli 1973 og 1980 tengist mikilli fjölgun starfa við fiskvinnslu, samhliða mikilli uppbyggingu sjávarútvegs og útfærslu landhelginnar. Umsnúningur búferlaflutninganna eftir 1980 tengist því að þá var vextinum í fiskvinnslunni lokið og eftir 1987 tók við ör fækkun. Sveiflurnar í fiskvinnslunni geta þannig skýrt nokkurn hluta búferlaflutninganna til og frá landsbyggðinni.

* Breytt viðhorf til starfa við fiskvinnslu kunna einnig að skipta máli fyrir aukna búferlaflutninga frá sjávarbyggðunum á allra síðustu árum, enda er starfslíð fiskvinnslustöðvanna að stórum hluta í hópi óánægðra í búsetumatinu.

* Hin hliðin á tengslum atvinnuþróunar og búferlaflutninga er sú, að straumurinn hefur verið afgerandi mikill til svæða þar sem hlutur verslunar og þjónustu er stærri í atvinnulífi.

* Það hefur því einkum fækkað á svæðum sem byggja á frumvinnslugreinum atvinnulífsins (landbúnaði og sjávarútvegi), en fjölgað á svæðum er byggja á verslunar- og þjónustugreinum.

* Samdrátturinn í atvinnulífinu frá 1987 til 1994 hefur haft mikil áhrif á vinnumarkaðinn og þar með á búferlaflutninga. Tækifærum fækkaði bæði á landsbyggðinni og á Höfuðborgarsvæðinu, og nú þegar rýmkað hefur um á ný með betra árferði á vinnumarkaði, kann að vera að uppsafnaður þrýstingur til búferlaflutninga geri vart við sig og skýri hinn mikla straum frá landsbyggð til Höfuðborgarsvæðis á allra síðustu árum.

Mikilvægi hugarfars og búsetumats almennings

Hvað sem líður atvinnuþróun eða breytingum ytri skilyrða hvers konar, þá er það mat almennings á búsetuskilyrðum sem stýrir ákvarðanatöku um val á búsetustað, ef einstaklingar og fjölskyldur á annað borð geta valið slíkt með tiltölulega frjálsum hætti. Margar forsendur fyrir frjálsu vali búsetustaðar hafa verið fyrir hendi á Íslandi á síðustu áratugum.

* Innreið nútímaþjóðfélags hefur alls staðar í heiminum tengst þéttbýlismyndun og búferlaflutningum, þó í mismiklum mæli hafi verið. Óskir fólks um aðgang að hinum nútímalegu lífsháttum eru einn mikilvægasti drifkrafturinn að baki þeirrar þróunar.

* Búferlaflutningar af landsbyggð til Höfuðborgarsvæðis hafa verið óvenju miklir á Íslandi, samanborið við nágrannalöndin.

* Fjölpætt mat íbúa á búsetuskilyrðum í eigin byggðarlögum hefur einstaklega mikla fylgni við þróun búferlaflutninga og almenna fólksfjöldaþróun byggðarlaganna. Í slíku mati eru vegnir saman þættir tengdir atvinnumálum, lífshátta- og lífskjaramálum, og umhverfisskilyrðum. Heildarmatið skýrir fólksfjöldaþróunina mun betur en einstakir þættir þess, svo sem atvinnumál eða opinber þjónusta.

* Beint og sterkt samband er milli ánægju íbúa einstakra landshluta með 24 þætti búsetuskilyrða og fólksfjöldaþróunar í landshlutunum. Þar sem meiri ánægja er með heildarskilyrðin, þar stendur búsetan fastari fótum og færri flytja brott. Þeir landshlutar eða svæði sem fá lakasta einkunn frá íbúunum sjálfum hafa tapað flestu fólki.

* Fólk tekur ákvarðanir um búferlaflutninga á grundvelli heildarmats kosta og galla, þó svo að einstakir þættir geti auðvitað vegið meira en aðrir í lokaniðurstöðunni. Misjafnt er milli landshluta hvaða þættir vega þyngst, en atvinnumál (fjölbreytni atvinnutækifæra), menntun og almenn lífsgæði eru oft nefnd sem mikilvægastir einstakra þátta.

* Atvinnuþróun skiptir miklu máli fyrir búsetuþróun, en mestur samhljómur er milli fólksfjöldaþróunar og mats íbúanna á gæðum þeirra þátta sem tengjast hinum nútímalegu lífsháttum í einstökum landshlutum, svo sem aðgengi að verslun og þjónustu, menningu og afþreyingu. Auk þess gerir fólk miklar kröfur um góðar aðstæður í húsnaðismálum og samgöngum.

* Íbúar landsbyggðarhéraðanna meta yfirleitt betur umhverfis-skilyrðin í byggðarlögum sínum og eru ánægðari með opinbera þjónustu en íbúar Höfuðborgarsvæðisins, en það dugar almennt ekki til að yfirvinna aðra ókosti búsetunnar þar, svo sem skort á framangreindum skilyrðum fyrir hina nútímalegu lífshætti.

Hvert stefnir?

* Um 14% íbúa landsbyggðarinnar segjast ætla að flytja búferlum milli byggðarlaga á næstu tveimur árum. Um 10,5% íbúa Höfuðborgarsvæðisins segja það sama.


Munurinn, eða um 3-3,5% nettótap landsbyggðar, að gefnum forsendum um áframhald fyrri mynstra í búferlaflutningunum, bendir til þess að heildartap landsbyggðar geti að öðru óbreyttu haldist áfram á svipuðum nótum og verið hefur að undanfögnu.

* Búferlaflutningsáform í einstökum þjóðfélagshópum eru svipuð og greining okkar á þeim sem fluttu á síðustu árum leiddi í ljós: ungt fólk, menntafólk, einstæðir foreldrar, leigjendur, fiskvinnslufólk og annað verkafólk hefur meiri áform um brottflutning en fólk úr öðrum þjóðfélagshópum.

Samantekt á myndum og í töflu


Mynd XIII.1: Heildarniðurstöður búsetumats I.

Hlutfall sem eru ánægðir með 24 þætti búsetuskilyrða í byggðarlaginu og hlutfall sem segja skilyrðin hafa batnað á sl. 5 árum.




Mynd XIII.2: Heildarniðurstöður búsetumats II.

Meðalhlutfall íbúa sem eru ánægðir með 24 þætti búsetuskilyrða, að frádregnum óánægðum (nettóánægja), og hlutfall sem segja skilyrðin hafa batnað á sl. 5 árum, að frádregnum þeim er segja þau hafa versnað.



Mynd XIII.3: Tengsl ánægju með búsetuskilyrði og fólksfjöldaþróunar í einstökum landshlutum.



Tafla XIII.1 Yfirlit um mat íbúa á stöðu og þróun einstakra þátta búsetuskilyrða í eigin landshlutum

	Mat á aðstæðum nú:		Mat á þróun sl. 5 ár:	
	Þar sem ánægja er mest	Þar sem óánægja er mest	Þar sem mest þykir hafa batnað	Þar sem minnst þykir hafa batnað
Mat einstakra málaflokka:				
Atvinnumál	HB, NE	NV, VL	AL, NE	NV, VF
Opinber þjónusta	NV, NE	VF, HB	SL, NE	HB, VF
Húsnæðismál	SN, HB	VF, AL	HB, SN	VF, NE
Menning/afþreying	HB, NE	AL, VF	HB, NE	AL, VF
Samgöngur	NE, SN	VF, VL	NE	NV, VL
Verslun/þjónusta	HB, SN	AL, VF	HB, VL	AL, SN
Umhverfisskilyrði	VL, NE	HB, VF	AL	HB, VF
Veðurfar	AL, NV	SN, HB	---	---
Heildarmat (24 þættir)	HB, NE	VF, AL, VL	SL	VF, NV

Skýringar: Í töflunni er sýnt hvaða tveir landshlutar fá best mat íbúa fyrir hvern af 8 meginþáttum búsetuskilyrða, og hvaða tveir fá versta matið. Miðað er við tölur um hlutfall ánægðra með viðkomandi þátt, að frádregnu hlutfalli óánægðra með þáttinn, þ.e. "nettóánægju" (sjá kafla IV). Samsvarandi útkomur eru sýndar fyrir mat á því hvort viðkomandi þáttur hafi batnað eða versnað á sl. 5 árum (miðað er við tölur um hlutfall þeirra sem segja viðkomandi þátt hafa batnað að frádregnu hlutfalli þeirra sem segja hann hafa versnað) (sjá kafla III). Í þremur tilvikum er aðeins nefndur einn landshluti vegna þess að tveir eða fleiri landshlutar voru með næstbestu útkomu jafna.

Neðsta línan sýnir niðurstöðu heildarmatsins þar sem allir 24 þættir búsetuskilyrða eru lagðir saman.

Skammstafanir: HB=Höfuðborgarsvæði (frá Hafnarfirði að Kjós); SN=Suðurnes (Reykjaneskjördæmi sunnan Hafnarfjarðar); VL=Vesturland; VF=Vestfirðir; NV=Norðurland vestra; NE=Norðurland eystra; AL=Austurland; SL=Suðurland.

Viðauki I

Framkvæmd og heimtur:

1. Landshlutaönnun á búsetuskilyrðum vorið 1997

2. Önnun meðal brottfluttra 1992-96

Eins og fram kemur í fyrri köflum ritsins voru framkvæmdar tvær sérkannanir til að nota við rannsóknarverkefnið. Kannanirnar voru hannaðar af dr. Stefáni Ólafssyni og aðstoðarfólki hans á Félagsvísindastofnun háskólans, en Hagvangur h.f. annaðist framkvæmd viðtala við þá sem lentu í úrtökunum. Starfslið Félagsvísindastofnunar annaðist hins vegar hreinsun og flokkun gagnanna sem Hagvangur aflaði og útbjó þau til vinnslu, auk þess sem tveir starfsmenn stofnunarinnar aðstoðuðu við tölvuúrvinnslu. Báðar kannanirnar voru framkvæmdar vorið 1997.

Fyrri könnunin, Landshlutaönnun búsetuskilyrða, var veigameiri og hafði það markmið að fá fram mynd af búsetumati íbúa í einstökum landshlutum. Vegna þess var nauðsynlegt að fá lágmarksfjölda svarenda úr hverjum landshluta sem gætu talist dæmigerðir fulltrúar íbúa þar. Ekki var hægt að notast við venjulegt slembiúrtak í þeim tilgangi, því þá hefðu tveir þriðju svarenda komið af Höfuðborgarsvæðinu, en of fáir svarendur úr fámennustu kjördæmunum til að hægt væri að byggja á svörum þeirra. Því var brugðið á það ráð að taka kvótaúrtak úr hverju kjördæmi á landsbyggðinni, 200 manns á aldrinum 18-75 ára. Höfuðborgarsvæðið var meðhöndlað sem ein heild, frá Kjós til Hafnarfjarðar, og tekið tvöfalt úrtak þaðan. Alls var því unnið með átta úrtök, samtals 1800 manns.

Tafla 1

Heimtur:

Landshlutaönnun búsetuskilyrða

	Svarendur sem % úrtaks
Höfuðborgarsvæði	69
Suðurnes	67
Vesturland	70
Vestfirðir	74
Norðurland vestra	70
Norðurland eystra	71
Austurland	79
Suðurland	76

Af töflu 1 má sjá að svörun var nokkuð misjöfn eftir landshlutum, minnst á Suðurnesjum en mest á Austurlandi. Þó er hún yfirleitt nálægt 70% markinu og samsetning svarendahópanna er viðunandi, þannig að þeir eru ásættanlegir fulltrúar íbúa í hverju byggðarlaganna.

Í könnuninni var spurt um ánægju eða óánægju með sérhvern tuttugu og fjögurra þátta búsetuskilyrða og jafnframt var spurt hvort svarendur teldu að viðkomandi þáttur hefði breyst til hins betra á síðastliðnum fimm árum, staðið í stað eða versnað. Auk þess var spurt um bakgrunnspætti og önnur atriði er tengjast búsetu viðkomandi. Í kafla III og IV er að finna upptalningu á þeim þáttum sem þar komu við sögu. Úr svörum við þessum spurningum var síðan fengið flokkað mat á einstaka málaflokka, frá atvinnumálum til umhverfisskilyrða, sem og heildarmat með samlagningu allra þáttanna, fyrir hvert byggðarlag um sig. Það mat var síðan notað til að skýra mismunandi búferlaflutningareynslu byggðarlaganna og fólksfjöldaþróun. Aðferðin miðaði að því að fá fram mat íbúa á þessum þáttum búsetuskilyrða óháð öllu tali eða hugsun um búferlaflutninga eða fólksfjöldaþróun viðkomandi byggðarlags. Spurningarnar bar þannig að svarendum sem einstakar spurningar um lífskjarapætti í byggðarlaginu.

Könnun meðal brottfluttra miðaði að því að ná til fólks sem flutt hafði milli landshluta á tímabilinu frá 1992 til ársloka 1996, þ.e. milli kjördæma, nema á Höfuðborgarsvæðinu sem var meðhöndlað sem ein heild, óháð landamærum Reykjavíkur og Reykjaness. Svörun í þeirri könnun er sýnd í töflu 2.

Tafla 2

Heimtur:

Könnun meðal brottfluttra 1992-96

	Þýði, hlutfallsleg skipting	Svarendur, hlutfallsleg skipting
Höfuðborgarsvæði	73	71
Suðurnes	3,5	3,9
Vesturland	3,5	3,1
Vestfirðir	2,6	2,9
Norðurland vestra	2,6	2,8
Norðurland eystra	5,6	5,1
Austurland	3,4	4,6
Suðurland	5,7	6,6

Þýðið er óvenjulega samsett, með stóran hluta af Höfuðborgarsvæðinu, vegna þess að þeir sem flytja milli byggðarlaga fara í svo stórum stíl þangað. Það er eins og vera ber, en aðalatriðið er að svarendahópurinn er nær eins samsettur, sem er forsenda fyrir því að hann geti verið dæmigerður fulltrúi þýðis þeirra sem fluttu búferlum milli landshluta á árunum 1992 til ársloka 1996. Svörunin var aðeins of lítil af Höfuðborgarsvæðinu, og heldur of mikil af Suðurlandi og Austurlandi. Þessi frávik eru þó öll vel innan viðunandi marka.

Svarendur í þessari seinni könnun voru spurðir um afstöðu til framangreindra tuttugu og fjögurra þátta búsetuskilyrða í núverandi byggðarlagi, sem og í fyrra byggðarlagi, þ.e. miðað við þann stað sem þeir bjuggu á áður en til síðasta búferlaflutnings kom. Auk þess voru þeir spurðir um félagsleg og lýðfræðileg einkenni, auk nokkurra spurninga um búferlaflutninginn sjálfan og búsetuferil.

Heimildir og hliðsjónarrit:

Allen, Kevin (1989), "The Long Term Future of Regional Policy - a Nordic View", í OECD og NordRefo, The Long Term Future of Regional Policy - a Nordic View.

Ajzen, Icek og Fishbein, Martin (1980), Understanding Attitudes and Predicting Social Behaviour (Englewood Cliffs, N.J., Prentice-Hall Inc.).

Anderson, R. og Malmberg, A. (ritstj.)(1988), Regional struktur och industriella strategier i Norden (Uppsala).

Armstrong, Harvey og Taylor, Jim (1993), Regional Economics and Policy (Hemel Hempstead: Harvester Wheatsheaf).

Björn R. Guðmundsson og Gylfi Zoëga, "Atvinnuleysi á Íslandi: Í leit að jafnvægi", í Fjármálatíðindum, árg. 44 (1997), fyrra hefti, bls. 18-39.

Bell, Daniel (1973), The Coming of Post-Industrial Society (Harmondsworth: Penguin).

Byggðastofnun (ýmis ár), Ársskýrsla Byggðastofnunar.

Byggðastofnun og Samband ísl. sveitarfélaga (1987), Hefur byggðastefnan brugðizt? (Framsöguerindi á ráðstefnu á Selfossi).

Byggðastofnun (1994), Breyttar áherslur í byggðamálum: Stefnumótandi byggðaáætlun 1994-1997 (Reykjavík: Byggðastofnun).

Carter, Harold (1995), The Study of Urban Geography (London: Arnold).

Champion, A. (ritstj.)(1983), Counterurbanization (London: Arnold).

Coleman, James S. (1994), "A Rational Choice Perspective on Economic Sociology", í Smelser, N. og Swedberg, R. (ritstj.), The Handbook of Economic Sociology (Princeton, N.J.: Princeton University Press).

Danska fjármálaráðuneytið, "Den geografiske mobilitet - De beskæftigedes mobilitet mellem forskellige arbejdsplasser og bopælsmobiliteten i Danmark", í Stamböl (1996), bls. 66-83.

Fullerton, Brian og Knowles, Richard (1991), Western Europe-Economic and Social Studies: Skandinavia (London: Paul Chapman Publishing).

Gísli Ágúst Gunnlaugsson, "Fólksfjölda- og byggðapróun 1880-1990", í Guðmundur Hálfðanarson og Svanur Kristjánsson (ritstj.), Íslensk þjóðfélagspróun 1880-1990: Ritgerðir. (Reykjavík: Félagsvísindastofnun og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands).

Gram, Leif (1988), Att välja regionalpolitik (Köbenhavn: NordRefo).

- Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon (ritstjórar)(1997), Hagskinna, (Reykjavík: Hagstofa Íslands).
- Gylfi Arnbjörnsson (1989). Iðnaður og búseta: Staðarval iðnaðar á Íslandi og svæðisbundin þróun (Reykjavík: Einkaútgáfa).
- Gylfi Arnbjörnsson (1988). "Industrins regionala omfördeling på Island 1972-1984", í Anderson og Malmberg (ritstj.), Regional struktur och industriella strategier i Norden .
- Gylfi Magnússon (1997), Internal and External Migration in Iceland 1960-94: A Structural Model, Government Policies and Welfare Implications (New Haven: Yale University).
- Hagstofa Íslands (ýmis ár). Hag tíðindi.
- Heikkilä, Elli och Jussila, Heikki (1996), "En oversikt over forskning på feltet flytting og arbeidsmarked", í Stamböl (ritstj.).
- Hirschman, A. (1958), The Strategy of Economic Development (New Haven: Yale University Press).
- Hjalti Jóhannesson (1990), Internal Migration in Iceland 1983-1987: A Study of Regional Differences (Ontario: York University).
- Hofstede, Gert (1984), Culture's Consequences: International Differences in Work-Related Values (Beverly Hills CA: Sage Publications).
- Inkeles, Alex og Smith, David (1974), Becoming Modern: Individual Change in Six Developing Countries (Cambridge: Harvard University Press).
- Jackson, J. A. (ritstj.)(1969), Migration (Cambridge: CUP).
- Johannsson, Márten. "A Brief Overview of Regional Development in the Nordic Countries", í NordREFO og OECD (1989).
- Johansson, Mats og Persson, Lars Olof (1996), Förändrade villkor för arbete och rörlighet - En svensk kunskapsöversikt för projektet Flyttningsprocesser i Norden, í Stamböl (1996).
- Jón Torfi Jónasson, Stefán Ólafsson og Örn Jónsson (1993), Menntun og atvinnulíf (Reykjavík: Sammennt).
- Jones, Huw (1990), Population Geography (London: Paul Chapman Publishing).
- Karl Sigurðsson og Stefán Ólafsson (1989), Búsetuóskir og fólksflutningar (Reykjavík: Húsnæðisstofnun ríkisins).
- Kerr, Clark o.fl. (1960), Industrialism and Industrial Man (Harmondsworth: Penguin).

- Kumar, K. (1978), *Prophecy and Progress: The Sociology of Industrial and Post-Industrial Society* (Harmondsworth: Penguin).
- Lee, E. (1966), "A theory of migration", í *Demography*, árg. 3, bls. 47-57.
- Long, L. (1988), *Migration and Residential Mobility in the United States* (New York: Russel Sage).
- McClelland, D. (1961), *The Achieving Society* (Princeton, NJ: Van Nostrand).
- Myrdal, G. (1957), *Economic Theory and Under-Developed Regions* (London: Duckworth).
- Mönnesland, Jan. "Trends in Regional Development-Main Causes of Unbalance During the 60s, 70s and the 80s", í *OECD og NordREFO* (1989), bls. 87-89.
- Norrænu hagstofurnar (ýmis ár), *Yearbook of Nordic Statistics* (Köbenhavn: Nordisk ministerråd).
- Norska Hagstofan (1977), *Flyttemotivundersökelsen 1972* (Oslo: Statistisk sentralbyrå: Samfunnsökonomiske studier, nr. 35).
- OECD og NordREFO (1989), *The Long-Term Future of Regional Policy - A Nordic View*.
- OECD (1994), *Societies in Transition* (París: OECD).
- Oscarsson, G. (1988) (ritstj.), *Regionala framtider i norden* (Helsinki: NordRefo).
- Oscarsson, G. (1989) (ritstj.), *Nordiska Huvudstäderna - Drivkrafter eller skapare av regional obalans?* (Borgå: NordRefo).
- Ravenstein, E. G. (1885), grein í *Journal of the Royal Statistical Society*, árg. 48, bls. 167-222.
- Rogers, A. (1984), *Migration, Urbanization and Spatial Population Dynamics* (Boulder, Colorado: Westview Press).
- Rokeach, M. (1968), *Beliefs, Values and Attitudes* (San Francisco: Jossey-Bass).
- Sigurður Guðmundsson (1973), *Internal Migration in Iceland* (Waterloo: University of Waterloo).
- Sowell, Thomas (1996), *Migrations and Cultures: A World View* (New York: Basic Books).
- Stamböl, Lasse Sigbjörn (ritstj.)(1996), *Flytting og arbeidsmarked i Nordiske land* (Kaupmannahöfn: Norræna ráðherranefndin, TemaNord 575), bls. 84-90.

Stamböl, L. S. (1996). "Forskning på feltet flytting og arbejdsmarked i Norge - En oversikt", í Stamböl (ritstj.).

Stefán Ólafsson (1982), "Lífskjör og landflótti: Tilraun til skýringar á búferlaflutningum frá Íslandi" (Reykjavík, fjölrit, félagsvísindadeild H.Í.).

Stefán Ólafsson (1990), Lífskjör og lífshættir á Norðurlöndum: Samanburður á þjóðfélagi Íslendinga, Dana, Finna, Norðmanna og Svía (Reykjavík: Iðunn).

Stefán Ólafsson (1993), "Innreið nútímaþjóðfélags á Íslandi", í Magnús Snædal og Turið Sigurðardóttir (ritstj.), Frændafundur (Reykjavík: Háskólaútgáfan), bls. 195-217.

Stefán Ólafsson (1993), "Þróun atvinnulífsins" og "Þróun atvinnutækifæra", tveir kaflar í bók Jóns Torfi Jónasson o.fl. (ritstj.), Menntun og atvinnulíf .

Stefán Ólafsson (1993), "Um félagsgerð nútímaþjóðfélaga", í bók Guðmundar Hálfðanarsonar og Svans Kristjánssonar (ritstj.), Íslensk þjóðfélagsþróun 1880-1990: Ritgerðir (Reykjavík: Félagsvísindastofnun og Sagnfræðistofnun).

Stefán Ólafsson (1996), Hugarfar og hagvöxtur: Menning, þjóðfélag og framfarir á Vesturlöndum (Reykjavík: Félagsvísindastofnun og Háskólaútgáfan).

Storper, M. og Walker, R. (1989), The Capitalist Imperative: Territory, Technology and Industrial Growth (Oxford: Basil Blackwell).

Stouffer, S. (1940), "Intervening opportunities: a theory relating mobility and distance, í American Sociological Review, árg. 5, bls. 845-67.

Stouffer, S. (1960), "Intervening opportunities and competing migrants", í Journal of Regional Science, árg. 2, bls. 1-26.

Thomas, Brinkley (1972), Migration and Urban Development: A Reappraisal of British and American Long Cycles (London: Methuane and Co. Ltd.).

Veggeland, Noralv (1990)(ritstj.), Regionalökonomiske modeller i Norden (Köbenhavn: NordRefo).

Veggeland, Noralv (1990)(ritstj.), Internationalisering och regional utveckling (Köbenhavn: NordRefo).

Zelinsky, W. (1971), "The hypothesis of the mobility transition", í Geographical Review, árg. 61, bls. 219-249.

Zelinsky, W. (1983), "The Impasse in Migration Theory: a Sketch Map for Potential Escapees", í bók P. Morrison (ritstj.), Population Movements: Their Forms and Functions in Unbanization and Development, IUSSP (Liège: Ordina Editions).